

Vafasöm  
dægrastytting  
lögreglumanna

„ Mér gjörsamlega  
blöskraði ”  
DAGREGLAN

Marinn og  
blár og öll  
sund lokuð

6. SEPTEMBER 2019 / 36. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# DV

TEIKNIMYNDATVÍFARAR  
STJARNANNA

# VAKNA AÐU!

# DÓPIÐ ER ÚTI UM ALLT

■ Ungt fólk fellur í hrönnum í klær eiturlyfja ■ Aðgengi að fíkniefnum aldrei verið betra ■ „Það skiptir ekki máli hvar þú byrjar, þú endar alltaf á sama stað“

## TAKK ÞIÐ!

Yfir 130 þúsund  
notendur á dag  
á [www.dv.is](http://www.dv.is)



„Blindfullt  
fólk á ekkert  
að vera  
hlusta á grín“



Barnabílstólar í úrvali  
**RECARO**

**BÍLASMIÐURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)





### Síðustu orðin

„Slappið af – þetta verður ekki sárt.“

– Lokaorð sjálfsvísbréfs bandaríska blaðamannsins og rithöfundarins Hunters S. Thompson (1937–2005). Hann svipti sig þó ekki lífi fyrr en fjórum dögum síðar.

### Á þessum degi, 6. september



Þann 6. september, árið 1620, var sleppt landfestum á skipinu Mayflower í Plymouth á Englandi. Um borð voru pílagrímar sem urðu í lok farar vestur um haf fyrstu ensku landnemarnir í Plymouth-nýlendunni í Massachusetts í Ameríku. Um var að ræða purítana sem höfðu flúið stjórnmálalega ólgu á Englandi þess tíma og farið til Hollands þar sem ríkti þokkalegur friður og umburðarlyndi á 17. öld. Þetta voru strangtrúaðir kalvínistar, en voru á skjön við aðra slíka því þeir töldu mikilvægt að söfnuður þeirra yrði að vera aðskilinn frá ensku þjóðkirkjunni. Einnig óttuðust þeir að sjálfsmynd þeirra myndi bíða skaða af áframhaldandi veru í Hollandi.

För pílagríma hófst í Delfshaven í Rotterdam á skipinu Speedwell þann 5. ágúst, 1620, og komst skipið til Southampton, þar sem Mayflower beidd með fleiri framtidarnýlendunum á leið til Ameríku. Eftir að lagt var úr höfn kom leki að Speedwell og sigldu skipin til Dartmouth þar sem gert var við lekann. Í annarri tilraun komust skipin til Plymouth og leiddi skoðun í ljós að Speedwell var ekki hæffert. Skipstjóri og einhverjir úr áhöfn skipsins voru munstraðir á Mayflower og af samanlögðum fjölda pílagríma, 120 manns, urðu 102 þess umkomnir að fara með Mayflower til Ameríku. Plymouth í Massachusetts varð önnur enska nýlenda í Ameríku sem átti góðu gengi að fagna sem slík.

# Flúði fellibyl fyrir frægðina

■ Júlíus Einar tekur þátt í risastórri hæfileikakeppni ■ „Ég er algjörlega öðruvísi en flestir“ ■ Sex milljónir og stjörnulíf í verðlaun

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Júlíus Einar Júlíusson, upprennandi, íslenskur tónlistarmaður, tekur um þessar mundir þátt í hæfileikakeppni Coast 2 Coast í Bandaríkjunum. Keppnin snýst um að finna næstu stjörnunna í tónlistarbransanum þar ytra og getur sigur í keppninni opnað margar dyr og oft dugir þátttakan ein og sér til þess. Júlíus keppti í undanúrslitum í Washington í lok ágúst og lenti í öðru sæti, en aðeins munaði 0,3 stigum á honum og þeim sem hreppti fyrsta sæti.

„Þessi keppni hefur komið mörgum þekktum tónlistarmönnum á kortið“, segir Júlíus í samtali við DV. Keppnin hefur nú þegar hjálpað þessum hæfileikaríka manni að koma sér á framfæri.

„Ég hef verið kallaður á fund hjá stóru plötufrirtæki og mun láta vita meira um það þegar nær dregur“, segir hann, en plötufrirtækið sem um ræðir er Atlantic Records. Meðal listamanna á mála hjá frirtækinu eru Bruno Mars, Cardi B, Coldplay, Ed Sheeran og Sia.

### Grátandi börn og hrikalegir jarðskjálftar

Júlíus er vongóður um að komast alla leið í úrslitin í keppninni. Fellibylurinn Dorian hefur hins vegar sett sitt strik í reikninginn. Úrslitavöldið átti að vera síðasta sunnudagskvöld en var fært fram í nóvember vegna fellibyljarinnar. Júlíus segir það hafa verið afar sérstakt að sjá hræðsluna sem greip um sig þegar Dorian nálgadist land en hann flúði frá Miami til Washington áður en fellibylurinn



Óhræddur Júlíus fylgir sínum draumum. Mynd: Úr einkasafni

fór yfir Flórída.

„Vatn var að klárast, bensín búið á flestum bensinstöðvum og fólk var byrjað að birgja sig upp af matvælum. Ég heyrði í foreldrum sem keyra hjá Uber tala við grátandi börnin sín og reyna að róa þau niður. Áður en ég fór til Washington var ég mjög nálægt þeim stað sem hann átti að lenda og ég heyrði í þrumum sem búa til jarðskjálfta sem finnast langar leiðir – eitthvað sem ég hef bara séð í bímyndum.“

### Klárar með stæl

Sama hvernig fer í nóvember stefnir Júlíus á frama í tónlistinni – markmið sem hann hefur unnið að lengi, hægt og hljótt. Það er miklið í húfi, enda fær sigurvegurinn í Coast 2 Coast ekki aðeins plötusamning heldur einnig fimmtíu þúsund dollara peningaverðlaun, rúmar sex milljónir króna.

„Ég er algjörlega öðruvísi en flestir í þessari keppni og sé fram á bjarta tíma í tónlistarbransanum miðað við hvernig mál standa núna. Þetta er eitthvað sem ég hef alltaf beðið eftir og ég mun einbeita mér að því að klára þetta með stæl.“ ■



Stórir draumar Júlíus stefnir hátt. Mynd: Úr einkasafni

## Hvað er Coast 2 Coast?

Keppnin er það sem er kallað „showcase“, sem þýðir í raun bara sýning á íslensku, fyrir listamenn og talin sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Forsvarsmenn keppinnar ferðast um gervöll Bandaríkin til að finna næstu tónlistarstjörnunna í hvaða tónlistargrein sem er.

Heimsþekktir dómara eru fengnir til að fylgjast með keppninni í gegnum netið og kjósa stafrænt. Hver sem er getur tekið þátt í Coast 2 Coast og þurfa tónlistarmenn einungis að senda inn tónlist sína í gegnum vefsíðu keppinnar.

## 5 Fimm skipti sem klæðaburður Guðna Th. stal senunni

Forlata armband sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bar á fundi við Mikes Pence, varaforseta Bandaríkjanna, stal heldur betur senunni í vikunni en þetta er langt frá því í fyrsta sinn sem klæðaburður forsetans hefur vakið eftirtekt.

### 1. Buffaður

Hver getur gleymt buffinu sem klauf þjóðina í tvennt? Nokkrum vikum eftir að Guðni settist í embætti forseta mætti hann á afhjúpun á upplýsingaskilti um gamlar minjar á Skansi í landi Bessastaða. Skiltið féll hins vegar alveg í skuggann á buffinu sem Guðni bar á höfðinu, en höfuðfatið var gjöf til styrktar Alzheimer-samtökunum. Margir slógu því föstu að þetta væri í fyrsta sinn sem forseti sæist með buff og sitt sýndist hverjum um þessa tísku.



### 2. Næst komu sokkar

Á alþjóðlega Downs-deginum árið 2017 skipti Guðni buffinu út fyrir mislita sokka, en það er síður að ganga í mislitum sokkum á þessum degi til að sýna samstöðu með fólki með Downs-heilkennið um heim allan. Sokkavalið varð talsvert minna umdeilt en buffið, en Guðni hefur verið þekktur fyrir að nota litrík bindi og sokka, oft fatnað sem börnin hans velja, enda mikill fjölskyldumaður.

### 3. Meðaljón

Dagana eftir að Guðni var kjörinn forseti Íslands sást hann ídelega hjóla með börnunum sínum í skólann og þá í alþjóðlegum klæðnaði, eitthvað sem Íslendingar eru ekki vanir. Þá sást hann jafnframt meðal almúgans að sækja pítsu á Domino's nokkrum vikum eftir að hann varð forseti, sem þótti merkilegt. Ekki þó jafn merkilegt og stóra „ananas á pítsu“-málið sem ætlaði að ganga af sumum addáendum Hawaii-an-pítsunnar dauðum.



### 4. Konan á bak við manninn

Mynd í Víkurfréttum fyrir stuttu vakti talsverða athygli á samfélagsmiðlum en um var að ræða kveðju frá bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Kjartani Má Kjartanssoni, til forsetahjónanna þar sem þeim var þakkað fyrir opinbera heimsókn í bæinn. Myndin sýndi forsetahjónin hvort með sína svuntuna en það var áletrunin á þeim sem gerði allt vitlaust. „Fyrirmynd okkar allra“ stóð á svuntu Guðna en á svuntu Elizu Reid forsetafrúar stóð: „Konan á bak við manninn“.

### 5. Flottur jakki

Þá gladdi Guðni marga þegar átakið Mottumars hófst í fyrria þegar honum var afhentur jakki í rakarastofustíl, einn af fjórum sem hannaðir voru sérstaklega fyrir auglýsingu Rakarakvartetts Mottumars. Guðni auðvitað vippaði sér strax í jakkann sem og Mottumars-sokkana og kallaði það fram bros á andlitum margra.





**KRÍA**

**HJÓLANDI Í 10 ÁR**

**SKEIFAN 11B // KRIAHJOL.IS**





**LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG  
KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI.  
ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.**



**LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á  
SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS  
MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA  
FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937  
HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ  
VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER  
ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG  
VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.**



**SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS**

# Anna Hulda berst fyrir bróður sinn

■ Maður með skert jafnvægisskyn vistaður á annarri hæð í lyftulausu húsi  
 ■ Hætt að telja heimsóknir á sjúkrahúsið ■ Algjört úrræðaleysi

Íris Hauksdóttir  
 iris@dv.is



Þroskahamlaður og flogaveikur maður hefur búið á sambyli í fjögur ár við algjörlega óviðunandi aðstæður. Systir mannsins, Anna Hulda Ólafsdóttir, segist hafa miklar áhyggjur af öryggi bróður síns, Þórs Ólafssonar, en hann er með skert jafnvægisskyn og notar göngugrind sér til stuðnings.

Íbúðin er á annarri hæð í lyftulausu húsnæði og því á miklum erfiðleikum með að komast upp og niður stigana. „Þetta átti að verða tímabundið húsnæði og Þór var strax settur á biðlista eftir íbúð með því aðgengi sem hann þarfnast,“ segir Anna Hulda í samtali við blaðakonu og heldur áfram. „Síðan þá hefur honum verið synjað síendurtekið af útlutunarnefnd velferðarsviðs. Við skiljum ekki hvað veldur en það er ljóst að þessu verður að breyta. Nú á einum mánuði hefur hann þrisvar þurft að leita sér aðstoðar á spítala, en í þessari viku féll hann í stiganum og fótbrotnaði. Þar að auki hefur hann dottið tvisvar fyrir utan hjá sér og þurft að láta sauma og líma sig saman. Hann hefur dottið svo oft á þessu ári að ég er fyrir löngu búin að missa töluna.



Tvisvar sinnum blæddi inn á heila og þurfti hann í kjölfarið innlög á spítala í einhverja daga.“

#### Pungbær dauðsföll

Þór fæddist árið 1970, heilbrigður og flottur strákur, en fékk heilahimnubólgu áður en hann komst heim af sjúkrahúsinu. „Mamma og pabbi þurftu að ganga í gegnum mjög erfiða tíma, en þegar ljóst var að íslensku læknarnir gátu ekki hjálpað Þór



för mamma með hann til Danmerkur þar sem hann gekkst undir frekari rannsóknir. Niður-

stöðurnar voru engu að síður þær sömu og mömmu tjáð að hún hefði komið of seint með barnið svo hægt væri að koma í veg fyrir heilaskemmdir. Þór hafði meðal annars hlotið ventíl í höfuðið sem orsakar skert jafnvægisskyn og fullyrta læknar að hann myndi aldrei geta hjólað eða skíðað. Það segir mikið um hans baráttuhug að hann hefur afrekað hvort tveggja þótt hann geti það ekki í dag. Hann gefst nefnilega ekki upp á því sem hann hefur ákveðið.

Þór er mikill dýravínur og til margra ára var hundurinn Caspar hans besti vinur. Saman brölluðu þeir margt sniðugt og það reyndist honum mjög erfitt þegar hundurinn kvaddi þessa veröld. Hann átti líka einstakt samband við nöfnu mína, móðurömmu sína, en hún lést árið 2017. Hann heimsótti hana daglega öll þau ár sem þau áttu saman en hann og mamma voru sömuleiðis afar nán. Hún dó árið 2010 og það má segja að þessi þrjú dauðsföll hafi reynt mikið á hann. Eftir að mamma dó gerðum við pabbi okkar besta til að finna gott sambyli fyrir hann en ekkert gerðist þrátt fyrir þrýsting frá okkur á hverjum einasta mánuði í nokkur ár. Það var ekki fyrr en pabbi fékk hjartaáfall og þurfti að fara í uppskurð að Þór fékk loksins íbúðina við Ránargötu, þar sem hann er núna en það er hugsað sem áfangenheimili, alls ekki fyrir fólk að dvelja langdvölum.“

#### Hefur hrakað mikið

„Umsókn hans um annað úrræði hefur því legið í þjónustumiðstöðinni síðan árið 2015 án þess að nokkuð sé gert. Á þessum tíma hefur honum hrakað mikið enda er aðbúnaðurinn alls ekki viðunandi. Aðgengi að salerni er til dæmis mjög þröngt og hann getur illa komið sér sjálfur fram úr rúminu og ljóst sé að hann þurfi sjúkrarúm. Það kæmist þó aldrei fyrir í þessu litla rými. Það er því margt annað en bara stígin sem er að valda honum erfiðleikum en ég fæ illt í magann að hugsa um hann fara upp og niður þessar tröppur. Hann er ekki bara að detta af því hann býr á annarri hæð, en sú staðreynd gerir allt engu að síður enn erfiðara. Ástæðan sem okkur er gefin fyrir úrræðaleysi er sú að ekkert húsnæði sé til staðar. Staðreyndin er engu að síður sú að hann þarf að geta fengið aðstoð allan sólarhringinn, bæði ef hann dettur og liggur einhvers staðar ósjálfbjarga, en einnig til að aðstoða hann við svo margar aðrar grunnþarfir. Það er ljóst að þessu þarf að breyta og við erum hvergi nærri hætt að berjast fyrir bróður minn.“

Meðfylgjandi myndir eru allar mjög nýlegar og með því að deila þeim vill Anna Hulda benda á alvarleika málsins. ■

## 20% afsláttur af öllum Nomad hundabúrum



**gæludýr.is**

# TAKK ÞIÐ!

Yfir 130 þúsund notendur á dag  
á [www.dv.is](http://www.dv.is)



Fjöldi Íslendinga sem aftar sér upplýsinga, les áhugaverðar greinar og athyglisverðar fréttir í DV, á [dv.is](http://dv.is) og undirmiðlum, hefur aukist jafnt og þétt að undanförunu. Nú fara rúmlega 130 þúsund notendur inn á [dv.is](http://dv.is) á degi hverjum samkvæmt vefmælingum Gallup og fer vefurinn sífellt stækkandi.

Um leið og við viljum þakka lesendum stuðninginn þá viljum við jafnframt fullvissa þá að við erum hvergi nærri hætt. Við höldum áfram að stækka, auka framboð okkar af fréttum og afþreyingu og þjónusta Íslendinga á ýmsa vegu, bæði á netmiðlum okkar sem og vikulegu blaði sem á afar dyggan lesendahóp.

**Þú last það fyrst hér!**

## Sandkorn



## Misskilið armband

Það var fátt fyrirferðarmeira í fréttum í vikunni en Íslandsheimsókn Mikes Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Meðal þess sem Pence gerði þessar nokkru klukkustundir á landinu var að funda með forseta vorum, Guðna Th. Jóhannesyni. Glöggir einstaklingar tóku eftir litríku armbandi sem Guðni bar á fundinum. Stukku margir á vagninn og töldu þetta regnbogaarmband, skýra stuðningsyfirlýsingu við hinsegin fólk sökum þess að varaforsetinn hafi lýst yfir andúð sinni í garð LGBTQI+ samfélagsins. Meðal þeirra sem hrósaði Guðna fyrir samstöðuna var stjórn málafræðingurinn Baldur Þórhallsóttur. Hins vegar var armbandíð alls ekkert regnbogaarmband, heldur armband til styrktar Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, en faðir Guðna lést úr þeim skæða sjúkdómi þegar að Guðni var táníngur.

## Skilaboð í litum

Annað sem vakti athygli við heimsókn Mikes Pence var fata-val forsetafrúarinnar Elizu Reid, annars vegar, og forsætisráðherra Katrínar Jakobsdóttur, hins vegar. Í Stundinni var því velt upp að Eliza hafi sent Mike Pence þögul skilaboð með því að klæðast hvítri buxnadrátt, til heiðurs baráttukonum fyrir jafnrétti og senda skýr skilaboð til varaforseta Bandaríkjanna: að leggja þyrftu áherslu á jafnréttismál. Katrín klæddist hins vegar fagurbláum kjól á fundi sínum með Pence, en sá litur táknar tryggð og er talinn vera sá besti til að ná sínu fram á erfiðum fundum. Blár hefur róandi áhrif á fólk og lætur fólk í kringum þann sem klæðist litnum líða vel.



## Hamra skal járníð meðan það er heitt

Erik Hamrén stappar stálinu í strákana okkar sem taka á móti moldóvska landsliðinu á laugardaginn.

MYND: EYDÓR ÁRNASON

## Þá og nú

## Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is

Hingað á DV fyrr í vikunni bárust fagnaðartíðindi úr vefmælingum Gallup. Í þeim kom í ljós að rúmlega 130 þúsund notendur skoða dv.is á degi hverjum að meðaltali. Vorum við aðeins tvö hundruð einstaklingum frá því að slá nýtt met. Þó sárt sé að hugsa til þess hve nálægt við vorum þá er samt ótrúlegt að hugsa til árangursins sem náðst hefur.

Notendum DV hefur fjölgað um helming ef við lítum tæp tvö ár aftur í tímann og það er margt sem spilar inn í þá velgengni. Lykillinn að velgengninni er auðvitað fólk í á gólfinu sem hamrar á lykkaðan daginn, tekst á við erfið mál, skemmtileg mál og furðufréttir og lætur aldrei deigan síga.

Það hefur vakið mig til umhugsunar um hvernig fjölmiðlaheimurinn hefur breyst þau sextán ár sem ég hef starfað í honum. Þótt ég sé lítið fyrir það að dvelja í fortíðinni og bera saman mismunandi tímabil í mínu lífi þá geri ég það óhjákvæmilega þegar ég fer yfir feril minn í fjölmiðlum og hvernig landslagið hefur breyst.

Í dag virðast kröfur almennings til fjölmiðla breytast frá degi til dags. Við megum ekki vera of lin við suma en samt ekki ganga of hart fram. Við verðum að segja ítarlega frá einu svínariinu en segja sem minnst um annað. Við eigum að grafa, en ekki of djúpt. Við eigum að vera pínulítið flippuð – en ekki of mikið. Við eigum að nafngreina suma og aðra ekki. Ólíkt því sem gerist og gengur á fjölmiðlum þá virðist almennungur ekki vera búinn að fastmóta einhverjar ákveðnar síða- eða verkreglur sem þeir vilja að fjölmiðlar fari eftir, einhverja línu sem eigi að dansa

á. Þessi lína sveiflast eins og lauf í vindinum. Fjölmiðlar eru nefnilega ekki upplýsingamiðstöð. Þeir segja fréttir sem eiga erindi við almenning. Þessar fréttir eru oft ekki fallegar eða þægilegar en þær verður að segja.

Þetta er almennungur. Opinberar stofnanir og aðilar eru síðan allt annar handleggur. Sú breyting sem ég hef skynjað og upplifað á samskiptum þessara aðila og fjölmiðla núna og fyrir sextán árum er enn meiri. Og grafalvarleg. Í raun mikið umhugsunarefni. Það gerist sí og æ að fjölmiðlum er neit að um upplýsingar, það dregið að veita þær svo lengi að þær nánast gleymast og grafið undan trausti almennings til fjölmiðla með alls kyns þöggunartilburðum. Svo er stundum tekið upp persónuverndarspjaldið og vonað að gruggug mál sökkuvi ofan í síkið.

Hraðinn, álagið og stuðið hefur samt ekkert breyst. Forvitni er það sem drífur fólk áfram og tilfinn-

ingin þegar góð frétt, frábært viðtal eða magnaðar fréttaskýringar fæðast er ólýsanleg. Það er það sem heldur fólk í þessu fagi og smitar það af þessari alræmdu bakteríu.

Æ oftar sé ég því fleygt fram á samfélagsmiðlum í umræðu um fjölmiðlafólk að það sé harðbrjóst og geri í því vísitandi að koma illa við fólk. Það virðist vera það útbreitt álit að það veldur mér nokkrum áhyggjum. Ég er stolt af því að vinna í fjölmiðlum og ég hef gaman af vinnunni minni enn þann dag í dag, eftir sextán ár í starfi. Það er enn jafn gaman að landa fréttum og viðtölum og það er enn jafn stórkostlegt að bæta heimsóknarmet dag eftir dag. Þó að allt annað í kringum mig breytist þá hef ég allavega alltaf það.

Takk lesendum DV fyrir að halda okkur við efnið og láta í ykkur heyra. ■

## Spurning vikunnar

Hvað fannst þér um komu Mikes Pence til landsins?



„Stórmerkilegt.“

Pétur Már Sigurðsson



„Mér er í rauninni alveg sama, en það er fánáleglegt að öllu hafi verið lokað.“

Guðlaugur Darri Pétursson



„Að mínu mati eru viðhorf Mikes Pence, sem speglast í umsögnum hans í gegnum tíðina, gamaldags. Við Íslendingar erum hins vegar mjög flott og framúrskarandi í réttindabaráttu fólks og það sýnir sig best í þessum gjörningi. Mér fannst þetta mjög flott hjá Advania. Hróst til Advania!“

Rósa Birna Þorvaldsdóttir



„Bara glatað, hefðum ekkert átt að fá hann í heimsókn. En regnbogafánarnir voru frábærir.“

Erla Hlynsdóttir





**M  
EAT**

**REYKJAVÍK**

**5 RÉTTA VEISLA Á 6.990 KR.-**  
**Komdu og fagnaðu með okkur á**  
**REYKJAVÍK MEAT**  
**1 árs afmælinu okkar**  
Dagana 5. til 14. september

Purushottam er farinn aftur til Nepal.



MYND: HANNA ANDRÉSDÓTTIR

# Sjóðir Gildis gildna með óskilariðgjöldum

■ Útlendingar utan EES fá ekki endurgreidd iðgjöld þrátt fyrir lagaheimild  
■ Segja útlendinga hafa misnotað heimildina

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Fyrstu málgrein 16. gr. samþykktu Gildis lífeyrissjóðs hefur um árabíl mátt finna heimild til að endurgreiða ríkisborgurum ríkja utan EES iðgjöld þegar þeir flytja frá Íslandi. „Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. [...] Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld til ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES).“ Er um lögfasta heimild að ræða og nýta margir lífeyrissjóðir landsins sér hana.

## Misvísandi upplýsingar á heimasíðu

Í svari Gildis við fyrirspurn blaðamanns segir að þrátt fyrir heimildina hafi stjórnin tekið ákvörðun fyrir sex árum um að nýta hana ekki. „Stjórn Gildis ákvað árið 2013 að hætta að nýta heimildarákvæði þess efnis í lögum og samþykktum sjóðsins. Þar með hafa allir sjóðfélagar sömu réttindi, sem eru að þeir geta hafið töku ellilífeyris við sextú ára aldur.“

Þrátt fyrir ítarlega leit gat blaðamaður hvergi á heimasíðu Gildis fundið upplýsingar um þessa ákvörðun, þvert á móti fann blaðamaður aðeins áður nefnt heimildarákvæði sem birtist síðast í samþykkt stjórnar frá aðalfundi þessa árs. Ríkisborgarar utan EES geta því ekki fengið iðgjöld endurgreidd, þrátt fyrir lagaheimild, þrátt fyrir heimild í samþykktum, og geta með engu móti nálgast þessar upplýsingar fyrirfram til að geta tekið upplýsta ákvörðun um hvaða lífeyrissjóð þeir greiða í. Jafnframt gerir Gildi



þeim ekki grein fyrir þessu er þeir hefja greiðslur í sjóðinn. Engu að síður er það mat Gildis að réttindi sjóðfélaga komi með skýrum hætti fram á heimasíðu þeirra.

„Samþykktir stjórnar eru birtar í heild á heimasíðu Gildis eins og á heimasíðum allra lífeyrissjóða. Hjá Gildi birtist þá umrætt heimildarákvæði sem hluti af samþykktum. Sjóðurinn leggur á heimasíðu sinni áherslu á að birta upplýsingar um hvaða réttindi standa sjóðfélögum til boða. Síðan hefur margoft verið yfirfarin og þykir sýna á skýran hátt hvaða réttindi sjóðfélagar eiga hjá Gildi.“

## Stapi finnur ekki 2.000 sjóðfélaga á eftirlaunaaldri

Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs hjá Stapa lífeyrissjóði, greindi frá því nýlega að hætta sé á að erlendir ríkisborgarar fari á mis við réttindi sín í lífeyrissjóðum ef þeir sækja ekki rétt sinn. Um tvö þúsund sjóðfélagar Stapa á eftirlaunaaldri eru búsettir

erlendis og hafa ekki sett sig í samband við sjóðinn, og sjóðurinn veit ekki um aðsetur þeirra.

Þá benti Jóna einnig á að Stapi bjóði erlendum ríkisborgurum utan EES að fá iðgjöld endurgreidd við brottflutning, þó svo margir virðist ekki gera sér grein fyrir þessum rétti sínum. Stapi má ekki nota iðgjöld þeirra sem ekki finnast í þágu annara sjóðfélaga, þar sem ekki er vitað hvort fólk sé lífs eða liðið. Í samtali við fréttastofu RÚV sagði Jóna að hún vildi gjarnan sjá meiri samvinnu milli lífeyrissjóða, Tryggingastofnunar og Þjóðskrár til að halda utan um þessa einstaklinga og þeirra rétt.

## Margir misnotuðu heimildina

Gildi nýtti heimildina fyrir árið 2013 og segir að erlendir ríkisborgarar hafi misnotað hana: „Þegar erlendir ríkisborgarar utan EES höfðu heimild hjá Gildi til að fá iðgjöld sín endurgreidd átti það að gerast þegar þeir fluttu af landi

brott. Þeir þurftu að sýna fram á fyrirhugaðan flutning meðal annars með því að framvísa flugmiða. Raunin var að margir úr þessum hópi misnotuðu heimildarákvæðið og fengu slíka endurgreiðslu ár eftir ár. Í einhverjum tilfellum var um að ræða einstaklinga sem voru og eru enn búsettir á Íslandi og eru í dag með mjög skert réttindi í lífeyrskerfinu, með tilheyrandi aukaálagi á almanna-tryggingakerfið.“

Í dag reynir Gildi að koma til móts við erlenda sjóðfélaga með öðrum hætti, svo sem með því að bæta upplýsingagjöf, bjóða upp á upplýsingar á ensku á heimasíðunni og senda út yfirlit á fleiri tungumálum en íslensku.

## Verða sjálfir að sækja um greiðslur

3.621 ríkisborgari utan EES hefur á síðustu tíu árum greitt iðgjöld til Gildis. Ef greiðendur hafa flust af landi brott og Gildi hefur ekki upplýsingar um aðsetur þeirra fá þeir ekki greitt frá sjóðnum. Blaðamaður spurði enn fremur hvort sjóðurinn hefði, líkt og Stapi, lent í erfiðleikum við að hafa uppi á erlendum sjóðfélögum þegar þeir ná lífeyrisaldri.

„Gildi lítur þannig á að sjóðfélagar beri sjálfir ábyrgð á að sækja rétt sinn hjá sjóðnum. Tvisvar á ári eru send yfirlit til virkra sjóðfélaga um stöðu þeirra og síðan fá allir þeir sem eiga réttindi hjá sjóðnum bréf við 60 ára aldur þar sem minnt er á að þeir geti nú hafið töku lífeyris. Því til viðbótar fá þeir sjóðfélagar sem ekki hafa hafið töku lífeyris bréf frá sjóðnum við 67 ára aldur og síðan við 70 ára aldur hafi taka lífeyris enn ekki hafist. Slík bréf eru send á alla þá sem sjóðurinn hefur upplýsingar um heimilisfang hjá, sama hvar í

heiminum viðkomandi býr.“

Í þeim tilvikum sem sjóðfélagi sækir ekki um greiðslur þá nýtist inneign viðkomandi til að bæta stöðu annarra sjóðfélaga.

„Gildi er lífeyrissjóður og heildareign sjóðsins er notuð til grundvallar þegar tryggingafræðileg staða hans er reiknuð út, sem að endingu sýnir getu sjóðsins til að greiða sjóðfélögum lífeyri. Ef einhver sækir ekki rétt sinn í sjóðinn, af hvaða ástæðu sem það kann að vera, er inneign hans hluti af útreikningum um tryggingafræðilega stöðu og nýtist því til að bæta rétt annarra sjóðfélaga. Þannig skiptast réttindi viðkomandi milli annarra sjóðfélaga eins og gerist í öllum samtryggingarkerfum.“

## Lífeyri í óskilum

Purushottam Ghimire frá Nepal var nýlega synjað um dvalarleyfi á Íslandi, eftir fjögurra ára búsetu. Hann hafði fengið þær upplýsingar að þar sem hann væri frá ríki utan EES þá ætti hann rétt á að fá iðgjöld sín aftur. Engar upplýsingar voru honum aðgengilegar um að sjóðurinn hans, Gildi, byði ekki upp á þetta. Purushottam er floginn aftur til Nepal, hann veit ekki hvar hann ætlar að búa þar, svo það er ómögulegt fyrir hann að gefa Gildi upp heimilisfang. Eins er ólíklegt að hann muni búa á sama staðnum næstu 35 árin, eða þar til hann á rétt á að fá greitt frá Gildi. Margir þeir erlendu verkamenn sem koma til Íslands gagnert til að vinna hér tímabundið eru sjóðfélagar í Gildi. Hluti þeirra kemur frá ríkjum utan EES. Nú þegar hefur einn sjóður, Stapi, greint frá því að torvelt reynist að skila lífeyrisgreiðslum til þessara manna eftir að þeir ná aldri. Því má leiða líkur að því að eins sé farið með sjóðfélaga Gildis. ■



# VAKNAÐU!

**Þú átt bara eitt líf**

Neysla vímuefna og misnotkun lyfja færast sífelld í aukana meðal barna og ungmenna. Yngri börn en áður eru að fíkta og aðgengi að hættulegum efnum er grátlega auðvelt. Við verðum að vakna! Vakna sem foreldrar, systkini, vinir, kennarar, ömmur og afar, frænkur og frændur. Vakna sem þjóð!

Styrkjum stórefldar forvarnir fyrir börn og ungmenni með því að kaupa **Á allra vörum** varasettið eða hringja í styrktarnúmer átaksins.

**907 1502**  
2.000 kr.

**907 1504**  
4.000 kr.

**907 1506**  
6.000 kr.

**907 1508**  
8.000 kr.

**907 1510**  
10.000 kr.



# Ein get ég þetta, en alein get ég þetta ekki

Saga náði botninum á götunni eftir að mamma hennar henti henni út - Fagnar tveggja ára edrúafmæli - „Ábyrgðin liggur alltaf hjá mér”

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Saga Ýr Nazari var nýskriðin á kynþroskaskið þegar hún byrjaði að drekka áfengi. Nokkrum árum síðar tóku eitruyf við og fyrr en varði lá leiðin hratt niður á við. Stuttu

áður en Saga varð níttján ára ákvað hún að fara í meðferð. Hún var þá heimilisláus, búin að lenda í alls kyns hremmingum og leið eins og hún væri einskis virði. Í enda þessa mánaðar fagnar Saga tveggja ára edrúafmæli sínu og er þakklát fyrir það litla í lífinu. Hún er stolt af íslensku þjóðinni og

hvernig hún tekst á við fíknivandann og er jafnframt stolt af því að geta verið fyrirmynd þeirra sem þrá vímuðust líf.

„Þetta þróaðist þannig hjá mér að ég byrjaði tiltölulega ung og áfengi var fyrsti vímuðjafinn minn. Það sem ég held að ég og allir fíklar eða alkóhólistar eigum sam-

eiginlegt er að ég varð háð því að komast í hugbreytandi ástand. Það skipti engu máli hvort það var kannabis, áfengi eða eitthvað annað - bara að aftengjast aðeins. Fá frelsi frá daglegu lífi. Neyslusaga hjá öllum er mismunandi en hjá mér þá byrjaði þetta með áfenginu. Þetta þróaðist rosalega hratt hjá mér. Ég dáðist strax að þessu kæruleysi. Í byrjun fannst mér ég geta verið ég sjálf undir áhrifum. Ég var minna feimin, ég var fyndnari, félagslyndari. Um leið og rann af mér daginn eftir hugsaði ég: Hvenær getum við gert þetta næst? Ég greip öll tækifæri til að drekka aftur, ég drakk mikið og helst í „blackout“. Mér fannst það geggjað. Ef ég ældi þá ældi ég og hélt áfram. Mér fannst allt í kringum þetta mjög aðlaðandi,” segir Saga. Þegar leiðin lá í menntaskóla byrjaði hún að neyta fíkniefna. Fyrst var um helgarneyslu að ræða en samhliða henni byrjaði hún að reykja kannabis á virkum dögum, því það var „viðurkennt“ af jafnöldrum hennar. Fyrst um sinn dró hún sig hins vegar stundum í hlé og tók sér pásu frá vímuðfnum - þegar henni fannst hún missa stjórnina á neyslunni.

„Ég dró mig til hliðar ef ég gerði eitthvað óvenju stjórnlaust og tók eftir því að ég var farin að brjóta einhver prinsipp sem ég ætlaði mér aldrei að brjóta. Mörkin hjá sjálfri mér færðust alltaf lengra og lengra í burtu og ég byrjaði að brjóta alls konar persónulegar reglur og gildi sem ég var með. Það var hins vegar aldrei tímaspursmál hvort ég myndi byrja aftur, heldur hvenær. Ég var bara háð því að finna fyrir þessari aftengingu.“

## Alltaf ófullnægð

Saga hafði aldrei fengið fræðslu

um einkenni fíknar og alkóhólisma, heldur eingöngu afleiðingar þess. Hún telur þann skort á fræðslu hafa leikið hlutverk í því að hún hafði ekki þekkingu til að takast á við hann - að taka í taumana.

„Í mínu tilviki varð neyslan verri og verri. Ég náði kannski að draga mig í hlé í smá tíma en þegar ég dró mig í hlé, og mér finnst það einkenna alkóhólisma sem hafa ekki fengið fræðslu á sínum sjúkdómi, þá var ég ófullnægð. Ég varð alkóhólismi á öðrum sviðum í staðinn. Ég varð öfgasjúk í vinnu, ég fór í skóla, ég var í þrjá klukkutíma í ræktinni á dag og ég misnotaði ljósabekki. Ég var alltaf að reyna að laga mig með veraldlegum hlutum því ég var ófullnægð. Ég var að reyna að sækjast í heilbrigða, veraldlega hluti sem áttu að fylla upp í eitthvað sem annars áfengi og vímuðfni hefðu átt að fylla upp í. Ég var alveg jafn óhamingjusöm þá og þegar ég var í neyslu. Ég held að það hafi „mindfuckað“ mig mest á þessum tíma því ég skildi ekki að ég væri að taka ákvörðun um að vera edrú og gera allt sem ég hélt að manneskja gerði til að öðlast hamingju og flæði í lífinu, en ég var samt ófullnægð.“

## Hent út

Saga trúir að fíkn og alkóhólismi sé fjölskyldusjúkdómur og segir að sjúkdómurinn sé áberandi í hennar fjölskyldu, þótt foreldrar hennar séu ekki alkóhólistar. Hún segir flesta, ef ekki alla, fíkla finna botninn á einhverjum tímamarki. Hún sjálf fann botninn á götunni.

„Áður en ég vissi af gat mamma mín ekki meir, henti mér út og klippti á naflastrenginn. Ég er henni mjög þakklát fyrir það. Ég veit að maður getur ekki ætlast til að allir foreldrar geri það og ég veit

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



# „EF ÞÚ ERT Í NEYSLU NÚNA ÞÁ ERTU AÐ TAKA ALLT“

■ Þættirnir Óminni fjalla um fíknivanda ungmenna ■ Aðgengi að fíkniefnum aldrei betra

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Sólrun Freyja Sen og Eyþór Gunnlaugsson eru meðal þeirra sem standa að gerð þáttanna Óminni sem sýndir eru í opinni dagskrá á Stöð 2 á þriðjudagskvöldum. Þættirnir eru þrjú talsins en fólkið á bak við þættina hefur unnið mikið með forvarnarstarfinu Eitt líf og tekur virkan þátt í árveknisátakinu Á allra vörum sem í ár vinnur að því að stórefla fræðslu og forvarnarstarf til að upplýsa almenning um þær hættur sem fylgja fíkniefnaneyslu.

Eitt líf var komið á legg í kjölfar andláts Einars Darra í maí í fyrra og hugmyndin að Óminni kviknaði einnig eftir andlát hans, en Kristján Ernir, einn af framleiðendum þáttanna var vinur Einars.

„Ég og Kristján Ernir vorum með síðu sem heitir Babl, sem var hugsuð sem fréttamiðill fyrir ungt fólk. Við töluðum mikið um fíkniefnavanda ungs fólks, sérstaklega eftir að Einar Darri lést. Í kjölfarið fæddist hugmynd um að gera þætti um þessi efni, sem eru vinsæl í dag. Okkur fannst eins og það þyrfti að uppfæra forvarnarfræðslu og að foreldrar þyrftu að uppfæra þekkingu sína því í dag snýst þetta ekki bara um kókaín og spítt. Það eru önnur efni sem eru líka vinsæl og fólk þekkir ekki einkenni neyslu þeirra,“ segir Sólrún.

## Ekki aumingjar

„Þættirnir fjalla um vímuefnavandann á Íslandi og fyrsti þátturinn fjallaði um efnislega heiminn; hvaða efni eru vinsæl í dag, hvernig sölukerfið virkar, handrukun og svoleiðis. Annar þáttur fjallar um hvernig fíknisjúkdómurinn þróast, hvernig neyslan þróast. Í þriðja þætti förum við yfir þau áföll sem fólk verður fyrir í neyslu og reynum að útskýra að þessi áföll verða ekki til þess að þú hættir í neyslu,

heldur hafa þau áhrif að neyslan verður harðari,“ bætir hún við um þættina Óminni. Eyþór segir enn fremur að þættirnir reyni að brjóta niður úrsérgengnar staðalímyndir um fíkla.

„Gamli hugsunarhátturinn gengur út á að þetta séu allt aumingjar, en aðgengi að fíkniefnum er svo mikið í dag að það geta allir lent í þessu,“ segir hann.

## Skiptir ekki máli hvar þú byrjar

Þættirnir eru alfarið styrktir af styrktarsjóðnum Hringfara sem hefur það að markmiði að efla forvarnarverkefni vegna fíkniefnaneyslu ungs fólks. Þættirnir tóku lengri tíma í vinnslu en reiknað var með og tóku ákveðnum breytingum í ferlinu.

„Við byrjuðum á því að taka viðtöl við 36 ónafngreinda einstaklinga sem eru með fíknisjúkdóm og hafa verið í harðri neyslu. Við enduðum með 24 tíma af myndefni og skrifuðum síðan handritið út frá þessum frásögnum. Það sem kom okkur á óvart var að þessir einstaklingar voru jafn mismunandi og þeir voru margir. Þeir komu af mismunandi heimilum en samt var frásögn allra þessara fíkla á þá leið að þegar sjúkdómurinn þróast hjá þeim verða þau sama manneskjan og upplifa það sama. Þá fyrst fengum við að upplifa að þetta er sjúkdómur sem hefur sín einkenni,“ segir Eyþór. „Fyrst ætluðum við að einblína á efnin en síðan komumst við að því að það skiptir ekki máli hvar þú byrjar, þú endar alltaf á sama stað,“ bætir Sólrún við.

## Dóp á samfélagsmiðlum

Eyþór þekkir þennan heim af eigin reynslu og segir hann hafa breyst gríðarlega mikið síðustu áratugina.

„Ef við berum saman fíkniefnaheiminn í dag og það sem áður var þá var þetta alltaf þessi hópur á Hlemmi sem var að dópa

í gamla daga. Þeir voru áberandi sem slæmu krakkarnir sem fóru út í þennan heim. Núna er þetta alls staðar. Dóp er komið á samfélagsmiðla, þannig að fyrir mína hönd þá neyddist ég sjálfur í neyslu þegar ég var ungur og það var fyrst og fremst út af aðgengi. Þetta er mjög framandi hlutur fyrir foreldra í dag, hvernig þessi heimur virkar, því hann er svo frábrugðinn því sem var,“ segir hann. „Það er svo mikið talað um kvíða en það má ekki tala um það sem eina faktorinn í þessu. Það er fyrst og fremst hvað efnin eru ótrúlega aðgengileg. Það eru ekki bara krakkar með kvíðavanda sem prófa. Þetta eru bara heilbrigðir og venjulegir krakkar.“

Unglingadrykkja hefur vissulega minnkað, en miðað við það sem Eyþór og Sólrún hafa kynnt sér hafa eitruflýti tekið við. Þá hefur neyslumynstur breyst á þann hátt að ungmenni í dag taka fleiri eitruflýti, en halda sig ekki bara í einni tegund eins og áður var. „Ef þú ert í neyslu núna þá ertu að taka allt,“ segir Eyþór. „Það er enginn í dag sem er átján ára og er bara alkóhólisti eða bara á kókaíni. Það er líka það sem er svo hættulegt. Því fleiri efni sem þú tekur, því hættulegra hlýtur þetta að vera,“ bætir Sólrún við.

## Foreldrar ráðþrota

Eyþór telur mikilvægt að tala um batann. Það sé erfiðasti kaflinn hjá þeim sem kjósa að verða edrú og það sé ekki hægt að fara í gegnum hann einn. Þá leggur hann líka áherslu á að samfélagið taki vel á móti fólki sem kemur úr meðferð.

„Þetta eru ekki aumingjar. Þetta er ekki slæmt fólk því það var í neyslu. Þau eru bara mjög veik og þau eiga það skilið að samfélagið hjálpi þeim í gegnum þetta,“ segir hann. Þá eru þau Sólrún sammála um að það sé mikilvægt fyrir foreldra að fá fræðslu, eyða tíma með börnunum sínum og tala við



börnin sín. „Staðan er þannig að eldri kynslóðin veit ekki hvernig fíknisjúkdómurinn er og hvernig þessi efni virka. Þess vegna eiga þau mjög erfitt með að tala um þennan vanda við börnin sín. Þau vita ekkert hvað þau eiga að segja. Það er ábyggilega meira um foreldra sem finnst óþægilegra að tala við börnin sín um fíkniefni en um kynlíf. Þess vegna erum við að reyna að fræða Íslendinga eins grunnt og hægt er, um eins mikið og hægt er í þessum þáttum. Bara til þess að byggja upp öryggi hjá foreldrum til að þeir geti talað við börnin sín um þetta og sýnt börnunum sínum skilning. Staðan er orðin þannig í dag að þetta er orðið svo alvarlegt að ef foreldrar hafa einhverjar áhyggjur af því að barnið sé að prófa þá eiga þeir að grípa inn í strax,“ segir Eyþór. „Það er verra að missa barnið sitt, hvort sem það deyr eða maður missir það í neyslu, en þau óþægindi sem gætu hlotist af því að gera unglinginn sinn pirraðan með því að biðja hann um að fara í pissuprúfu,“ bætir Sólrún við.

Eyþór brýnir fyrir foreldrum að sýna skilning, ekki skamma.

„Þegar ég var að leiðast út í fíkniefni á sínum tíma var ég svo góður að ljúga og fela fyrir foreldrum mínum því ég var svo hræddur við að þeir myndu skamma mig. Síðan var ég skammaður þegar þau föttuðu þetta og þá byrjaði ég að fela þetta betur og laug meir.“

## Þetta er maraþon

Sólrún og Eyþór segja að fíkniefni séu orðin mjög áberandi á skemmtistöðum og þar sem fólk er að neyta áfengis. Eyþór segir að lausnin á vandanum sé nokkuð einföld þótt hún sé langt því frá í sjónmáli.

„Sjálfur held ég að þetta snúist um framboð og eftirspurn. Besta leiðin til að stöðva þessa þróun er að fækka neytendum. Það þarf að vara börn við afleiðingum eitruflýjaneytslu strax um tíu til tólf ára aldurinn. Þetta er eitt stórt maraþon, ekki eitthvað sem við reddum á tveimur til þremur árum. Þetta er þjóðaráttak sem þarf að vera í gangi það sem eftir er.“ ■

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

## ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500

# POTTA OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN



YFIR  
**100**  
TEGUNDIR

**15-50%** afsláttur  
af ÖLLUM pottum og pönnum

**NÝTTU TÆKIFÆRIÐ**  
Tilboðin gilda í takmarkaðan tíma!

POTTASETT  
GRILLPÖNNUR  
GUFUSUÐUPOTTAR  
DJÚPAR PÖNNUR  
HRAÐSUÐUPOTTAR  
WOK-PÖNNUR  
POTTJÁRN  
LEIRPOTTAR  
KOPARPOTTAR-  
OG PÖNNUR

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

Eitt mesta úrval landsins af hágæða pottum og pönnum frá:



Fissler. Perfect every time.



# byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • [BYGGTOGBUID.IS](http://BYGGTOGBUID.IS)

Líkaðu við okkur á Facebook: [www.facebook.com/byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

# „MÉR GJÖR- SAMLEGA BLÖSKRAÐI HVERNIG LÖGREGLU MENN NOTUÐU KERFIÐ“



■ Þú mátt vita hvaða upplýsingar eru til um þig í LÖKE, en ekki hver skoðaði þær ■ Fyrirverandi lögreglu-  
manni blöskraði meðhöndlun persónuupplýsinga ■ Þingmaður heyrnt af mjög mörgum misbrestum

Erla Dóra  
erladora@dv.is



Líður í starfi lögreglu er að skrifa skýrslur um störf sín í gagnagrunn lögreglunnar, LÖKE, en í því kerfi má finna bæði dagbók lögreglu og mála-skrá. Hver sá sem lögreglan hefur í störfum sínum afskipti af, sé það grunaður eða kærður einstaklingur, brotþoli, vitni eða annað, er skráður samviskusamlega og skýrslan sett inn í gagnagrunninn. Því er ljóst að í LÖKE er að finna gífurlegt magn persónuupplýsinga. Á undanförmum árum hafa ítrekað komið upp mál þar sem starfsmenn lögreglu eru grunaðir um að misfara með aðgangshemildir sínar að LÖKE til að hnýsast í persónuupplýsingar, án tilefnis.

## LÖKE-málin

Athygli vakti árið 2014 þegar lögreglumáðurinn Gunnar Scheving Thorsteinsson var ákærður fyrir að hafa flett upp 45 konum í LÖKE, forvitnast þar um upplýsingar um konurnar án þess að það tengdist störfum hans, en einnig fyrir brot gegn þagnarskyldu fyrir að hafa greint trúnaðarvini frá atviki sem átti sér stað þegar Gunnar var við skyldustörf. Fallið var frá þeim lið ákæru sem laut að uppflettingum í LÖKE, en miklir annmarkar þóttu á rannsókn málsins og ekki nægilega sýnt fram á að uppflettingar hefðu ekki tengst lögreglustörfum Gunnars. Gunnar var þó einnig

ákærður fyrir brot gegn þagnarskyldu eftir að hafa nafngreint, við trúnaðarvin, einstakling sem hafði ráðist á hann í starfi. Fyrir þann lið var Gunnar sakfelldur í Hæstarétti en ekki gerð refsing. Eftirmálar málsins voru miklir, Gunnar höfðaði mál gegn einstaklingi sem hafði látið í ljós skoðun sína á málinu á Facebook og meðal annars skrifað: Þessi „Lögga“ hérna er spilltari en allt sem spillt er og er duglegur að misnota vald sitt greinilega gamalt eineltisbarn“. Einnig kærði Gunnar Öldu Hrönn Jóhannsdóttur, þáverandi staðgengil lögreglustjóra á Suðurnesjum, fyrir að hafa brotið gegn starfsskyldum hennar.

Landmæravörður sem starfaði hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum var ákærður árið 2017 fyrir brot í opinberu starfi. Það gerðist eftir að upp komst að hún hafði notað LÖKE-kerfið til að fletta upp málum tengdum fyrirverandi maka og öðrum einstaklingum sem hún hafði verið í samskiptum við vegna lögreglumáls. Hún játaði fyrir héraðsdómi að hafa gerst sek um þá háttsemi sem greint var frá í ákæru og var gert að greiða 100 þúsund króna sekt. Landsréttur taldi hins vegar játningu konunnar ekki skýlausa. Hún hafði játað að hafa flett um málum í LÖKE án þess að það tengdist starfi hennar, en hafði hins vegar ekki játað að hafa með því hallað á rétt einstakra manna eða hins opinbera.

Í apríl á síðasta ári var greint frá því að gefin hefði verið út ákæra á hendur lögregluvarðstjóra hjá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Var honum gert að sök að hafa flett upp máli er varðaði rannsókn á bruna Grillskálans á Þórshöfn, sem hann sjálfur hafði áður rekið. Því var haldið fram að varðstjórinn hefði notað lykilorð annars lögreglumanns og skoðað skýrslur og vitnisburði í málinu, sem var honum óviðkomandi.

## Tilfellið í Noregi

Sambærileg mál hafa komið upp úti um allan heim. Lögregla hefur aðgang að gífurlegu magni persónuupplýsinga starfa sinna vegna og sumir láta undan freistingunni að hnýsast aðeins í mál sem þeim ekki koma við. Í nýlegu dæmi frá nágrönnum okkar í Noregi var nokkur fjöldi lögreglumanna sektaður eftir að upp komst að þeir hefðu flett upp gögnum sem tengdust rannsókn á andláti skíðakonunnar Vibeke Skofterud, sem var ekki til rannsóknar hjá þeirra umdæmi. Lögreglumennirnir gengust flestir við sök og var gert að greiða 35 þúsund krónur í sekt.

## Fyrirverandi lögreglumanni blöskraði

LÖKE-kerfið á Íslandi virðist þó ekki virka með sama hætti, það upplýsir ekki að fyrra bragði um grunsamlegar uppflettingar í kerfinu. Þá vaknar

spurningin um hvort og þá hvernig persónuupplýsingar séu tryggðar hjá lögreglu. Hvernig sé komið í veg fyrir að hnýst sé í viðkvæmar persónuupplýsingar okkar og hvernig getum við komist að því hvort slíkt hafi verið gert?

Fyrirverandi lögreglumáður, sem ekki vill láta nafn síns getið, lýsti því við DV að hafa margsinnis orðið vitni að því að kollegar hans hefðu misnotað LÖKE-kerfið og þó svo nokkuð sé liðið síðan hann lét af störfum sem lögreglumáður hafi hann frétt í gegnum tengslanet sitt að slíkt væri enn stundað. „Ég starfaði sem lögreglumáður í [X] ár og mér gjörsamlega blöskraði hvernig lögreglumenn notuðu kerfið. Fólk var að fletta upp í kerfinu sér til dægrastyttingar. Það var verið að skoða

vini, ættingja, þekktu einstaklinga og aðra sem höfðu ekkert með



Helgi Hrafn var að mestu hlynntur lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.





Gunnar Scheving Thorsteinsson á leið fyrir dóm.

Það var verið að skoða vini, ættingja, þekkt einstaklinga og aðra sem höfðu ekkert með starf þeirra að gera.

Vibeke lést sviþlega í sjósleðaslysi í júlí 2018.



starf þeirra að gera sem lögreglumenn og svo var verið að tala um og skoða einstaklinga sem voru kannski viðloðandi einhver mál eða í rannsókn án þess að viðkomandi lögreglumenn hefðu nokkra aðkomu að málinu sjálfir. Eingöngu forvitni í lögreglumönnum og hafa eitthvað til að smjatta á og gera grín að oft á tíðum. Ég átti oft ekki til orð yfir þessu og gerði athugasemdir sem engu skilaði.“

#### Geislavirkur kjarnorkuúrgangur

Til að tryggja öryggi persónuupplýsinga og til að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt samkomulagi um Schengen voru lögfest lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi í júní. „Það er mikill misskilningur að lögreglan geri sjálfkrafa allt rétt, svo vægt sé tekið til orða,“ segir í ræðu Helga Hrafn Gunnarssonar, þingmanns Pírata, í umræðum þingsins um löginn.

„Í gegnum tíðina hef ég fengið að vita af mjög miklum misbrestum innan lögreglustofnana og það er ekki við öðru að búast. Þetta eru mannlegar stofnanir þar sem starfar mannlegt fólk sem er jafn misjafnt og allir aðrir.“ Helgi greindi í ræðu sinni frá því að hann væri að mestu hlynntur fyrirhugudum lögum, en hafði þó vissar athugasemdir. „Meðferð persónuupplýsinga er eitt af því sem maður hefur heyrt í gegnum tíðina frekar óþægilegar sögur af,

sér í lagi í kringum tölvukerfi víðfrægt sem heitir LÖKE. [...] Ég á ofboðslega erfitt með að trúa því að svo mikið af sögusögnum komi fram, sem eru í þokkabót líkar hver annarri, án þess að það sé einhver fótur fyrir þeim.“

Í nýjum lögum er sett skilyrði um rekjanleika uppflettinga í upplýsingakerfum og aðgerðarskráningu. Þó er þeim sem sem ekki hafa þegar tekið slíka skráningu í notkun gefin mjög ríflegur frestur til innleiðingar, sjö ár. Þessu er Helgi á móti og þykir tíminn alltof langur. „Aðgerðarskráning er úr virkni í tölvukerfi þar sem skráð er niður hvað sé gert, til dæmis ef einhver fletti upp manneskju þá sé það skráð að viðkomandi hafi flett upp manneskju [...] slík aðgerðarskráning að mínu mati og minni reynslu er gríðarlega mikilvæg til þess að fólk sem fer með upplýsingar fari varlega með þær. Mér hefur reynst vel sú speki að maður eigi að koma fram við persónuupplýsinga svölíð eins og geislavirkur kjarnorkuúrgangur, maður á helst ekki að snerta hann eða koma nálægt honum nema maður þurfi þess og þá gera það í stuttan tíma og vera ekkert að fikta í honum umfram það sem þörf er á. En það eru bara ekki allir með það viðhorf.“

Helgi segir engan afslátt mega gefa af vernd persónuupplýsinga, sérstaklega hvað varðar löggæslustörf. Nú standi yfir tími breytinga

## Maður á að koma fram við persónuupplýsingar eins og geislavirkan kjarnorkuúrgang

til hins betra þar sem aukin áhersla sé lögð á vernd upplýsinga og séu þessi lög liður í þeim jákvæðu breytingum.

Helgi fjallar um aðgerðarskráningu sem er gerð að skilyrði í nýju lögum en þó er kerfum sem tekin voru í gagnid fyrir 2016 veittur frestur til 2026 til að uppfylla skilyrðið. Allar aðgerðir og uppflettingar í LÖKE eru rekjanlegar til starfsmanna og tímasetningar. Hins vegar er ekki gerð krafa um að starfsmenn skrá í hvaða tilgangi upplýsingum sé flett upp. Til þess er ætlast að þeir geti gert grein fyrir uppflettingu ef sérstaklega er farið fram á það við þá. Þetta hefur þótt ópraktískt fyrirkomulag, þar sem lögreglumenn fletti upp gifurlegum fjölda mála og erfitt að ætla þeim að gera grein fyrir einstaka flettingu eftir að nokkur tími hefur liðið.

#### Ríkislögreglustjóri

LÖKE hefur ekki sjálfvirka ferla sem bera kennsl á óeðlilegar uppflettingar. Getur maður sjálfur farið og beðið um aðgerðarskráninguna?

„Tæknilega séð er unnt að taka út yfirlit yfir allar uppflettingar í málaskrá lögreglu,“ segir í svari embættis Ríkislögreglustjóra við fyrirspurn blaðamanns. „Hafa starfsmenn upplýsingatæknideildar ríkislögreglustjóra einir aðgang að atburðarskrá (log-skrá) lögreglakerfisins og geta rakið allar fyrirspurnir og aðgerðir starfsmanna í lögreglakerfinu. Það er á ábyrgð hvers embættis að viðhafa

eftirlit með uppflettingum starfsmanna sinna og eftir atvikum biðja starfsmenn um að gera grein fyrir uppflettingum sínum.“ Viðurlög við óheimilum uppflettingum í LÖKE, fara eftir alvarleika brotsins. „Slík viðurlög geta verið allt frá agaviðurlögum starfsmannalaga eða allt að refsiviðurlögum ef um refsiverða háttsemi er að ræða,“ segir í svari Ríkislögreglustjóra.

„Nákvæmar tölur um fjölda þeirra sem óska eftir upplýsingum um hverjir hafa flett þeim upp liggja ekki fyrir, en frá því að lög um persónuvernd voru fyrst sett árið 2000 hafa einhverjir tugir óskað eftir slíkum upplýsingum,“ segir í svari þar sem jafnframt er tekið fram að starfsmenn með aðgang að LÖKE teljist ekki vera viðtakendur persónuupplýsinga og almenningur hafi því ekki rétt á upplýsingum um hvaða starfsmaður hafi skoðað persónuupplýsingar. „Þeim er þó leiðbeint um að hafi einstaklingur grun um að misfarið hafi verið með viðkvæmar persónuupplýsingar um sig þá sé unnt að leggja fram kærur hjá lögreglu eða kvörtun til nefndar um eftirlit með lögreglu.“

Þrátt fyrir að ekki sé hægt að fá upplýsingar um hver fletti manni upp í LÖKE þá er hægt að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar eru skráðar um okkur í kerfinu. „Fjöldi þeirra sem óskar eftir því að fá upplýsingar um hvaða upplýsingar kunna að vera skráðar í lögreglakerfinu skipta hundruðum á ári hverju og þeim er ýmist afhentur listi yfir þær skrá-

ingar gegn framvísun persónuskilríkja eða sendur í ábyrgðarpósti á lögheimil eða skráðan dvalarstað.“

#### Staða persónuupplýsinga þinna hjá lögreglu

Fyrirverandi lögreglumaður greindi DV frá vitneskju sinni um misnotkun lögreglumanna á LÖKE og Helgi Hrafn lýsti jafnframt yfir í ræðu á Alþingi að hafa heyrt margar sögusagnir af slíku misferli. Þrátt fyrir það eigum við ekki rétt á upplýsingum um hver fletti okkur upp í LÖKE. Þær upplýsingar getum við ekki fengið nema hafa nægilegan grun um að brot hafi átt sér stað til að fara með málið í vissu kvörtunar- eða ákærufarli. Helgi Hrafn segir það veita vissu aðhald að þurfa að gera grein fyrir því í hvert sinn sem flett er upp í slíkum kerfum. Þrátt fyrir það er slíkt ekki gert. Þess í stað er treyst á að lögreglumenn muni hundruð skráninga og ástæður þeirra utanbókar, ef þeir skyldu vera bednir um að gera grein fyrir þeim. Fólk getur þó fengið upplýsingar um hvaða upplýsingar liggja fyrir hjá lögreglu. Ferlið til að fá slíkt í gegn er afar einfalt. Einstaklingar geta haft samband við embætti Ríkislögreglustjóra, fylla út eyðublað og svo hefur Ríkislögreglustjóri mánuð til að verða við beiðninni. En ef þið viljið vita hver fletti ykkur upp, hvers vegna og hvenær, þá verðið þið að leggja fram kærur hjá lögreglu eða kvarta til nefndar um eftirlit með lögreglu. ■

# 7 atriði til að hafa í huga við fasteignakaup

**E**in stærsta fjárhagslega skuldbindingin sem margir undirgangast er kaup á fasteign og því mikilvægt að vanda vel til verka. Hér hafa verið tekin saman nokkur ráð sem gott er að hafa í huga í fasteignakaupum.

## Það kostar að kaupa

Þegar eign er keypt þarf að greiða ýmsan aukakostnað tengdum kaupunum.

**Umsýsluþóknun til fasteignasölnunnar:** Þóknunin hefur sætt nokkurri gagnrýni í gegnum tíðina þar sem óljóst hefur þótt hvað í þóknuninni felst. Dæmi eru um að kaupendur hafi hreinlega neitað að greiða gjaldið. Leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson greindi frá því á síðasta ári að hann hefði rifist í fasteignasölu út af þessu gjaldi og hóttað því að hætta við kaup nema frá gjaldinu yrði fallið. Fékk hann það í gegn. Umsýslugjald er líka mismikið eftir því hvaða fasteignasala sér um sölu. Gjaldið hefur verið á bilinu 50–80 þúsund krónur.

**Stimpilgjald:** Þetta er gjald sem þarf að greiða sýslumanni vegna eignatilfærslu fasteignar. Gjaldið nemur 0,8% af fasteignamati fyrir einstaklinga, en 1,6% fyrir lögaðila. Fyrstu kaupendur greiða aðeins 0,4%.

**Lántökugjald:** Gjaldið er föst krónutala á bilinu 35–75 þúsund krónur. Sumir lánveitendur fella niður lántökugjald þegar um fyrstu kaup er að ræða.

## Það kostar að eiga

Við kaup á fasteign er ekki nóg að einblína bara á væntanlegar afborganir af íbúðalánum því það fylgir ákveðinn fastur kostnaður því að vera fasteignaeigandi.

**Fasteignagjöld:** Þau eru lögð árlega á fasteign. Þau eru ákvörðuð af sveitarfélaginu sem fasteignin tilheyrir og samanstanda gjarnan af fasteignaskatti, vatnsgjaldi, holræsagjaldi, lóðaleigu sorpeyðingargjaldi og fleira

**Húsnæðistryggingar:** Allir húseignendur verða að brunatryggja eign sína hjá tryggingafélagi. Iðgjaldið byggir á brunabótamati

eignarinnar. Eins þarf að greiða náttúruhamfaratryggingagjald og gjald í ofanflóðasjóð. Einnig er mælt með því að kaupa húseignatryggingu og/eða heimilistryggingu að auki.

**Hússjóður:** Ef fasteign er í fjölbýlishúsi þá þarf að reikna með mánaðarlegu gjaldi í hússjóð. Gjarnan er hitakostnaður sameiginlegur fyrir fjölbýlishús og er þá hiti innifalinn í hússjóðnum. Eins getur hússjóður átt að standa straum af aðkeyptri ræstivinnu, viðhaldi á lyftu, viðhaldi á húsi, rafmagni í sameign, sameiginlegu þvottahúsi og svo framvegis. Sum húsfélög eru dugleg að safna í framkvæmdasjóð svo það verði minni skellur fyrir húseignendur þegar tími kemur á kostnaðarsamar framkvæmdir. Þetta mánaðarlega hússjóðsgjald er ákvarðað af hverju húsfélagi fyrir sig og getur verið allt frá nokkur þúsund krónum á mánuði allt upp í tugi þúsunda.

**Rafmagn og hiti:** Algengast er að hver fasteign greiði mánaðarlega fyrir rafmagnsnotkun sína. Síðan greiða fasteignareignendur mánaðarlegan hitakostnað, sé hiti ekki innifalinn í hússjóðsgjaldi.

## Húsfélög fjöleignahúsa

**Yfirlýsing húsfélags:** Það er ekki hægt að ganga frá kaupsamningi nema yfirlýsing húsfélags liggi fyrir. Í yfirlýsingu skal taka fram greiðslustöðu hússjóðs, hvort búíð sé að samþykka framkvæmdir og annað sem gæti skipt kaupanda máli við ákvarðanir. Húsfélagið þarf hins vegar ekki að greina frá fyrirhuguðum framkvæmdum sem hafa ekki verið samþykktar. Því er líka mikilvægt fyrir kaupanda að skoða vel ástand eignarinnar til að gera sér hugmynd um hvort tími sé kominn á viðhald, eða spyrja seljanda hvort rætt hafi verið um eitthvert viðhald á síðustu húsfundum.

## Ekki vera feimin við að skoða

Það er gífurlega mikilvægt að skoða fasteign vel. Lögum samkvæmt hvílir rík skoðunarskylda á kaupendum og allt það sem hefði mátt sjá við ítarlega skoðun þurfa þeir sjálfir að bera ábyrgð á og geta ekki



**Kostar að kaupa og kostar að eiga**

sótt bætur til seljanda. Þótt snögg á litið líti fasteign vel út á myndum og opnu húsi þá er þó ýmislegt sem gott að er gefa betri gaum. Hvernig er ástandið á gluggum, veggjum, lofti? eru merki um raka? Hvernig gólfefni eru í eigninni? Ef um er að ræða parket, hvernig er ástandið? Þarf að skipta því út eða nægir að slípa það? Hvernig er ástand á blöndunartækjum? Er svalahurð í lagi? Raftæki sem fylgja eign er einnig gott að skoða vel. Kaupendur hafa brennt sig á því að taka við íbúð þar sem bakaraofnar virka ekki sem skyldi. Bládamadur veit af einu tilfelli þar sem allar eldaveðarhellur virkuðu og hafði kaupandi kannað það fyrir kaup, en eftir að flutt var inn í eignina kom á daginn að hellurnar virkuðu bara ef kveikt var á einni í einu. Þetta reyndist ákaflega ergjandi galli, en kaupandinn varð þó að taka á sig skellino vegna hans út af ríku skoðunarskyldunni sem hann bar. Ef kaupendur treysta sér ekki til að taka stöðuna á eigninni sjálfir þá er alltaf hægt að fá með sér fagmann sem álitsgjafa eða til að gefa formlega ástandsskýrslu.

## Setja upp kauptilboð

Til að kaupa fasteign þarf útborgun að lágmarki að vera 10–15% af kaupverði. Því hærri sem útborgunin er því meiri verður eignarhluturinn í eigninni. Hins vegar þarf alls ekki að stilla kauptilboð upp með þeim hætti að útborgun sé öll greidd samtímis og svo lánið eftir að lánastofnun greiðir það út.

Algengt er að halda hluta útborgunar til hliðar og greiða síðar þegar afsal eignarinnar er gefið út. Þetta fyrirkomulag getur verið vissst öryggisatriði fyrir kaupanda. Þá heldur kaupandi eftir hluta greiðslunnar þar til hann hefur búíð um hríð í eigninni og styrkir stöðu sína gagnvart seljanda ef uppvíst verður um galla.

## Ásett verð er ekki heilagt

Hvað skal bjóða í fasteign, er spurning sem gjarnan veft fyrir fólki. Helst vilja kaupendur fá fasteign á sem lægstu verði, en vilja þó ekki bjóða svo lágt að það geri seljendur afhuga viðskiptunum. Flottar eignir á vinsælum stöðum eru líklegri en aðrar til að

fara á uppsettu verði eða jafnvel hærra, á meðan aðrar eignir seljast þónokkuð undir ásettu verði. Engin ein regla er til um við hvað beri að miða þegar tilboð er gert í eign. Það sem mestu máli skiptir er að vita sína eigin greiðslugetu, svo sem með því að vera búin að fara greiðslumat, og miða tilboð við það. Samkvæmt hefð er upphafsboð yfirleitt nokkru lægra en það verð sem kaupandi vonast til að fá eignina á.

## Samþykkt kauptilboð

Tilboðum er gefinn viss gildistími, gjarnan 1–2 sólarhringar. Ef seljanda list ekki á tilboð getur hann hafnað því eða gert gagnatilboð til mögulegs kaupanda, tilboð geta svo gengið fram og til baka milli aðila þar til þeir komast að samkomulagi. Þegar kaup- eða gagnatilboð hefur verið samþykkt er kominn á bindandi samningur milli kaupanda og seljanda. Seljandi getur því ekki hætt við kaupin ef honum berst betra boð, jafnvel þótt formlegur kaupsamningur hafi ekki verið undirritaður. ■

# HÖFÐAHÖLLIN

Komdu í BÍLÓ!



## VW GOLF GTE PREMIUM

nýskr. 03/2018, ekinn 22 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur, leður, glerþak og hellingur af aukahlutum. Við höfum ekki séð fállegra eintak!

**TILBOÐSVERÐ 4.990.000 kr.**

Raðnúmer 259690





## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-  
stjórnun á  
stóran þátt í góðum  
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

# Síðasti séns á fáránlegum afslætti

■ Nýtt app býður upp á ríflega afslætti á síðustu stundu ■ Allir græða að sögn eigandans

Nýtt app kemur á markaðinn nú í september, en um er að ræða vefsíðuna lastchanges.is. Margir ættu að kannast við hugtakið en hugmyndin styðst við erlenda vefinn lastminute.com. „Ferlið hefur tekið fimm mánuði í vinnslu en við erum alltaf að reka okkur á eitthvað sem þyrfti að breyta eða laga,“ segir Valþór Örn Sverrisson, eigandi appsins. „Nú á föstudaginn mun hin fullkomna útgáfa verða klár og hentar bæði fyrir Android- og IOS-síma. Við viljum þjónusta Íslendinga sem og erlenda ferðamenn og verður appið því allt aðgengilegt á ensku. Fyrirtæki leita svo til okkar með miða eða tilboð sem þau vilja selja með afslætti rétt áður en viðburður á sér stað. Þetta getur átt við um hvers kyns afþreyingu, jeppaferðir, bíó, leikhús eða klippingu þess vegna. Allir þeir sem bjóða upp á einhverja þjónustu og vilja nýta sér stærri kúnnahóp með stuttum fyrirvara, jafnvel samdægurs, geta nýtt sér þessa þjónustu. Það verður hægt að nálgast miða á nánast allt í gegnum appið.“

Valþór ætlar einnig að hætta sér inn í ferðabransann með appið, þótt mikið hafi verið rætt um hnignun hans undanfarið.

„Nú þegar haustið er handan við hornið býst ég, sem dæmi, við að verða með mikið úrval ýmissa ferða um landið svo sem sleðaferðir og fleira sem hægt verður að nálgast með miklum afslætti. Eins hótélherbergi og fleira sem mörgum þykir of hátt verðsett. Sjálfum finnst mér æðislegt að ferðast um landið og gista á hótélum en ég elska ekki að greiða þrjátíu þúsund fyrir nóttina. Ég myndi ferðast töluvert oft- ar ef verðið væri lægra, eins illa og það kannski hljómar.“

Appið verður því með tilboð á stöðum af öllu landinu og þarna verða miðar á viðburði og fleira á síðasta séns með fáránlegum afslætti.

## Allir græða


Valþór segir að appið geti virkað bæði fyrir seljendur og neytendur.

„Ég var til dæmis á mjög skemmtilegri sýningu í Háskólabíói nú ekki fyrir svo löngu, en ég tók eftir því að í salnum voru sennilega tvö hundruð auð sæti. Miðinn kostaði tæpan nú þúsund kall og hefði því sex manna fjölskylda þurft að punga út tæpum fimmtíu og fimm þúsund krónum til að upplifa þessa skemmtun. Í stað þess að hafa salinn hálf tóman hefði viðburðarhaldarinn getað selt miða allt að tólf tímum fyrir sýningu hjá okkur á 30 til 70 prósentu afslætti. Það segir sig auðvitað sjálft að sex manna fjölskyldan myndi sætta sig betur við að borga helmingi minna fyrir miðana og viðburðarhaldarinn stæði uppi með smekktullan sal sem væntanlega skilaði sér yfir í veitingasöluna líka. Þannig gætu fleiri notið góðs af og allir græða.“

Valþór hefur þegar hafið samningaviðræður við hin ýmsu fyrirtæki.

„Það taka allir vel í þessa hugmynd og nokkur stór fyrirtæki eru þegar komin í samstarf en miðakaup eru flókin og þá skiptir miklu máli að passa allt. Ég er með gott kerfi á þessu og það jákvæða við appið er að það fer ekki króna í mánaðargjald fyrir fyrirtækin því þeir aðilar smella sjálfir inn tilboðum og afsláttum. Það tekur svo aðeins örfáar sekúndur að virkja kostakjörin. Ég vil bara hvetja sem flesta til að setja sig í samband í gegnum info@lastchance.is.“

„Sjálfum finnst mér æðislegt að ferðast um landið og gista á hótélum en ég elska ekki að greiða þrjátíu þúsund fyrir nóttina“



# Plastlaus september

6. september 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Hér má sjá hluta af þeim Abena vörum sem við bjóðum í Rekstrarlandi:

Smart hnifapör úr birki, þægileg, niðurbjótanleg og má setja í mottu.

Diskar og öskjur úr sykurreyr, 100% niðurbjótanlegt.

Bátslaga öskjur úr tréspæni, mega fara í mottu

Glös úr sterkju (lifplasi).

Svanmerkt kaffimál úr pappa niðurbjótanlegt.

Diskar og skálar úr pressuðum pálmablöðum, mega fara í mottu.



## Tökum höndum saman í þágu umhverfisins

Í Rekstrarlandi leggjum við okkur fram um að draga úr plastnotkun. Við trúum því að umhverfi og þægindi eigi samleið – og gott verð auðvitað. Því er stór hluti af úrvali okkar í einnota vörum niðurbjótanlegur eða endurvinnanlegur á einhvern hátt.

Við skynjum mikinn áhuga hjá einstaklingum sem og fyrirtækjum á því

að huga að náttúrunni og við leggjum sömuleiðis ríka áherslu á sjálfbærni og um leið að draga úr kolefnisspori fyrirtækisins eftir föngum.

Umhverfisvænu, einnota Abena vörurnar sem fást hjá okkur eru framleiddar úr niðurbjótanlegum efnum. Fallega hannaðar gæðavörur sem eru flottar til að bera fram í og neyta matar af, s.s. diskar, glös, bakkar,

hnifapör – úr niðurbjótanlegum efnum. Abena vörurnar henta bæði fyrir veitingahús og aðra staði þar sem þörf er á en einnig líka heimili og einstaklinga ef tilefni er til.

Á síðari árum hefur fjölbreytni í einnota vörum aukist mjög og náttúruleg efni eins og pálmablöð, tréspæni og vörur framleiddar úr lifefnum eins og PLA eru smátt og

smátt að taka fram úr vörum framleiddum úr plasti. Samt ber þó að athuga að plast er endurvinnanlegt efni og ef það er flokkað rétt (með plasti til endurvinnslu) kemst það í endurvinnsluhringrás og getur þar með öðlast hlutverk á ný. Eins má líka iðulega nota plastvörurnar oftar en einu sinni þrátt fyrir að þær séu flokkaðar sem einnota.

# Leiðir til að minnka plast: Áður elskaðir bangsar, tannkremstöflur og heimabakað brauð

Sævar Þór Halldórsson, 34 ára landfræðingur hjá Þjóðskrá Íslands, tekur nú þátt í Plastlausum september þriðja árið í röð. Hann býr með konu sinni og þriggja ára syni á Akureyri þar sem þau vinna markvisst að því að minnka plastnotkun á heimilinu. „Ég hef alltaf verið tengdur náttúruverndarsamtökum og unnið á friðlýstum svæðum. Það er skemmtileg áskorun að lifa plastlausum lífsstíl í heilan mánuð. Þetta var smá áttak fyrsta árið en úrvalið á plastlausum vörum er orðið töluvert betra í dag,” segir Sævar. Það hlýst margt gott af því að taka þátt í svona átaki. „Maður kynnist nýjum plastlausum lausnum sem hjálpa manni að minnka plastnotkun alla hina mánuðina. Þú lærir líka fljótt hvað það er ótrúlega margt sem kemur í óþörfu einnota plasti. Plastið er frábært efni þegar það er nauðsynlegt, en það er allt of mikið notað í tilgangssleysi.”

## Lyktin venst furðufljótt

Sævar bendir á að til séu fjölmargar stórsniðugar plastlausar lausnir: „Bambustannburstar og plastlaus

tannkrem virka til dæmis mjög vel. Bambusinn endist jafn lengi og plastið og tannkremstöflur eru frábær lausn á plasttúpunum sem tannkremið kemur vanalega í. Við notuðum svo nær eingöngu fjölnota taubleyjur fyrir soninn. Þetta var miklu minna mál en ég hélt, því þetta er bara ein auka vél á þriggja daga fresti. Lyktin við að skola kúkableyjur venst furðufljótt og á milli véla liggja bleyjurnar í edikvatni sem drepur alveg lyktina.

Við erum heppin að eiga góða að þegar kemur að plastlausum lífsstíl. Tengdaforeldrarnir rækta gúrkur, tómata og annað grænmeti í gróðurhúsinu sínu. Systir konunnar saumar barnaföt. Svo smalaði frúin fyrir vinafólk og fékk að launum heilan kindaskrokk sem við eigum nú í frystinum. Skrokkurinn kom í strigapoka sem við nýtum undir garðúrgang. Við erum með lítinn matjurtagarð þar sem við ræktum til dæmis kryddjurtir og rötargrænmeti. Og hverfisfiskibúðin selur fisk í umhverfisvænum umbúðum eða maður getum komið með eigin umbúðir, sem við og gerum.”

Sævar lumar á fleiri ráðum þegar



Sævar Þór Halldórsson, Erla Dóra Vogler og Askur Bragi Sævarsson Vogler

kemur að því að minnka plast á heimilinu. „Eitt sem ég hvet alla foreldra til að prófa er að þegar kemur að barnaafmælum, að biðja fólk um að gefa notaðar gjafir. Það er ótrúlegt magn af leikföngum á flóamörkuðum. Fólk á líka sjálf oft fullt af dóti og fötum sem þeirra börn eru hætt að nota. Hvers vegna ekki að gefa þessum hlutum framhaldslíf? Börnin eru

hæstánægð með bangsa sem búið er að elska áður, Lego-kubba sem aðrir hafa leikið sér með og snjógalla sem hefur farið ótal salibunur niður sleðabrekkuna. Sama gildir um fulloröna. Flóamarkaðirnir eru stútfullir af fallegum bókum og munum sem gaman er að gefa og þiggja.”

# Fóru úr 60 kílóum á mánuði niður í 140grömm!

Fjölskyldan á Álftanesi hefur vakið athygli fyrir ótrúlegan árangur í minnkun á sorpi. Þau halda úti stórskemmtilegri bloggssíðu sem og Facebooksíðu þar sem þau ræða skrefin sem þau tóku og eru enn að taka í sorpminnkun. Eftir að hafa unnið markvisst að ruslminni lífsstíl þegar þau bjuggu í Sviss, fluttu þau aftur heim í júlí síðastliðinn og héldu uppteknum hætti. „Í Sviss náðum við að minnka óflokkaða sorpið okkar úr 60 kílóum á mánuði niður í 140 grömm. Og eftir fyrsta mánuðinn okkar á Íslandi náðum við sama markmiði. Hins vegar var mikil aukning í pappír í endurvinnslutunnunni sem kom mestmegnis til vegna auglýsingapésa sem flæða inn um lúguna,” segir Þóra Margrét Þorgeirsdóttir.

## Minna plastmagnið enn meir fyrir Plastlausan september

Íslendingar skilja eftir sig eitt mesta magn af sorpi í heimi og er augljóslega margt sem má betur fara. Fimm manna fjölskylda á Íslandi lætur frá sér um 13 kíló af plasti á mánuði. „Við náðum plastmagninu niður í 1,5 kíló og ég veit að við getum gert betur. Okkar plast samanstandur mikið til af skyrdollum, snakkpokum og nammbréfum. Í september getum við minnkað þetta með því að poppa meira og kaupa frekar sælgæti úr nammbarnum. Einnig ætlum við að setja upp límmiða á bréfalúguna til að afþakka allan fjöldapóst.”



## Þóra með flokkunardallana.

Mannskepnan framleiðir gifurlegt magn af rusli og neyslan hefur bein neikvæð áhrif á vistkerfið. Það kostar orku að framleiða, flytja og endurvinna allar þær umbúðir sem falla til við kaup á einni mjólkurfenu. Við sjáum eingöngu hluta framleiðsluferlisins þegar við setjum fernuna í endurvinnslutunnuna á meðan annað er falið. Þar má telja til plastið sem mjólkurfurnurnar koma í á leiðinni í búðina, orkan sem fer í að fæða nautgripina, flutning á vörunni og margt fleira. Það er ekki nóg að flokka rusl og endurvinna, heldur þarf að ganga einu skrefi lengra og byrja á að minnka sorpið sem fellur til við neyslu heimilisins.

## Hvað er hægt að gera?

„Það er þrennt sem þarf að hafa í huga þegar kemur að því að minnka sorpið. Hætta að kaupa óþarfa, minnka umbúðir og hætta

að kaupa einnota. „Ef þessar þrjár reglur eru hafðar í huga við innkaup þá minnkar ruslið sjálfkrafa, í öllum sorptunnum heimilisins. Það fer vissulega aukinn tími í skipulagningu búðarferða við að leita uppi umhverfisvænni eða umbúðarlauser vörur, og stundum eru þessar vörur örliðið dýrari. En það borgar sig þegar upp er staðið, bæði fyrir umhverfið og líka budduna. Sérstaklega ef við setjum okkur þau markmið að kaupa frekar notað það sem vantar. Internetið gerir okkur auðvelt með að gefa húsgögnum, raftækjum, fötum og fleiru framhaldslíf og í leiðinni spörum við ótrúlegar fjárhæðir. Í leiðinni komum við í veg fyrir allt það magn af umbúðum og flutningi sem hefði farið í það að kaupa þetta allt nýtt. Við sáum líka stórkostlega breytingu þegar við byrjuðum að nota taubleyjur á yngsta fjölskyldumeðliminn í stað einnota plastbleyja.”



## Þetta er ekkert vandamál

Það er auðvelt að tileinka sér sorpminni lífsstíl. „Það þarf að byrja smátt og taka viðráðanleg skref í lærdómsferlinu. Hægt er að byrja á að taka 3–5 atriði í einu og bæta svo við smátt og smátt. Svo fer maður að sjá enn fleiri tækifæri til þess að minnka sorpið. Þetta kemur allt með kalda vatninu og við getum þetta öll,” segir Þóra.



# Plastlaus september mælir með

viðburðum víða um land í september

## Akureyri

9. september kl. 17.00  
**Fræðsla um flokkun**  
Amtsbókasafnið

12. september kl. 17.00  
**Hvað getur ein fjöskylda gert?**  
Amtsbókasafnið

14. september  
**Grænn markaðsdagur**  
Deiglan

26. september kl. 17.00  
**Fræðsla um taubleyjur**  
Amtsbókasafnið

## Eyrarbakki

28. september  
**BRIM kvikmyndahátíð og fyrir-  
lestrar um plast og afleiðingar þess**  
Sjóminjasafnið, Óðinshús,  
Húsið, Litla Hraun

## Egilsstaðir

13. - 15. september  
**Plastlaust Austurland, vörukynning,  
matarmarkaður og örnámskeið**  
Hús handanna

## Ísafjörður

10. sept kl. 17.00  
**Lífrænt Grænmeti án umbúða**  
Heimabyggð

17. september  
**Pokasaumur fyrir pokastöðvar  
á NV Vestfjörðum**  
Heimabyggð

24. september kl. 17.00  
**Á persónulegum nótum**  
Heimabyggð

## Reykjanesbær

5. - 8. september  
**Plastlaus Ljósanótt**

5. og 7. september  
**Plastlaus september á Ljósanótt**  
Fischershús

## Reykjanes

13. september  
**Árlegur strandhreinsunardagur**  
Blái herinn & bandaríska sendiráðið

## Reykjavík

12. septemeber kl. 18.00  
**Introduction to Bio Plastics // Starch  
Kynning á lífplasti // Sterkja**  
Reykjavík Tool Library

19. september kl. 17.00  
**DIY Beeswax Wrap**  
**Lærðu að gera bývaxdúka**  
Reykjavík Tool Library

14. september  
**Intro to Bio Plastics // Agar Agar**  
**Kynning á lífplasti // Agar Agar**  
Reykjavík Tool Library

21. september  
**Alheims hreinsunardagurinn 2019**  
Blái herinn

27. - 28. september  
**Plastaþon 2019**  
Umhverfisstofnun

#plastlaus

Plastlaus september er árvekníatak sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um ofgnótt og skaðsemi plasts í umhverfinu og benda á leiðir til að draga úr notkun á einnota plasti. Við hvetjum fólk til að taka þátt í Plastlausum september og vonum að þátttaka í átakinu leiði til minni plastnotkunar til frambúðar.

**PLASTLAUS**  
**SEPTEMBER**



# Fjórar snilldarvörur sem hjálpa þér að vernda umhverfið

**M**istur er vefverslun með umhverfisvæna valkosti fyrir alla sem er annt um umhverfið. Þórunn Björk Pálmadóttir sér um vefverslunina og er sölu- og dreifingaradili fyrir ýmsar stórsniðugar, umhverfisvænar vörur sem leysa óumhverfisvænar vörur og einnota umbúðir auðveldlega af hólmi.

Bee's Wrap eru margnota matvælaarkir úr lífrænt ræktaðri bómull, býflugnavaxi, jójóbaolíu og trjákvöðu sem gerir þær sérlega meðfærilegar í notkun. Þær má nota sem lok á skálar eða beint yfir matvæli, öll önnur en hrátt kjöt og fisk. Aðeins þarf að nota ylinn í lófunum til að móta þær að því sem geyma skal. Arkirnar fást í ýmsum stærðum og leysa einnota plastpoka og plastfilmur af hólmi. Arkirnar eru margnota og með góðri umhirðu má nota hverja örk í allt að heilt ár, miðað við notkun nokkur skipti í viku. Þrif á örkunum eru einföld. Ef þær hafa verið notaðar fyrir geymslu á brauði eða þurrmeti er nóg að strjúka af þeim. Annars má skola þær með köldu eða ylvolgu vatni og jafnvel smá sápu. Ekki má nota heitt vatn á þær

eða setja þær í uppþvottavél þar sem hitinn bræðir vaxið, sem skolest þá fljótt úr þeim. Vaxið fer þó smám saman af örkunum og þegar arkirnar eru hættar að þjóna tilgangi sínum má setja þær í moltukassann þar sem þær brotna niður.

## 25 milljónir kaffihylkja á ári

Íslendingar nota um 25 milljónir einnota kaffihylkja á ári! Hugsaðu þér hrúgald á stærð við einbýlishús. Allt þetta ál þarf að endurvinna sem kostar orku sem kemur alltaf niður á umhverfinu. En mest af þessu fer samt beint í landfyllingu.

WayCap eru margnota, samhæfð kaffihylki sem passa í flestar gerðir Nespresso- og Dolce Gusto-kaffivéla. Þeim fjölga stöðugt sem velja að nota WayCap í stað einnota kaffihylkja enda eru kostirnir ótvíræðir. WayCap-hylkin eru endingargóð og með góðri meðhöndlun ættu þau að geta dugað mjög lengi. Í hylkin velur þú þitt eigið uppáhaldskaffi og getur því hellað upp á kaffið eins og þér finnst best að drekka það. Ef allir eigendur Nespresso- og Dolce Gusto-kaffivéla

á Íslandi notuðu samhæfðu WayCap-kaffihylkin, væri hægt að koma í veg fyrir að tugir milljóna kaffihylkja lentu í ruslinu á ári hverju!

## Tandurhrein samviska

Friendly sápunar koma frá Bretlandi og eru eins umhverfisvænar og hægt er að hugsa sér. Sápunar koma í umhverfisvænum umbúðum og þú þarft aldrei aftur að horfast í augu við plastbrúsa utan af fljótandi sápu-um í plastflokunartunnunni.

Um er að ræða sáputykki án

pálmaolíu, parabena og súlfats. Sápunar eru af ýmsum gerðum; handsápa, hársápa, andlitssápa, raksápa og ferðasápa. Hárnæring í sama formi verður síðan fánleg á næstu dögum. Gaman er að geta þess að lavender og tea tree hársápan var valin sem „Best Buy“ hjá The Green Parent Natural Beauty Awards 2019. Sápunar fengu líka hæstu einkunn hjá Ethical Consumers. Þær eru ekki prófaðar á dýrum og henta fyrir vegan lífsstíl.



## Bara það besta fyrir handarkrikana

Naturlig Deo er lítið fjölskyldu- og handverksfyrirtæki í Norður-Svíþjóð. Markmið þess er að framleiða vörur í sátt og samlyndi við umhverfi, menn og dýr. Um er að ræða frábæran svitalyktareyði sem er algerlega úr náttúrulegum, lífrænum olíum og efnum. Engin aukæfni eða alkóhól er notað í vörurnar. Grapefruit ilmurinn var til að mynda valinn af Beauty Awards í vor sem besti lífræni svitalyktareyðirinn 2019. Svitalyktareyðirinn kemur í endurvinnanlegu glieri með álloki sem einnig er endurvinnanlegt.

Mistur er sölu- og dreifingaraðili fyrir Bee's Wrap, Friendly sápunar, WayCap og Naturlig Deo ásamt fleiri umhverfisvænum vörumerkjum. Þessar vörur fást hjá söluaðilum um land allt sem og á mistur.is



Þú finnur Mistur hér á Facebook  
<https://www.facebook.com/MisturIceland/>

og hér á Instagram.  
<https://www.instagram.com/mistur.is/>





Mynd: Eyþór Árnason



Mynd: Eyþór Árnason

# Vistvera: „Íslendingar eru klárlega tilbúnir fyrir umhverfisvænni lífsstíl“

Íslendingar eru stöðugt að færa sig yfir í umhverfisvænni lífsstíl. „Við sjám mikla fjölgun í búðinni með hverjum mánuði og ég fæ reglulega spurningar frá viðskiptavinum hvort það sé ekki að ganga vel. Fólk vill hafa þennan kost. Einnig finn ég fyrir mikilli eftirspurn hjá viðskiptavinum okkar eftir að geta keypt matvöru í lausu. Ég held að þeir sem eru eitthvað að hugsa í umhverfisvernd séu meira en tilbúnir að skipta plastumbúðunum sínum út og vilja í raun geta gert það á sem flestum sviðum lífsins.“ segir Melkorka María Brynjarsdóttir, versunarstjóri Vistveru.

„Vinsælustu vörurnar okkar eru klárlega uppvottaburstarnir, tannkremstöflurnar, sjampóin og Thinx nærbuxurnar. Skaftið á öllum uppvottaburstunum okkar er úr víði og hárin úr plöntutrefjum eða hrosshárum. Ef burstinn endar í náttúrunni, brotnar hann því alveg niður. Tannkremstöflurnar eru framleiddar í samstarfi við tannlækna í Þýskalandi. Þær eru umbúðalausar og lausar við öll aukaefni. Annar kostur við töflurnar er að maður nær alltaf að nota

allt tannkremið, en í hefðbundnum tannkremstúpum fara að meðaltali 11 grömm af tannkremi í ruslið hverju sinni sem næst ekki úr túpunni. Þar að auki er um 50% af innihaldi klassíska tannkremisins vatn. Sjampóin okkar eru flest í stykkjum en þau eru öll alveg laus við paraben, sulföt, SLS, þvagefni og annars konar aukaefni. Þetta er allt úr náttúrulegri sápu sem strípar ekki hárið af náttúrulegu olíum og fer vel með hárið, svo ekki sé á nefnt hvað stykkinn endast ótrúlega lengi. Eitt sjampóstykki endist á við 2–4 sjampóbrúsal!“

## Túrnærbuxur sem veita öryggi

Think túrnærbuxurnar verða sífellt vinsælli en um er að ræða byltingarkennda vöru sem er eins og dömbindi í nærbuxum. Hægt er að nota þær einar og sér eða með álfabikarnum eða túrtöppum. „Upphaldið mitt varðandi Thinx, fyrir utan að þær eru fjölnota, er að ég hef aldrei lent í því að það leki neitt framhjá þannig að þær veita mér mjög mikið öryggi.“

## Umbúðarlausar vörur

Vistvera selur fjölda umbúðarlausra vara. Fólk kemur með eigin ílát, fyllir á og borgar eftir þyngd. „Við erum alltaf að bæta við úrvalið í áfyllingarvörum. Eins og er bjóðum við upp á tannkremstöflur, handsápu, uppvottalög, grænsápu, edik, matarsóda, sjampó, hárnæringu, sturtusápu, þvottasápuflögur, andlitsolíu, andlitshreinsir, serum, næturkrem og verkjaolíu. Á næstunni munum við bjóða vörur frá Fill Island.“

## Umhverfisvæn og hagkvæm lausn

Margir hafa heyrt af undravöru einni sem fæst hjá Vistveru. Um er að ræða náttúrulegar sápuskeljar sem koma í staðinn fyrir þvottaefni í þvottavélina. „Þetta er þurrkað aldin af plöntunni Sapindus Mukorossi sem vex á Indlandi og í Nepal og hefur verið notað þar í hundruð ára. Þú setur um fimm hnetur í lítinn bómullarpoka sem fer inn í tromluna með þvottinum. Skeljarnar leysa frá sér náttúrulega sápu sem þvær þvottinn. Hægt er að nota hvern umgang nokkrum sinnum, en fjöldi skipta

fer eftir hitastigi. Sjálf þvæ ég allan minn þvott á 30°C og þá er hægt að nota umganginn í fimm vélar. Því hærra hitastig, því sjaldnar er hægt að nota umganginn. Ef þvegið er á 90 má nota umganginn einu sinni. Skeljarnar eru 100% náttúrulegar og brotna alveg niður í náttúrunni. Þær mega því fara í moltu, lífrænt rusl eða almennt rusl. Sápuhneturnar skila þvottinum lyktaalumum, sem margir sækjast eftir, en ef maður kys að hafa ilm af þvottinum má bæta nokkrum dropum af ilmkjarnaolíu í skeljaþokann. Við seljum skeljarnar í lausu en einnig í 1 kíló pokum sem duga að meðaltali í 480 þvotta og líka 500 gramma pokum sem duga í helmingi færri þvotta. Hér er augljóslega um að ræða afar umhverfisvæna og hagkvæma lausn.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni [vistvera.is](http://vistvera.is)

Vistvera er staðsett í Grimsbæ, Efstalandi 26, 108 Rvk.

Fylgstu með á Facebook: [Vistvera](https://www.facebook.com/vistvera)

Instagram: [Vistvera.is](https://www.instagram.com/vistvera.is)

Sími: 537-8478



Túrnærbuxur frá THINX og margnota tíðavörur



Áfyllingavörur fyrir þvott og þrif í miklu úrvali



Tannkremstöflur með og án flúor í áfyllingu



Margnota rör í alls konar stærðum, gerðum og litum



Hársápuþykki og hárnæring fyrir flestar hárgerðir

## ÞÚ FÆRÐ ÚRVAL UMBÚÐALAUSRA-, MARGNOTA- OG ÁFYLLINGARVARA Í VISTVERU



Svitalyktareyðar sem stifti, steinar eða krem



Rakvélar, rakburstar, rakstandar og raksápa



Bambustannburstar í mörgum litum og stífleika



Bývaxdúkar og alls konar fyrir geymslu matvæla



Sápuskálar, sápuþokar, sápuþokar og lúffa undirlög



# „PLAstið brotnar niður í náttúrunni á 30 dögum“

**R**MK Heildverslun er framsækið umbúðafyrirtæki sem býður upp á gott úrval af umhverfisvænum umbúðalausnum fyrir hvers konar matvælaíðnað. „Við höfum fundið fyrir gríðarlegri aukningu á að fyrirtæki leggi aukna áherslu á að bjóða upp á umhverfisvænni umbúðir. Að sjálfsögðu tökum við þessari þróun fagnandi og leggjum ríka áherslu á að bjóða upp á eins

umhverfisvænar umbúðir og hægt er fyrir hvern viðskiptavin.

Okkar helstu umhverfisvænu valkostir eru ýmiss konar umbúðir úr pappa og pappír, bambus og tréhnifapör, PLA vörur og svo vörur úr bambus/sykkurreyr púlpi.“ segir Vignir Jóhannesson, framkvæmdastjóri RMK.

**PLA „plast“ sem brotnar niður á 30 dögum**

En hvað er PLA? „PLA hefur oft verið nefnt „jurta plast“, en þrátt fyrir plastlíkindin er hér þó ekki um eiginlegt plast að ræða. Í stuttu máli er PLA unnið úr náttúrulegum jurtaefnum svo sem maísterkju eða sykurreyr. Vörur úr PLA eru 100% niðurbrotanlegar og henta í moltugerð. PLA vörur flokkast með lífrænum úrgangi eða almennu sorpi en fara ekki í plasttunnuna. Í náttúrunni brotna þær niður og jarðgerast en það er mismunandi hvað það tekur langan tíma. Við fullkomnustu aðstæður brotnar PLA niður á 30–40 dögum.

Við bjóðum uppá PLA „boozt“ glös, drykkjarmál, salatbox, rör, hnifapör og margt fleira. Það nýjasta hjá okkur eru kaffimál úr pappa sem eru með PLA-húðun innan í í stað plasthúðunar. Það er líka gaman að segja frá því að í lok október munum við eingöngu vera með PLA húðuðu kaffimálin á lager hjá okkur og að sjálfsögðu PLA lok líka.

PLA húðaður kaffibolli.

Það eru til umhverfisvænir möguleikar fyrir flestar plastvörur, en ekki allar,“ segir Vignir. Plastið getur verið gott að því leyti að það þolir hita/kulda betur og getur lengt endingartíma matar. „Það er oft talað um að það sé umhverfisvænna að pakka mat vel svo að hann endist, frekar en að hann skemmist og fari beint í ruslið. Það er alltaf eitthvað



PLA smoothie-glös.



PLA salatskál.

nýtt að koma á markaðinn og er ég viss um að eftir nokkur ár verði búið að leysa allt plast af hólmi.“

Nánari upplýsingar má nálgast á [rmk.is](http://rmk.is)

Vefpóstur: [info@rmk.is](mailto:info@rmk.is)

Sími: **554-2 Modibodi Ísland:**  
**Fjölnota tíðavörur 888**



# Modibodi Ísland: Fjölnota tíðavörur

**A**rna Sigrún Haraldsdóttir stofnaði fyrirtækið Modibodi Ísland árið 2017, en þar er hægt að finna umhverfisvænar tíðavörur.

## Umhverfisvænar blæðingar

„Umhverfissóðaskapurinn af tíðavörum er mikill, en á hverjum degi eru um 28.000 túrtappar tindir upp úr sjónum og sjálf veit ég fátt subbullegra en að sjá dömubindi í fjörinni,“ segir Arna, en fyrirtækið hennar Modibodi Ísland selur Modibodi túrnærbuxur og Intimina tíðabikara. Arna segir einnig að það sé ekkert mál að skipta úr einnota vörum yfir í fjölnota og umhverfisvænar vörur.

## Fjölnota tíðavörur

Modibodi eru upprunalegu túrnærbuxurnar. Þær voru þróaðar af ástraliskri konu sem glímdi við þvagleka í kjölfar barnsburðar og vantaði þægilega lausn við því vandamáli. Modibodi koma í alls konar sniði og flestum stærðum, eða frá 4XS upp í 5XL. Það eru tvö mismunandi stig af rakadrægni, miðlungs hentar fyrir minniháttar þvagleka og miðlungs blæðingar og svo er mikil rakadrægni sem hentar til að nota yfir nótt eða þegar blæðingar eru mjög miklar.

Modibodi nærbuxur henta við öllum leka hvort sem það er mikil útferð, blæðingar eða minniháttar þvagleki. Unglingum er almennt umhugað um náttúruna og þeir vilja því gjarnan nota fjölnota tíðavörur. „Við fáum líka fjölda foreldra stúlkna sem hafa byrjað mjög ungar á blæðingum og finnst óþægilegt eða vandcæðalegt

að þurfa að vesenast með dömubindi í skólanum,“ segir Arna. Þvagleki hjá konum er síðan annað algengt vandamál og margar konur þurfa að nota dömubindi eða innlegg alla daga. Það er hvorki gott fyrir líkamann né umhverfið. Þegar konur eru með dömubindi alla daga aukast líkurnar á að fá sveppasýkingu, en Modibodi túrnærbuxurnar anda vel og minnka þannig líkur á þess konar sýkingu. Auk þess má nefna að þær eru mun ódýrari kostur til lengri tíma litið.

Intimina tíðabikararnir (sem margir kalla álfabikar) eru hannaðir með ráðgjöf kvensjúkdómalækna og eru einstaklega mjúkir og þægilegir. Hjá Modibodi Ísland er hægt að fá fjórar mismunandi gerðir og tvær þeirra koma í tveimur mismunandi stærðum. Stærðirnar heita A og B og er þumalputtareglan sú að ef þú hefur fætt barn um leggöng notar þú stærð B en ef ekki þá notar þú stærð A. Hvern tíðabikar má nota í 7 ár en eftir það er mælt með að hann sé endurnýjaður.

Modibodi Ísland býður einnig upp á fræðslufundi, bæði í léttari kantinum fyrir vinkonuhópa eða gæsapartí og svo fyrir starfsfólk hjúkrunarheimila eða kennara.

## Auðvelt að skipta yfir í fjölnota

Það er mjög einfalt að hættast að nota einnota túrnærbuxur og skipta yfir í túrnærbuxur eða bikar. Gott ráð er að prófa túrnærbuxur á léttum degi, til dæmis í lok tíðahringis til að finna sitt tempó. Það er algengt að konur séu að nota tvennar til þrennar buxur á sólarhring, en það fer eftir flæði og

aðstæðum, til dæmis hvort þær séu að nota bikarinn samhliða eða ekki.

Vörurnar frá Modibodi er hægt að nálgast á **netversluninni [www.modibodi.is](http://www.modibodi.is)**

Þess má líka geta að þau taka einnig þátt í alls kyns mörkuðum og

viðburðum en upplýsingar um það má finna á Facebook-síðu þeirra **[www.facebook.com/modibodiiceland](https://www.facebook.com/modibodiiceland)**

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni þeirra eða með því að senda tölvupóst á **[info@modibodi.is](mailto:info@modibodi.is)**



# PLASTLAUS

september



**PLASTLAUS**  
**SEPTEMBER**




**{mistur}**

**VISTVERA**

**margt smátt**  
- gefur lífinu merkingu

**Modibodi**



# Plastlaus september

Mikið úrval af merkilegum  
plastlausum og umhverfisvænum  
vörum á [margtsmatt.is](http://margtsmatt.is)

**margt smátt**



# 1000 Ára Sveitaporp: Leitaði upprunans í gróðurmoldinni

**S**tígvél Ársæls má segja að hafi verið á kafi í kartöflugörðunum frá því að hann var bara þínulítill þjakkur og hann hefur tekið eftir ýmsum breytingum gegnum tíðina. „Plastnotkun hefur aukist gríðarlega og ég spurði sjálfan mig hvað ég gæti gert til þess að sporna við þessari þróun. Svárið var sérvaldar og handpakkadar kartöflur í fallegum, umhverfisvænum umbúðum,“ segir Ársæll Markússon, eigandi fyrirtækisins 1000 Ára Sveitaporp sem selur ferskar kartöflur í umhverfisvænum pappirsambúðum.

## Breyttu heiminum með góðum kartöflum

September er runninn upp og átakið Plastlaus september er á allra vörum. „Þetta er óneitanlega göfug hugsjón, en það er ekki nóg að hafa bara plastlausan september. Við þurfum að gera meira, gera allt sem við getum til að minnka notkun á einnota plastumbúðum. Fólk verð-

ur að hafa val í sínu nærumhverfi til jákvæðra breytinga. Það eru allir sammála um að hugsa vel um umhverfið, en þegar það er auðveldara að gera það ekki, þá breytist ekkert. Kartöflurnar frá 1000 Ára Sveitaporti eru fyrsta flokks íslenskt gullauga sem er án efa vinsælasta kartaflan á Íslandi í dag. Með því að velja kartöflurnar frá okkur stuðlar þú beint að minni plastnotkun á Íslandi og færð í leiðinni góðar og ferskar kartöflur.“

## Sneri aftur í Þykkvabæinn

Fyrirtækið er lítið fjölskyldufyrirtæki og nýtur Ársæll aðstoðar foreldra sinna sem eru gamalgrónir kartöfluræktendur úr Þykkvabænum. Ársæll er menntaður matreiðslumaður og hefur starfað í Bandaríkjunum, Frakklandi og Danmörku. „Þegar ég kom heim var gott að leita aftur til upprunans, komast með hendurnar aftur í jörðina, í gróðurmoldina hér í Þykkvabænum,“ segir Ársæll.

1000 Ára Sveitaporp byrjaði hægt og rólega en hefur heldur betur tekið við sér. „Kúnnahópurinn verður stærri með hverjum deginum. Í fyrstu var ég eingöngu að selja tveggja kílóa poka í verslunum Krónunnar, Nóatúns og Melabúðinni. Nú er ég einnig með til sölu kartöflur í eins kíló umbúðum fyrir minni heimili, sem og 10 kílóa poka fyrir stærri eldhús eins og skólaeldhús, mótuneyti og veitingastaði. Kartöflur-

nar fást nú, ásamt áður nefndum stöðum, einnig í verslunum Fjarðarkaupa.“

Nánari upplýsingar á **1000arasveitathorp.is**

Fylgstu með á Facebook: **1000 ára sveitaporp ehf.**

Instagram: **1000arasveitathorp**

Sími: **859-6197**



**KARTÖFLUR  
ÚR ÍSLENZKRI MÓÐURMOLD**





**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM  
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITATHORP  
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLFI Á ÍSLANDI,  
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**





# „Ferillinn var ekki alltaf dans á rósum,“ segir matreiðslumeistarinn Örn Garðarsson

Örn Garðarsson hefur rekið veislupjónustuna Soho um árabíl, en á staðnum er starfrækt mjög öflug flokkun. Einnig rækta menn þar eigin kryddjurtir og laga allt frá grunnni, baka öll brauð sem og kökur. Örn á að baki afar spennandi, ævintýraríkan og farsælan matreiðsluferil og þar er orðum hvergi ofaukið. „Þetta hefur ekki alltaf verið dans á rósum en ég hef lært ótrúlega margt af hverju einasta verkefni og nýti mér það óspart hjá Soho,“ segir Örn.

## Gæðin spyrjast út með matnum

Viðskiptavinir eru sýnilega ánægðir með þjónustuna frá Soho og leita til staðarins aftur og aftur. „Eftir að hafa bragðað matinn okkar leita veislugestir til Soho fyrir sínar veislur. Það má því segja að gæðin spyrjist út með matnum. Það eru margir matseðlar í boði og því ekki nokkur hættu á að vera með sama matarúrval og vinfólkið eða ættingjarnir. Þó svo að við bjóðum upp á staðlaða matseðla erum við afar líðleg með að skipta út réttum, allt eftir því hvað kunninn vill. Gestgjafar og gestir eru með mjög mismunandi kröfur í mataræði og við þjónum öllum eftir bestu getu. Ég hef til dæmis virkilega gaman af því að framreiða grænmetisrétti og veganfæði.“

## Fjölbreytt veislupjónusta og hádegisverðarstaður

Hjá Soho starfa fjórir matreiðslumenn þar af einn meistari, einn bakarameistari, tveir kokkanemar, og um tíu aðstoðarmenn. „Soho býður upp á afar fjölbreytta veislupjónustu og veitingar fyrir ýmiss konar tilefni, allt frá vöggu til grafar,“ segir Örn kankvís og bætur við: „Við sjáum um skírnarveislur, brúðkaup, erfidrykkjur og allt þar á milli. Það hefur verið mikil aukning hjá okkur í umsjón á hádegismat í fyrirtækjum og kaffiveitingum fyrir fundahald. Einnig rekum við hádegisverðarstað í Keflavík að Hrannargötu 6. Við erum með nokkra fasta rétti

á matseðli og svo nokkra breytilega. Þetta er sennilega vinsælasti hádegisverðarstaðurinn í bænum.“

Örn heillaðist sem ungur drengur af mat. „Þá á ég sérstaklega við tæknina á bak við matinn: samsetningu á bragði og áferð og fleira. Í seinni tíð hefur áhuginn aukist á aðferðafræðinni, geymsluáferðum, hægeldun og nýtingu. Í dag hef ég gaman af því að setja saman uppskriftir og láta kokkana elda eftir þeim. Oftar en ekki verður útkoman mjög nálægt því sem ég hafði gert mér í hugarlund. Þar liggur munurinn á kokki (e. cook) og matreiðslumeistara (e. chef). Sá síðarnefndi getur hugsað upp uppskriftir án þess að þurfa að smakka þær til, en kokkurinn gerir matinn og sannreynir bragðið og áferðina. Meistarinn er þá eins og hugsuðurinn á meðan kokkurinn framkvæmir.“

## Stjörnum prýddur kokkur

Örn lærði fyrst um sinn hjá Gísla og Stebba í Brauðbæ. Eftir nám lá leiðin til Frakklands þar sem launin voru í formi reynslu og færni frekar en peninga. „Mánuðirnir tveir á Hotel de Crillon og sex á sveitahótelu í Avignon jöfnuðust á við þau fjögur ár sem ég var í námi á Íslandi. Það var unnið alla daga, 12–16 tíma vaktir og maður var heppinn ef maður fékk fri á sunnudögum og mánudögum. Ég man ekki hvort veitingastaðurinn Crillon í Paris var með tvær eða þrjár Michelin-stjörnur, en hótelið var allavega með fimm.“ Örn var sömuleiðis í tíu ár í kokkalandslíði Íslands og lengi vel fyrirliði þess. „Þetta var frábær tími en það er nær ómögulegt að halda þeim bolta á lofti ásamt því að vera með eigin rekstur, svo ég varð að segja mig úr liðinu.“

## Sneri aftur auralaus og tók við ögjörningarekstri Borgarinnar

„Auralaus sneri ég aftur til Íslands, eftir launalaust ár í Frakklandi við að safna í reynslubankann. Íris, konan

min, beið heima ásamt ungri dóttur okkar, sem er orðin stór núna og ég er ótrúlega stoltur af. Það er hún Sigga Dögg kynfræðingur. Ég fékk vinnu á Grillinu á Hótel Sögu (Radisson Sas í dag) en var samt alltaf með hugann við Frakkland. Eftir tvö ár fékk ég atvinnutilboð frá Frakklandi og á sama tíma bauðst mér starf hjá Lækjarbrekku sem yfirkokkur, aðeins 22 ára. Ég stökk ólmur á það tækifæri og var á Lækjarbrekku í sex ár. Svo lá leiðin til Keflavíkur á heimaslóðir. Þar starfaði ég á Flughótelinu og rak svo Glóðina í þrjú ár. Það var þá sem Búllu-Tommi bauð mér að taka við veitingarekstri á Borginni, sem var í raun



bjarnar-greiði. Það hefur alltaf verið öggjörningur að reka veitingahús á þessum stað en mér tókst að halda lífi í staðnum í sex ár, áður en hann fór á hausinn. Ætli það sé ekki lengsta rekstrarsaga veitingamanns á Borginni síðan Jóhannes byggði hana?“

## Misheppnað ævintýri í Noregi endar í farsælli veislupjónustu

Sneri Örn þá aftur til Keflavíkur og opnaði lítinn veitingastað. „Árið 2003 ætluðum við svo opna veislupjónustu í Noregi. Eftir að hafa sagt upp leigunni á staðnum, tilbúinn til brotferðar, datt planið upp fyrir og ég sat í súpunni með slatta af pottum og pönnum og engan rekstur. Árið 2007

opna ég svo veislupjónustuna Soho. Í byrjun fórum við á milli og elduðum fyrir veislurnar á hverjum stað fyrir sig uns við komum okkur upp litlu húsnæði og komum upp alvöru veislupjónusturekstri. Síðan þá höfum við flutt úr 97 fermetra húsnæði í 350 fermetra hús og erum að huga að enn frekari stækkun.“



Soho veislupjónusta er að Hrannargötu 6, 230 Reykjanesbæ, og sendir hvert á land sem er.

Nánari upplýsingar á [soho.is](http://soho.is)

Sími 421-7646

Vefpóstur: [soho@soho.is](mailto:soho@soho.is)

Fáðu tilboð í þína veislu.



MYND: EYÞÓR ÁRNASON



# Hugmynd að hamingjuleit kviknaði í prófalestri

■ Þórhildur og Erna halda námskeið um hamingju ■ Peningar, frægð og frami veita ekki lífsfyllingu

Íris Hauksdóttir  
iris@dv.is



Þórhildur Magnúsdóttir hafði lengi velt fyrir sér andlegri líðan en hún hefur haldið fjölda fyrirlestra um naumhyggju lífsstíl. Í beinu framhaldi varð núvitund og leitinn að hamingjunni henni hugleikin og hún stendur nú fyrir námskeiði sem einblínir á hamingjuna. Námskeiðið hefst þann 12. september og heldur Þórhildur það ásamt vinkonu sinni, Ernu Geirsdóttur. Áður hafði Þórhildur stofnað hópinn: Áhugafólk um mínimalískan lífsstíl, þar sem hún vakti athygli á leiðum til að einfalda fólki lífið. Hópurinn vakti umtalsverða athygli og í kjölfarið flutti hún fyrirlestra víðs vegar um borgina en þeir fjölluðu allir um naumhyggju lífsstíl. „Þetta var árið 2015 og umræðan um mínimalískan lífsstíl mjög hávær. Með tímanum fann ég hvernig fókussinn minn fór að færast meira yfir á núvitund og síðan hamingju sem útskýrir á einhvern hátt af hverju ég fór að læra hagfræði.“

Mig langar að skilja betur hvernig samfélög geta haft áhrif á vellíðan fólks og hvernig hægt er að auka hana, meðal annars með því að halda námskeið um hamingju.“

Hugmyndin að námskeiðinu kviknaði þegar Þórhildur var í óða önn að læra undir próf í þjóðhagfræði en hluti af námsefninu var fyrirlestur sem nefndist Hagfræði hamingjunnar og var fluttur af Richard Layard. „Hann fjallaði um

góðgerðasamtök sem vinna að því að auka hamingju í heiminum. Eitt af því sem samtökin gera er að halda námskeið sem fræðir þátttakendur um hamingju og hvetur til þess að fólk taki skref í sínu lífi til að auka hana. Áhugi minn var þegar vakinn og mig langaði að skrá mig á svona námskeið. Vandamálið var bara að þau voru ekki boði hér á landi. Þetta er uppsett þannig að sjálfbodaliðar taka að sér að halda þessi námskeið í sínu heimalandi og eftir örstutta umhugsun ákvað ég að slá til og gera þetta bara sjálf. Í kjölfarið hafði ég samband við Ernu og bað hana um að halda námskeiðið með mér. Hún var ekki lengi að slá til og segja já við því. Hún er menntuð í lögfræði en þetta er í fyrsta skipti sem hún heldur fyrirlestur um hamingju. Hún hefur þó lengi stúderað mínimalisma eins og ég ásamt því að stunda hugleiðslu af miklum krafti svo hún var vel til þess fallinn,“ segir Þórhildur og heldur áfram.

„Það sem heillaði mig sérstaklega við þetta námskeið er að námsefnið byggir á niðurstöðum rannsókna um með hvaða hætti við getum haft áhrif á eigin líðan.“

Þetta er því einstakt tækifæri til að kafa dýpra ofan í hamingju okkar því þótt hún skipti okkur öll máli er hún sjaldnast til umræðu hjá flestu fólki. Staðreyndin er samt sú að við höfum mikið vald yfir henni sjálf og það er vísindalega sannað. Þess vegna finnst okkur tilvalið að fræðast betur og gera lífið í kjölfarið miklu betra.“

## Greiðsla valfrjáls

Námskeiðið er haldið einu sinni í viku, tvo tíma í senn, en það stendur yfir í átta vikur. „Það verður haldið í Andrými á Bergþórugötu og í hverri viku vinnum við með eitthvað eitt þema sem skiptir máli fyrir hamingju okkar. Við horfum á fimmtán mínútna fræðsluerindi og svo fylgja umræður á eftir þar sem hvert okkar finnur út hvernig okkar líf er og hvað við getum bætt í því. Þannig munum við á þessum átta vikum reyna að koma okkur upp nýjum venjum sem munu vonandi skila sér í betri líðan og meiri hamingju.“

Athygli vekur að greiðsla fyrir námskeiðið er valfrjálst en þær stóllur taka engin laun fyrir námskeiðið. „Við áætluðum að kostnaður fyrir hvern þátttakanda nemi um fjórtán þúsund krónum og við vonumst til að fólk greiði þann kostnað en fyrir þá sem ekki sjá sér fært að borga er frjálst að láta af hendi rakna það sem hægt er.“

Við fáum ekki greitt fyrir að halda námskeiðið heldur gerum við það í sjálfbodastarfi. Við erum auðvitað fyrst og fremst að þessu til að styrkja okkar eigin hamingju.“

## Ekki peningar, frægð og frami

„Hugmyndin spratt frá góðgerðasamtökunum Action for Happiness en þau eru fjármögnuð með styrkjum. Námskeiðið er haldið í gegnum þau og byggir á niðurstöðum úr rannsóknum á hamingju og er markmið þess að hvetja fólk til að gera meira af því sem vitað er að gefur fólki sanna

„ Mig langar að skilja betur hvernig samfélög geta haft áhrif á vellíðan fólks og hvernig hægt er að auka hana, meðal annars með því að halda námskeið um hamingju.“

lífsfyllingu og það er ekki peningar, frægð og frami!“

Þegar talið berst að íslensku samfélagi og hvað megi þar betur fara nefnir Þórhildur fyrst og fremst mikilvægi þess að fókusa á aðra þætti en þá efnislegu. „Við verðum að leggja ríkari áherslu á aðra þætti en efnisleg gæði í lífinu. Það er mjög auðvelt að berast með straumnum á samfélagsmiðlunum eða öðru ytra áreiti og upplifa skort vegna þess að okkur finnst við ekki hafa það jafn gott og næsti maður. Við tölum oft um unglíngana í þessu samhengi en mín upplifun er sú að þessi þróun hafi

ekki síður áhrif á okkur fullorðna fólkið. Ég tel því að okkur sé öllum hollt að líta inn á við og spyrja okkur hvað það sé raunverulega sem skipti okkur máli. Ég held að við getum öll verið sammála um að efnisleg gæði umfram það sem nauðsynlegt er til að hafa í sig og á séu ekki það sem geri okkur hamingjusöm. Að sama skapi held ég að of fáir hafi raunverulegt gefið sér tíma til þess að velja því fyrir sér hvaða þættir það eru sem veita þeim raunverulega hamingju og hvernig þeir geti sjálfir haft áhrif á og jafnvel stýrt sinni líðan.“ ■



**Hræðilegt ástand** Nýlega réðst 15 ára afganskur piltur á þrjá jafnaldra sína með hníf að vopni í Moria-flóttamannabúðunum á Lesbos.

MYND: GETTY IMAGES

# Hræðilegt ástand á grískum eyjum

Rúmlega tuttugu þúsund flóttamenn og innflytjendur búa við mjög slæmar aðstæður

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@divis



**H**jálparstofnanir hafa að undanfögnu varað við skelfilegu ástandi í flóttamannabúðum á mörgum grískum eyjum. Þar hafast við um 24.000 flóttamenn og innflytjendur og eru aðstæður oft á tíðum mjög slæmar. Ástandinu hefur verið líkt við ástandið 2015 en þá var flóttamannastraumurinn til Evrópu í hámarki.

Nýlega réðst 15 ára afganskur piltur á þrjá jafnaldra sína með hníf að vopni í Moria-flóttamannabúðunum á Lesbos. Ekki er vitað hvað varð til þess að hann réðst á þá en einn drengjanna lést í árásinni. Þetta gerðist í þeim hluta flóttamannabúðanna sem er fyrir hælisleitendur á barns- og unglingsaldri. Þar er rými fyrir 160 manns en grískir fjölmiðlar segja að um 600 manns séu þar. Aðrir hlutar búðanna, sem sumir hafa líkt við Gvantanamó-fanga-búðir Bandaríkjamanna á Kúbu, eru einnig yfirfullir og það sama á við um flóttamannabúðir á Samos, Kios, Leros og fleiri eyjum. Þar verða mörg þúsund hælisleitendur að hafast við á meðan grísk yfirvöld fara yfir hælisisóknir þeirra. Rúmlega 24.000 flóttamenn og innflytjendur dvelja nú á eyjunum í Eyjahafi samkvæmt nýjustu, opinberu tölum. Þetta er mesti fjöldinn í þrjú ár. Mikill skortur er á plássi, heilbrigðisþjónustu og aðstöðu og jafnvel mat. Fólk er reitt og óttast um öryggi sitt. UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, segir að rúmlega 1.100 hælisleitendur á barnsaldri dvelji nú á

grísku eyjunum og sé þetta mesti fjöldinn síðan 2016.

Þegar rúmlega ein milljón flóttamanna kom til Evrópu 2015 komst Lesbos í kastljósið en stór hluti þessa fjölda kom í gegnum þessa eyju. Þegar straumurinn var sem mestur komu um 10.000 manns, aðallega sýrlenskir flóttamenn, til grísku eyjanna á hverjum sólarhring. Frá því í byrjun ágúst hafa rúmlega 6.500 manns, aðallega Afganir og Sýrlendingar, komið til eyjanna, sjóleiðis frá Tyrklandi að því að kemur fram í tölum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR. Sumar vikurnar hafa þrisvar sinnu fleiri komið í viku hverri en á sama tíma á síðasta ári.

Kyriakos Mitsotakis, forsætisráðherra Grikklands, hefur aðeins verið við völd í rúmlega tvo mánuði. Hann hefur boðað að hann ætli að vinna að bættum aðstæðum fyrir þá 84.000 flóttamenn og innflytjendur sem nú dvelja í flóttamannabúðum um allt land. Þegar hann fór í fyrstu Evrópuferð sína nýlega ræddi hann bæði við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Emmanuel Macron Frakklandsforseta. Flóttamannamálin voru eitt stærsta umræðuefnið. Merkel er sögð hafa hvatt Mitsotakis til að nýta flóttamannasamning ESB við Tyrkland betur. Samningurinn er talinn hafa dregið úr straumi flóttamanna og innflytjenda til grísku eyjanna en þeir hlutar samningsins sem snúa að endursendingu fólks frá Grikklandi til Tyrklands þykja ekki virka mjög vel. Samkvæmt samningnum á að vera hægt að senda fólk aftur til Tyrklands þegar það kemur



**Ekkert líf** Litlið barn sést bak við girðinguna í Moria-flóttamannabúðunum.

MYND: GETTY IMAGES

þaðan til Grikklands. En mjög hæg úrvinnsla mála hjá grískum yfirvöldum gerir að verkum að þetta ákvæði er ekki mikið nýtt.

Tæplega 1.900 manns hafa verið sendir aftur til Tyrklands samkvæmt þessu ákvæði.

Um 67.000 hælisleitendur bíða

þess að mál þeirra hljóti fullnaðar-afgreiðslu hjá grískum yfirvöldum en þau afkasta að meðaltali um 2.400 á mánuði. ■



Minning um fallna félaga Minningarathöfn á Staten Island um þá sem hafa orðið óþíóíða að brád.

MYND: GETTY IMAGES

# Einn afkasta- mestí morðingi samtímans

■ 400.000 dauðsföll í Bandaríkjunum einum ■ Af 70.000 dauðsföllum af völdum of stórra skammta er hægt að tengja tæplega 50.000 við óþíóíða

Kristján Kristjánsson ritstjorn@dv.is



Árlega látast um 70.000 Bandaríkjamenn vegna ofneyslu fíkniefna og löglegra lyfja, þar á meðal verkjalyfja. Nú eru þessi mál komin til kasta dómstóla víða um landið og þurfa lögmenn stóru lyfjafyrirtækjanna nú að mæta í dómstól til að verja fyrirtækin, en rúmlega 2.000 mál hafa nú þegar verið höfðuð gegn þeim. Stóra spurningin í þessu öllu saman er hvað sé sanngjarnt verð eða öllu heldur bætur fyrir 400.000 mannslíf á fríðartímum.

Nýlega dæmdi dómstóll í Oklahoma lyfjarisann Johnson & Johnson, sem hefur meðal annars selt efni sem eru notuð í verkjalyf, til að greiða um 550 milljónir dollara í sekt vegna þessa. Saksóknarinn hafði krafist margfalt hærri upphæðar í sekt, en var samt sem áður sáttur þegar dómur hafði verið kveðinn upp.

„Þetta er stór sigur fyrir Oklahoma, fyrir þjóðina og fyrir alla sem hafa misst ástvin eða vin af völdum ofneyslu,“ sagði ríkissaksóknari Oklahoma. En þetta var aðeins fyrsta skrefið í ferli sem getur tekið mörg ár enda munu lyfjafyrirtækin verjast með kjafti og klóm því mikið er undir. Þessi mikli misnotkunarfaldrar eru verkjalyfjum, þar á meðal óþíóíðum, hófst í lok tíunda áratugarins þegar lyfjafyrirtækin sannfærðu bandarísk yfirvöld um að aukaverkanir lyfja, sem eru gerð úr morfíni eða efnum sem líkjast morfíni og nefnast óþíóíðar, væru mjög litlar. Í kjölfarið hertu lyfjafyrirtækin markaðssetningu sína og á skömmum tíma leiddi það til mikillar misnotkunar og tugþúsunda dauðsfalla á ári hverju.

## Dældu út ávanabindandi verkjalyfjum

Í umfjöllun Washington Post um málið í sumar var sýnt fram á hvernig lyfjafyrirtækin beinlínis drektu litlum apóteikum í austurhluta Bandaríkjanna með mjög ávanabindandi verkjalyfjum. Eitt versta dæmið er Norton í Virginíu, um 600 kílómetrum suðvestur af Washington. Þar seldu apótekin rúmlega 300 töflur á ári að meðaltali á hvern íbúa og afleiðingarnar voru ekki lengi að koma í ljós.

Fjöldi dauðsfalla vegna misnotkunarinnar er 18 sinnum hærri í Norton en landsmeðaltalið. Auk þess er heilbrigðis- og félagsmálakerfi bæjarins löngu komið að þölmörkum og jafnvel út fyrir þau. Það sama á við um marga aðra smábæi í Bandaríkjunum.

„Fangelsin eru yfirfull og hátt hlutfall barna er nú alið upp af öfum og ömmum og réttarkerfið og viðbragðsaðilar eru undir miklu álagi,“ sagði Joseph Fawbush, bæjarstjóri í Norton, í samtali við Washington Post.

## Neyðarástand

Haustið 2017 lýsti Donald Trump Bandaríkjaforseti yfir neyðarástandi hvað varðar lýðheilsu vegna óþíóíðafaraldursins. Síðan þá hefur það gerst að þess merki eru farin að sjást faraldurinn hafi náð hæstu hæðum, að minnsta kosti í bili, en er enn á mjög háu stigi. Umræðan og mál lyfjafyrirtækjanna hafa vakið hörð viðbrögð stjórnmálamanna sem krefjast þungar refsingar yfir þeim hlutum heilbrigðiskerfisins sem hafa komið að þessum mál-



Halda fram sakleysi Johnson & Johnson telur sig ekki hafa brotið nein lög.

um. Það eru allt frá lyfjaverslunum til lækna og lyfjaframleiðenda.

„Í Bandaríkjunum notum við 80 prósent af heimsframleiðslunni af óþíóíðum og 2017, á einu ári, létust rúmlega 70.000 manns af völdum of stórra skammta,“ tísti Joe Manchin, þingmaður Demókrata frá Vestur-Virginíu, eitt sinn um faraldurinn, en heimaríki hans er meðal þeirra ríkja sem verst hafa orðið úti.

Af 70.000 dauðsföllum af völdum of stórra skammta er hægt að tengja tæplega 50.000 við óþíóíða. Þrátt fyrir að stigið hafi verið á bremsuna á undanföllum árum hvað varðar útskriftir lyfjaávisana upp á óþíóíða þá hafa neytendur haldið áfram að nota álíka efni, til dæmis hið margumrædda fentanyl sem er smyglað í miklu magni til Bandaríkjanna.

## Langvarandi ferli fyrir dómstólum

Uppgjör þessara mála fyrir dómi er bara rétt hafið og öruggt að á

„Þetta er stór sigur fyrir Oklahoma, fyrir þjóðina og fyrir alla sem hafa misst ástvin eða vin af völdum ofneyslu.“

næstu árum verður hart tekið á í dómstöllum um hvort lyfjafyrirtækjum beri að greiða fórnarlömbum bætur. Niðurstaða fyrrnefnds dóms frá Oklahoma bendir til að langur og harður slagur sé framundan. Hlutabréf í Johnson & Johnson hækkuðu í verði eftir að dómstúrið staðfesti lá fyrir því sektin var miklu lægri en margir höfðu átt von á og það sama á við um hlutabréfaverð í öðrum lyfjafyrirtækjum.

Johnson & Johnson, sem er kannski einna þekktast fyrir ýmsar barna- og snyrtivörur og lausafólulýf, telur sig ekki hafa brotið nein lög og áfrýjaði dómnum strax til æðra dómstígs. Rúmlega 2.000 önnur mál af svipuðum toga bíða nú fyrirtöku hjá dómstöllum en það eru bæði ríki Bandaríkjanna og einstök sveitarfélög sem stefna lyfjaframleiðendum, dreifingaraðilum og sölumönnum. Mörg þekkt lyfjafyrirtæki eru nú í skotlínunni. Þvert á það sem Johnson & Johnson gerði ákváðu lyfjafyrirtækin Teva og Purdue Parma að gera dómsátt í Oklahoma en

fyrirtækin framleiða samheitalyf. Þau greiddu samtals tæplega 300 milljónir dollara í sekt án þess þó að viðurkenna sekt sína. Þekktasta vara fyrirtækisins er Purdue Pharms Oxycontin, betur þekkt sem oxycodon. Purdue Pharma er í eigu hinnar moldríku Sackler-fjölskyldu sem er orðin samnefnari ófyrirleitinnar markaðssetningar. Þrátt fyrir harða gagnrýni á aðferðir fyrirtækisins ver það sig enn með kjafti og klóm.

## Staðreyndir um óþíóíða

Óþíóíði er heiti á lyfjum sem byggja á morfíni og morfínlíkum efnum og eru notuð sem verkjalyf. Talið er að fjórði hver sjúklingur misnoti þessa tegund lyfja og að tíundi hver verði háður þeim. Frá því á tíunda áratugnum hefur gríðarleg misnotkun á verkjalyfjum og skyldum lyfjum orðið um 400.000 manns að bana í Bandaríkjunum einum. Að minnsta kosti 1,7 milljónir Bandaríkjamanna misnota þessi ávanabindandi lyf. ■

# SAKAMÁL



**B**andaríkjamaðurinn Alfred Packer (1842–1907) naut þess vafasama heiðurs að vera annar tveggja Bandaríkjamanna sem dæmdir voru fyrir mannát. Í nóvember árið 1873 lagði hópur manna, 21 í allt, af stað frá Provo í Utah. Förlingurinn var heitið til gulleitarsvæðisins Breckenridge í Colorado. Ekki var á vísan að róa hvað veður áhræðir og í febrúar, 1874, ákvað meirihluti leiðangursmanna að láta staðar numið um sinn, í Montrose í Colorado. Sex manns hunsuðu ráðleggingar sér reyndari manna og héldu för sinni áfram og hugðust fara til Gunnison. Þeirra á meðal var Alfred Packer.

# GRIMMDARVERK

■ Kim, Jill og Brad voru skotin til bana ■ Eiginmaður Kim var sakfelldur í tvígang

**O**ft er haft á orði að vegir Guðs séu órannsaklegir og engin ástæða til að bera brögður á þá fullyrðingu, sé maður þannig þenkjandi. Slíkt hið sama má segja um vegi réttlætis-gyðjunnar og eru þess mýmörg dæmi.

Saga þessi hefst að kvöldi fimmtudags, 28. september árið 2000, á heimili Camm-fjölskyldunnar í Georgetown í Indiana-fylki í Bandaríkjunum.

Í bílskúr fjölskyldunnar fundust lík eiginkonu Davids Camm, Kim, og tveggja barna, Brads, sjö ára, og Jill, fimm ára. Þau höfðu öll verið skotin til bana.

David Camm, sem var fyrrverandi fyrrverandi fylkislögreglu-maður, fann líkin þegar hann, að eigin sögn, kom heim eftir að hafa leikið körfubolta við kirkju í grennd við heimilið.

## Reyndi endurlífgun

Samkvæmt dómsskjölum hafði David verið í körfubolta frá klukkan sjö um kvöldið til klukkan 20 mínútur yfir níu. „Síðan ók hann heim og fann Kim, sem hann ályktaði samstundis að væri dain, liggjandi við hlið Bronco-bifreiðar hennar. Síðan sagðist hann hafa litið inn í bílinn og séð Jill og Brad. David Camm hélt að Brad væri hugsanlega á lífi og tók hann úr bílnum, lagði hann á gólf bílskúrsins og reyndi endurlífgun.“

Sagðist David hafa hringt í lögregluna og síðan hlaupið heim til afa síns, sem bjó hinum megin götunnar, og sagt honum tíðindin.

## Skothvellir í kvöldkyrdinni

Sunnudaginn 1. október var David handtekinn og kærður fyrir þrjú morð. Talið var að dauða Kim og barnanna hefði borið að skömmu eftir 21.15. Vitni sagði að á milli 21.15 og 21.30 hefði það heyrt þrjá hvelli, sem hugsanlega hefðu verið skothvellir.


Þann 3. október sagði annað vitni að það hefði heyrt þrjá skothvelli nálægt heimili Camm-fjölskyldunnar skömmu eftir þann tíma sem David fullyrti að hann hefði hætt að leika körfuknattleik með vinum sínum.

## Deilt um blóðbletti

Fyrstu réttarhöldin í máli Davids Camm hófust um miðjan janúar árið 2002 í Floyd-sýslu. Það var mat réttarmeinafræðings að Kim og börnin hefðu verið myrt um átta leytið um kvöldið.

Ákærvaldið fullyrti að blóðblettir á skyrtu Davids umrætt kvöld hefðu komið til er hann skaut fjölskyldu sína. Verjandi vís-

Camm-fjölskyldan David, Kim og börnin tvö.



Bílskúrin Kim og börnin fundust skotin til bana í Bronco-bifreið.



aði því á bug og sagði það tilkomið vegna þess að David hefði athugað lífsmörk barna sinna.

Ellefu vitni báru að David hefði verið í körfubolta frá klukkan 19.00 til 21.00.

## Vitlaus símhringingaskrá

Skrá yfir símhringingar sýndi að David hafði hringt heiman frá sér klukkan 19.19 sem benti til þess að frásögn vitna væri ekki áreiðanleg. Starfsmaður símafyrirtækisins sagði aftur á móti að símtalið hefði átt sér stað klukkan 18.19, en vegna tölvubilunar virtist sem það hefði átt sér stað klukkutíma síðar.

Engu að síður varð það niður-

staða kvíddóms að David væri sekur og hann fékk 195 ára fangelsisdóm 11. apríl árið 2002.

## Óviðeigandi vitnisburður kvenna

Áfrýjunardómstóll ógilti þann dóm í ágúst 2004. Talið var að vitnisburður tólf kvenna hefði haft áhrif á niðurstöðu kvíddóms á David Camm. Sögðust konurnar annaðhvort hafa átt í sambandi við hann eða að hann hefði leitað eftir nánari kynnum við þær.

Í nóvember, sama ár, lagði saksóknari, Keith Henderson, fram ákæru á hendur David Camm að nýju.

Charles Boney Á vettvangi fannst peysa sem hann hafði átt.



„Ég veit að hann á í vandræðum með skapið,“ sagði hún um Boney.

## Málið tekur nýja stefnu

Í febrúar árið 2005 féll grunur á Charles nokkurn Boney. Það hafði verið vitað síðan 2003 að lífsýni úr óþekktum karlmanni hafði fundist á peysu sem fannst á vettvangi.

Árið 2005 var lífsýninu rennt í gegnum gagnagrunn og í ljós kom að það tilheyrði Charles.

Charles þessi var vafasamur pappír og að sögn fyrrverandi eiginkonu hans hafði hann barið hana, hótad að drepa hana og notað rafbyssu á hana. En hún trúði samt á sakleysi hans í þessu máli. „Ég veit að hann á í vandræðum með skapið,“ sagði hún.

## Fingraför á bílnum

Charles viðurkenndi að hafa átt peysuna, en hann hefði losað sig við allan fangelsisfatnað sinn þegar hann losnaði úr fangelsi, þremur mánuðum áður en morðin voru framin. Hann hefði farið með fötin til Hjálpræðishersins.

Peysan hafði í sjálfu sér ekki haft mikla þýðingu ein og sér, en einnig fundust fingraför Charles á bíl Davids.

Charles sagðist hafa komið á heimili Camm-hjónanna til að selja skammbyssu um svipað leyti og morðin voru framin.

Þann 5. mars, 2005, var Charles


Pann 16. apríl kom Alfred Packer einn til byggða í Los Pinos skammt frá Gunnison. Aðspurður hverju sætti, svaraði Alfred að hann hefði neyðst til að bana samferðamönnum sínum í sjálfsvörn. Líkamsleifar þeirra fundust og bar áverkum ekki saman við útskýringar Alfreds. Í ljós koma að Alfred hafði banað þeim og gert sér þá að góðu svo hann slyti ekki í hel þar sem þeir sátu fastir í Klettafjöllum. Alfred var dæmdur til dauða, en dómnum síðar breytt í 40 ára fangelsisdóm, sem urðu 15 þegar upp var staðið. Alfred var stundum kallaður Alferd, því lesblindur húðflurari hafði misritað nafn hans þegar Alfred fékk sér húðflúr.



# KÍ GEORGETOWN

fyrir morðin ■ Sagðist alltaf vera saklaus

David Camm Hélt alltaf fram sakleysi sínu.



Bolur Davids Á honum fannst blóð úr börnum hans.



Peysa Boney Kom mjög við sögu í réttarhöldunum.

„Í raun og veru þá fékkstu falleinkunn í almennri efnafræði,“ sagði verjandinn við Stites.

„Ellefu vitni báru að David hefði verið í körfubolta frá klukkan 19.00 til 21.00.“

handtekinn og ákærður. Fjórum dögum síðar voru ákærur á hendur David Camm felldar niður, en það reyndist honum skammgóður vermir.

### Tveir sakborningar

Tilkynnt var að réttað yrði yfir Charles og David samtímis. Báðir voru ákærðir fyrir þrjú morð. Réttarhöldin skyldu hefjast 9. janúar, 2006.

Í millitíðinni, í september 2005, var leitað daglangt að morðvopninu í vatni í Floyd-sýslu. Vatnið er í um 20 kílómetra fjarlægð frá heimili Camm-fjölskyldunnar í Georgetown. Leitin bar engan árangur.

Pann 26. janúar, 2006, var Charles Boney sakfelldur fyrir morðin og viku síðar fékk hann 225 ára fangelsisdóm. Hann áfrýjaði dómnum en 2008 var úrskurðað að dómurinn skyldi standa.

### Tekist á í réttarsal

Í öðrum réttarhöldunum yfir David Camm, sem hófust í janúar 2006, fullyrti saksóknarinn, Keith Henderson, að Kim hefði upp-götvað að David nýddist kynferðislega á Jill, dóttur þeirra. Hann hefði síðan myrt alla fjölskylduna til að fela glæpin. Vinur Kim bar vitni og sagði að Kim hefði ekki verið eins og hún átti að sér vikurnar fyrir morðin og hefði ætlað að fara með börnin til Flórída.

Verjandinn vísaði þessu á bug og sagði ekkert benda til annars en Kim hefði verið hamingjusöm; hún hefði meðal annars verið nýbúin að taka svefnherbergi hjónanna í gegn.

Pann 13. febrúar lagði saksóknarinn málið í hendur kviðdóms. Þá lá fyrir vitnisburður tveggja lækna sem töldu að Jill hefði verið misþyrmt kynferðislega. Til að gera langa sögu stutta þá komst kviðdómur að þeirri

niðurstöðu, 3. mars, að David Camm væri sekur.

### Sáttur saksóknari

Keith Henderson var að vonum afar ánægður með niðurstöðuna og sagði að ljósi þess að Camm hefði verið sakfelldur í tvígang teldi hann litlar líkur á áfrýjun.

Henderson var helst til fljótur að fagna því dómnum var áfrýjað á þeim forsendum að hann hefði í lokaorðum sínum talað um að Camm hefði niðst kynferðislega á dóttur sinni. Að mati áfrýjunardómstólsins var fátt ef nokkuð sem studdi þá fullyrðingu, sem hefði þó án efa haft áhrif á kviðdómara.

Í desember, 2009, lagði Henderson fram ákæru á hendur David Camm, enn og aftur.

### Sérstakur dómari

Í júní 2010 fóru verjendur Camm fram á sérstakur dómari yrði skipaður og fengu því framgengt. Tæpu ári síðar fóru verjendurnir fram á að nýr sérstakur saksóknari yrði fenginn í stað Keiths Henderson. Þeim fannst ekki við hæfi að maður sem hefði skrifað undir samning um ritun bókar um morðin færi fyrir ákærvaldinu.

Í febrúar, 2012, var skipaður nýr saksóknari í málinu. Ákveðið var að réttarhöld hæfust 5. ágúst, 2013, í Boone-sýslu í Indiana og gert ráð fyrir að Charles Boney myndi bera vitni.

### Þráttáð um Boney og fleira

Í aðdraganda þriðju réttarhaldanna þráttuð sækjandi og verjandi um hve mikið rými vitn-

isburður Boney skyldi fá. Vörnin lagði hart að nýjum, sérstökum saksóknara að hún fengi, í ljósi glæpaferils Boney, að reifa þann möguleika að hann og enginn annar hefði staðið að morðunum á Camm-fjölskyldunni. Camm hefði ekki átt nokkra að aðild að þeim.

Ásakanir gengu á víxl og sakaði sækjandi verjanda, og öfugt, um að teja málið, leyndu upplýsingum um sérfræðivitni og sönnunargögn ýmis.

Vörnin fékk heimild til að láta rannsaka frekar lífsýni í áður nefnda peysu sem fannst á vettvangi.

### Málalyktir

Á meðal þeirra sem rannsökuðu peysuna fyrir ákærvaldið árið 2006 var Robert nokkur Stites. Við þriðju réttarhöldin viðurkenndi hann að hafa logið um réttindi sín á þeim tíma; hann hefði aldrei fengið innritun í mastersnám eða nokkuð slíkt. „Í raun og veru þá fékkstu falleinkunn í almennri efnafræði,“ sagði verjandinn við Stites. Robert Stites gaf í skyn að sækjandinn á þeim tíma hefði hjálpað til við að fegra réttindi hans.

Fyrirverandi yfirmaður réttarmeinafræðideildar New Yorkborgar taldi ekki raunhæft að byggja mál á þremur óljósum blóðblettum á peysu.

Enn og aftur, til að gera langa sögu stutta; 24. október, 2013, var David Camm sýknaður af öllum ákærum. Þannig fór nú það. ■

# Grínid getur reynst algjör böl

*Óttast ekki að verða aflífaður af virkum í athugasemdum – Mikið af bulli í höfðinu á mér*

Iris Hauksdóttir  
iris@dv.is



Jakob Birgisson hefur slegið í gegn sem uppistandari og nú er ár síðan hann flutti sína fyrstu sýningu. Í október mun hann endurtaka leikinn og hann hefur fengið til liðs við sig grínistann Jóhann Alfred, sem gert hefur gardinn frægan með uppistands- hópnum Mið-Íslandi. Jakob er jafnframt yngsti handritshöfundur áramótakaupsins 2019 og segir það mikil forréttindi að vinna með reynslumiklu fólki.

Jakob hefur á stuttum tíma getið sér gott orð sem uppistandari en hann þreytti frumraun sína fyrir sléttu ári þegar hann troðfyllti veitingastaðinn Hard Rock átta kvöld í röð ásamt því að sýna bæði á Akureyri og Selfossi. Á þessum tíma stóð Jakob á krossgötum í lífinu, hann var tvítugur, nýbyrjaður í háskóla og foreldra hans fluttir úr landi.

Sýninguna byggði hann á hversdagslegum áhyggjum, almennu dægurmálaþrasi Íslendinga og áleitnum spurningum, sem honum þótti nauðsynlegt að fá svör við. Jakob segir hugmyndir sínar að gríni koma alls staðar að. Í október heldur hann sitt annað uppistand í Tjarnarbíói með Jóhanni Alfred og nefnist sýningin Allt í gangi — Jakob Birgis og Jóhann Alfred. „Ég var búinn að gæla lengi við hugmyndina um að fara út í uppistand, eiginlega svo lengi að vinir mínir voru hættir að taka mark á mér,“ segir Jakob í samtali við blaðakonu. „Það var svo í afmæli móður minnar sem ég sló fyrst til og flutti fimmtán mínútur. Nokkrum mánuðum síðar var sýningin mín klár. Það var frekar notaleg upplifun að troða upp í fimmtugsafmæli móður minnar með fjölskyldu og vinum, en það gaf mér aukinn kraft og hvatningu.“

## Framdi gríngjörning í algjörri uppreisn

Áður hafði Jakob tekið þátt í undankeppni Skrekks en hann segir Hagaskóla vera frábrugðinn öðrum grunnskólum, því hann heldur innanskólaforkeppnina Hroll og fer það atriði sem sigur ber úr bítum áfram í aðalkeppnina, Skrekk. „Þessi undankeppni skartar dómnefnd enda Hagaskóli þekktur fyrir að leggja allt í sölnar þegar kemur að svona löguðu. Oftast eru þetta dans- og söngatriði, en í einhverri uppreisn hjá mér ákvað ég að halda einhvers konar gríngjörning, sem vann að lokum.“

Ég fór því fyrir hönd skólans áfram í Skrekk og í kjölfarið fór boltinn aðeins að rúlla.

Ég var fenginn sem kynnir í söngkeppnum á vegum Menntaskólans í Reykjavík, að grunnskólagöngu minni lokinni. Eftir útskrift tók ég svo önn í stjórn-

málafræði og eftir áramótin blossaði upp í mér einhver rómantík um að læra íslensku við Háskólann, en ég hætti fljótlega í háskólanum.“

Jakob segist vera ágætur námsmaður en að hefðbundið skólalíf henti honum ekki endilega.

„Mér hefur alltaf leiðst í skóla og það var svolítið uppsprettan að gríninu. Ég bullaði töluvert meira en að læra.“

Ég var oft í einhverri uppreisn og leitaði stöðugt leiða til að grínast, svo ég þyrfti ekki að læra. Með tímanum fór ég svo að einbeita mér æ meira að bröndurinum og þróa með mér leið til að semja stutta og hnitmiðaða brandara sem hentuðu á sviði. Málið er, að það grínast allir, við mætum í matarboð og grínumst en fæstir hugsa þó hvernig hægt sé að út-færa brandarana á sviði. Í dag er ég mjög fastur í þessum hugsunarhætti, sem getur verið algjör bö-

Ég reyni þó að láta þetta ekki trufla mig of mikið því það getur verið skrítið að vera staddur einhvers staðar og byrja að skrifa eitthvað hjá sér. En ég er í stanslausri leit.“

## Hugmyndirnar kvikna oftast í sturtu

Það var í ágúst á síðasta ári sem Jakob hellti sér á fullu í undirbúningsvinnu fyrstu sýningar sínar en hann fékk vin sinn, Ísak Hinriksson, með sér í verkefnið. „Þrátt fyrir að Ísak sé aðeins einu ári eldri en ég hefur hann gríðarlega reynslu. Hann hefur meðal annars unnið með Mið-Íslandi sem tæknimaður og komið að hliðum uppistandsins sem ég þekkti lítið sem ekkert. Hann hefur starfað við að keyra leiksýningar og leikstýrt og skrifað þrjár stuttmyndir. Hann hefur því ekki bara listræna sýn heldur líka reynslu í að halda utan um allt. Og það er meira en að segja það, að bóka sal, setja sýningu í sölu



MYNDIR: EYÞÓR ÁRNASON

og allt þetta ferli sem getur reynst mjög flókið, að minnsta kosti fyrir byrjanda. Ég á honum því mikið að þakka. Sýningin náði svo ágætu flugi, gekk raunar vonum framar, sem kom mér svolítið á óvart, þrátt fyrir að ég hafi verið nokkuð öruggur með það sem ég var að gera.

Maður þorir aldrei að láta sig dreyma um svona viðtökur en þetta var virkilega ánægjulegt.

Sem frumraun var þetta eðlilega hálfgerð tilraunarsýning og því er ég gríðarlega spenntur að gera næstu sýningu, því núna veit ég hvað ég er að fara út í. Handritið er í vinnslu en það er erfitt að svara því hvernig maður skrifar brandarana. Ég veit það eiginlega ekki sjálfur. Ætli maður læri það ekki með tímanum. Ferlið hjá mér hefst oft í sturtu eða í göngutúrum, svo leyfi ég hugmyndunum að gerjast í höfðinu á mér. Allt í einu finn ég samhengið og reyni að byggja sýninguna upp með þeim hætti.“

#### Mikið af bulli í höfðinu á mér

Jakob segist tengja við það algenga vandamál að hreinlega drukkna í hugmyndum þegar hann hefur lagt höfuðið á koddann. „Já, það er hrikalegt vandamál, en ég á almennt mjög erfitt með svefn. Pabbi hefur oft bent mér á að fara til svefnsérfræðings. Hugsanirnar halda fyrir mér vöku og það er ákveðið böll. Ég væri oft til í að geta hreinlega slökkt á mér. Helst af öllu myndi ég vilja vera björn og leggjast í hiði því flestar af þessum hugsunum er gagnslausar. Ég fæ engar tímamótahugmyndir sem munu gera eitthvert gagn, breyta loftslagsvandann eða eitthvað slíkt. Ekki þar fyrir, ég held að grín sé alveg jafn mikilvægt og hvað annað, en í grunninn eru þessar hugsanir að mestu leyti bara bull. Það er mikið af bulli í höfðinu á mér, og það getur reynst erfitt á köflum.“

Málið er að það grínast allir, við

mætum í matarboð og grínumst en fæstir hugsa þó hvernig hægt sé að útfæra brandarana á sviði. Mynd: Eyþór Arnason

Spurður hvort hann einblíni á ákveðna samfélagshópa eða nýti sér þá sérstöðu að tilheyra yngri kynslóð grínista, segist Jakob lítið velta sér upp úr aldri. „Ég hugsa aldrei um að ég sé ungur og hvernig ég eigi að nýta mér það. Uppistandssenan er frá mínum bæjar- dyrum séð frekar ung, fólk á fertugsaldri er ekki gamalt. Uppistand er þónokkuð nýtt af nál- inni hér á Íslandi í þeirri mynd sem við sjáum í dag. Við sjáum sí- fellt fleiri sýningar hjá einstakling- um, en fólk er vissulega vanara að sjá aðeins eldri uppistandara en mig. Ég bý sem dæmi enn hjá foreldrum mínum og tala um það sem fólki finnst fyndið í því sam- hengi, svo sjálfkrafa er ég með ein- hverja sérstöðu þar, en það hafa allir eitthvað, sama hvort það er

aldur eða annað. Ég reyni aðal- lega að tileinka mér þá hugsun, hvað er fyndið í almennri hegðun. Það þarf ekki að vera flókið því það sem er einfalt er oftast best.“

#### Blindfullt fólk á ekki að hlusta á grín

Þegar Jakob er spurður um mun- inn á milli kynjanna í uppistandi segir hann líklega einhverja breytu þar í. „Ég vil fara varlega í að tala um það, enda er erfitt fyrir mig að álykta hvernig það er að vera kven- kyns uppistandari þegar ég hef ekki reynsluna af því sjálfur. Hins vegar búum við í samfélagi sem leitast við að festa konur í ákveðnu hlutverki og gerir almennt meiri kröfur til þeirra. Annars held ég að best sé að spyrja konur út í þeirra upplifun af skemmtanabransan- um fremur en að ég sé að tjá mig mikið um það.“

Aðspurður segist Jakob ekki hafa lent í miklum hrakförum

sem uppistandari þótt starfið sé ekki alltaf dans á rósum. „Ég reyni að vera æðrulaus. Það versta sem ég get hugsað mér að lenda í sem uppistandari er helst salur þar sem langt er liðið á kvöldið og maður nær ekki athyglinni. Blindfullt fólk, sem getur ekki talað lengur saman, á ekkert að vera hlusta á grín. Það er því al- menn regla hjá uppistöndurum að vera ekki of seint í dagskránni. Það er gott að fá smá grín í upp- hafi eða við miðju kvölds, léttu aðeins á stemningunni, svo getur fólk haldið skrallinu áfram og gert það sem því sýnist. En auðvitað getur grínið líka ekki farið á þann veg sem maður óskaði sér, það er hægt að lenda á erfiðum hópi sem hlær ekki eins mikið og flestir. Það er líka allt í lagi. Og ég er óhrædd- ur við að gera mistök, það þroskar mig og gerir mig að betri grínista.“

#### Óttast ekki að verða aflífaður af virkum í athugasemdum

Mikið hefur verið rætt um hvað megi og hvað megi ekki í uppi- standi. Má gera grín að hverju sem er? „Ég hef aldrei þurft að spá mikið í það hverju má gera grín að og hverju ekki. Ég hef enga línu til að miða við nema mín eigin síð- ferðismörk sem ég veit svo sem ekkert sjálfur hvar liggja. Það er kannski bara eðlilegt að reyna að teygja einhver mörk og sjá hvað maður fílar sjálfur, kannski þarf maður einhvern tímunn að stíga yfir einhverja línu sem ég held að ég hafi nú ekki gert hingað til. En ég lenti lítið í því að hugsa um að ég megi ekki segja eitthvað, því það er hægt að segja allt sem ma- ður vill á sinn hátt og gera grín að öllu, það skiptir bara máli hvernig það er gert og ég hef engar áhyggj- ur af því. Ef ég vil segja eitthvað þá finn ég leið til þess. Auðvitað grínast maður á alls konar hátt og um ýmislegt en það er svo ofsa- lega hollt og ég hef upplifað það hvað mér finnst í gegnum grín og myndað mér skoðanir þannig. Einhver umræða hefur verið um að það megi ekkert segja, ég held að það sé ekkert sérstaklega á rök- um reist. Kannski er fólk aðal- lega hrætt við að segja eitthvað og vera í kjölfarið aflífað á netinu, en fyrir mér er það ekkert sérstakt áhyggjuefni.“

#### Þakklátur fyrir að læra af þessu fólki

Samhliða uppistandinu tekst Jak- ob á við enn stærra verkefni. Hann er yngsti handritshöfundur ára- mótaskaupsins. Undirbúnings- vinna er þegar hafin og segir hann mikinn heiður að fá að starfa með svo stórum hópi hæfileikafólks. Hópurinn samanstendur af Reyni Lyngdal leikstjóra, Dóru Jóhannsdóttur yfirhandritshöfundu, Lóu Hjálmtýsdóttur, Þorsteini Guð- mundssyni, Völu Kristínu Eiríks- dóttur, Sævari Sigurgeirssyni, Hugleiki Dagssyni, og Jakobi sjálf- um. „Reynir Lyngdal leikstjóri hafði samband við mig, en fram- leiðslufyrirtækið Republik sér um framleiðslu skaupsins. Þetta er gott fólk og með mikla reynslu. Við erum líka á mismunandi aldri sem er jákvætt og ég er þakklátur fyrir að fá að læra af þessu fólki, það er svo sannarlega ekki sjálf- gefið. Eins og staðan er í dag er það alveg raunhæfur möguleiki að ég leggi grínið fyrir mig sem ævi- starf, enda er fjöldi fólks sem vinn- ur við það, en ég hef ekki ákveðið neitt. Ég starfa sem grínisti eins og er. Og á meðan ég get það og hef áhuga á því held ég áfram. Þetta er klárlega eitthvað sem ég vil halda opnu og gera eins vel og ég get.“ ■

# Vertu velkomin á

# LJÓSANÓTT

# 2019

**Dagskrá LJÓSANÆTUR 2019**  
**Nánar um alla viðburði á ljosanott.is**

## FÖSTUDAGUR

- Kl. 07:00 – 10:00  
Sundmiðstöðin við Sunnubraut  
MORGUNSUND GEFUR GULL Í MUND
- Kl. 12 – 18.  
DUUS SAFNAHÚS  
Duusgötu 2-8
- Kl. 12:00 – 18:00, einnig laugardag og  
sunnudag  
BLACK KROSS TATTOO, POP-UP SHOP@  
HÁRÁTTA  
Hafnargata 54
- Kl. 17:00 – 19:00  
KEFLAVÍK – NES  
Nettóvöllurinn, Hringbraut
- Kl. 17:00 – 19:00  
LJÓSANÆTURSKEMMTUN FYRIR 5.-7.  
BEKK  
Fjörheimar, Hafnargötu 88
- Kl. 17:00 – 17:40  
BARNASÖNGVAR Á BERGINU  
Bakkavegur 18
- Kl. 17:30 – 18:00  
LJÓÐSAMKEPPNIN LJÓSBERINN –  
ÚRSLIT  
Duus Safnahús, Duusgötu 2-8
- Kl. 18:00 – 20:30

- LAMBALÆRISSNEIÐAR Í FÉLAGSHEIMILI  
KEFLAVÍKUR  
Sunnubraut 34
- Kl. 18:00 – 19:00 og kl. 20:00 – 21:00  
SIGGA KLING, VALDÍS, LIFANDI TÓNLIST  
KEF restaurant, Hótel Keflavík,  
Vatnsnesvegi 12
- Kl. 18:00 – 21:00  
BOXMÓT LJÓSANÓTT  
Smiðjuvellir 5
- Kl. 18:00 – 23:00  
BRYGGJUBALL SAMEINAST GÖTUPARTÝ  
Hafnargata 30 (á mótum Hafnargötu og  
Tjarnargötu)
- Kl. 19:00 – 21:00  
SKÓLAMATUR BÝÐUR Í KJÓTSÚPU  
Hafnargata 30 (á mótum Hafnargötu og  
Tjarnargötu)
- Kl. 19:00  
LJÓSANÆTURMÓT Í PÍLUKASTI  
Keilisbraut 775, Ásbrú
- Kl. 19:00 -19:45  
GULLKISTAN Á GÖTUPARTÝ  
Hafnargata 30
- Kl. 19:00 – 20:00  
TÓNLISTARDÚÓIÐ KRISTJÁN OG SÍSÍ  
KEF restaurant, Hótel Keflavík
- Kl. 19:30 – 20:30

- KVÖLDVERS – KLASSÍK Í  
KEFLAVÍKURKIRKJU  
Keflavíkarkirkja
- Kl. 20:00  
HARMONIKUBALL Á NESVÖLLUM  
Nesvellir, Njarðarvöllum 4
- Kl. 21:00 – 23:00  
HEIMATÓNLEIKAR Í GAMLA BÆNUM  
Gamli bærin
- Kl. 21:00 – 22:30  
GARÐPARTÝ N8  
Norðurvellir 8
- Kl. 21:00 – 05:00  
VALDIMAR OG KGB Á PADDY'S  
Paddys Beach Club, Hafnargötu
- Kl. 21:00 – 23:00  
DJ ADAMAIS ADAMIX OG DJ THEODOR  
Á GÖTUPARTÝ  
Götupartý, Hafnargötu 30
- Kl. 23:45 – 03:00  
JÚDAS 50 ÁRA AFMÆLISSTUÐ Á RÁNNI  
Ráin, Hafnargötu 19

## LAUGARDAGUR

- Kl. 10:00 – 13:00  
MORGUNVERÐARHLAÐBORD  
KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR  
KEFLAVÍKUR  
Íþróttahúsinu v/Sunnubraut



REYKJANESBÆR

GeoSilica®  
ICELAND



- Kl. 10:00 – 17:30  
PETANQUE REYKJAVÍK KYNNIR  
Gamli malarvöllurinn v/Hringbraut
- Kl. 10:30 – 11:30  
SKOPPA OG SKRÍTLA Í STAPA  
Stapi, Hljómahöll
- Kl. 10:30 – 12:00  
GALDRANÁMSKEIÐ EINARS MIKAELS  
FYRIR 7-12 ÁRA  
Íþróttakadémián, Afreksbraut
- Kl. 11:00 – 17:00  
LJÓSANÆTURMARKAÐUR  
NETVERSLANA  
Íþróttahúsinu v/Sunnubraut
- Kl. 11:00 – 12:00  
GÖTUR MINNINGANNA  
Háholt, Keflavík
- Kl. 11:00 – 13:00  
STERKASTI MAÐUR SUÐURNESJA 2019  
Túnið milli Hafnargötu og Ægisgötu/  
hátíðarsvæði
- Kl. 11:00 – 16:00  
FLUGMÓDELFLÉLAG SUÐURNESJA TEKUR  
Á MÓTI GESTUM  
Flugvöllur þeirra við Arnarvelli (Seltjörn)
- Kl. 11:00 – 19:00  
HÖNNUN, MYNDLIST OG FJÖR Á PARK  
INN BY RADISSON  
Hafnargötu 57
- Kl. 12 – 18.  
DUUS SAFNAHÚS  
Duusgötu 2-8
- Kl. 13:00 – 17:00  
OPIÐ HÚS SÁLARRANNSÓKNARFÉLAGS  
SUÐURNESJA  
Víkurbraut 13
- Kl. 13:00 – 17:00  
SMÁSTUNDARKUBBARNIR  
Grasbali fyrir aftan Duus Safnahús
- Kl. 13:00 – 23:00  
GÖTUPARTÝ LJÓSANÆTUR
- Kl. 13:30  
ÁRGANGAGANGAN MÍNUS 20  
Hafnargata
- Kl. 14:00 -14:30  
GÖTUTÓNLEIKAR BRASSL  
Hafnargata 50
- Kl. 14:00 – 17:00  
SKESSAN BÝÐUR Í LUMMUR  
Skessuhellir í Gróf
- Kl. 14:00 – 17:00  
HÁTÍÐ Í HÖFNUM, Hafnir
- Kl. 14:00 – 16:00  
DÚETTINN DÚLLUDÚSKARNIR  
Hafnargata
- Kl. 14:30 17:00  
TÖFRAMAÐURINN EINAR MIKAEL,  
CLUBDUB, LEIKHÓPURINN LOTTA,  
DANSKOMPANÍ OG TAEKWONDO Á  
ÚTISVIÐI
- Kl. 14:30 – 17:00  
SYNGJANDI SVEIFLA Í DUUS

- SAFNAHÚSUM  
Duus Safnahús, Duusgötu 2-8  
Nýir tónleikar hefjast á hálf tímafresti  
allan laugardaginn
- Kl. 14:30 – 16:30  
HJÓLABRETTAGLEÐI Í  
UNGMENNAGARÐINUM  
Hafnargata 88
  - Kl. 14:30 16:00  
RAKUBRENNSLA  
Í portinu við Svarta pakkhús og  
Fischershús
  - Kl. 14:30  
HÚLLADÚLLAN MEÐ BARNASKEMMTUN  
Við gaflinn á Duus Safnahúsum
  - Kl. 15:00 – 16:00  
ASKTUR BIFHJÓLA OG GLÆSIKERRA  
Hafnargata
  - Kl. 15:00 – 16:00  
FRIÐRIK DÓR Á PADDY'S EFTIR  
ÁRGANGAGÖNGU  
Paddy's Beach Club
  - Kl. 15:00  
CLUBDUB  
Aðalsvið, hátíðarsvæði
  - Kl. 15:30  
TÖFRASÝNING OG ÍSLANDSMET Í  
TÖFRABRÖGÐUM MEÐ EINARI MIKAEL  
Aðalsvið, hátíðarsvæði
  - Kl. 16:00  
LEIKHÓPURINN LOTTA  
Aðalsvið, hátíðarsvæði
  - Kl. 17:00 – 18:00  
GLOBUS VÍNKYNNING  
KEF restaurant, hótél Keflavík
  - Kl. 17:00 – 20:00  
FORDRYKKUR, KYNNING OG  
SKEMMTUN FYRIR BÖRN OG  
FULLORÐNA  
Urta Islandica, Básvegi 10
  - Kl. 18:00 – 20:00  
SILENT DISCO Á GÖTUPARTÝ  
Götupartý, Hafnargötu 30
  - Kl. 19:00 – 20:00  
TÓNLISTARDÚÓIÐ KRISTJÁN OG SÍSÍ  
KEF restaurant, Hótél Keflavík
  - Kl. 19:00  
TRÍÓIÐ DELIZIE ITALIANE  
Veitingastaðurinn Library Bistro/Bar
  - Kl. 20:30  
STÓRTÓNLEIKAR Á ÚTISVIÐI  
Aðalsvið, hátíðarsvæði
  - Kl. 21:30  
HÚLLADÚLLA MEÐ FUNHEITT ELDATRIÐI  
Í portinu við Svarta pakkhúsið
  - Kl. 22:30  
BJARTASTA FLUGELDASÝNING LANDSINS  
Hátíðarsvæði, Hafnargötu
  - Kl. 23:00 – 03:30  
STÓRBALL STJÓRNARINNAR

- Ráin, Hafnargötu 19
- Kl. 23:00 – 05:00  
BALL MEÐ HOBBITUNUM OG  
FÖRUNEYTINGU  
Paddy's Beach Club
  - Kl. 23:55 – 05:00  
LJÓSANÆTURPARTÝ H30  
Hafnargata 30  
Silent Disco og Nokto
  - Kl. 23:59 – 04:00  
LJÓSANÆTURBALLIÐ 2019  
Hljómahöll

## SUNNUDAGUR

- Sýningar, leiktæki og sölutjöld opin
- Kl. 07:00 – 15:00  
OPNA LJÓSANÆTURMÓTIÐ Í GOLFI  
Hólmsvöllur í Leiru
  - Kl. 11:00 – 17:00  
LJÓSANÆTURMARKAÐUR  
NETVERSLANA  
Íþróttahúsinu v/Sunnubraut
  - Kl. 12 – 18.  
DUUS SAFNAHÚS  
Duusgötu 2-8
  - Kl. 13:00 – 17:00  
HÖNNUN, MYNDLIST OG FJÖR Á PARK  
INN BY RADISSON  
Hafnargötu 57
  - Kl. 13:00 – 17:00  
MENNINGARDAGSKRÁ Í HÖFNUM
  - Kl. 13:00 – 17:00  
OPIÐ HÚS SÁLARRANNSÓKNARFÉLAGS  
SUÐURNESJA  
Víkurbraut 13
  - Kl. 14:00 – 15:00  
LEIÐSÖGN UM PÓLSKU  
GRAFÍKSÝNINGUNA  
Duus Safnahús
  - Kl. 14:00 -16:00  
GAMLA BÚÐ OPIN GESTUM.  
Á horni Duusgötu og Vesturbrautar
  - Kl. 15:00  
LEIÐSÖGN GALDRAMEISTARANS  
Duus Safnahús, Stofan
  - Kl. 15:00 – 16:30  
JÓNAS SIG OG ELÍZA NEWMAN Í  
KRIKJUVOGSKIRKJU Í HÖFNUM  
Kirkjuvogskirkja í Höfnum.
  - Kl. 16:00 – 18:30 og kl. 20:00 – 22:30  
MANSTU EFTIR EYDÍSI?  
Stapi, Hljómahöll
  - Kl. 16:00 – 17:00  
STOFUTÓNLEIKAR ALEXÖNDRU  
Guðnýjarbraut 21
  - Kl. 16:00 – 18:00  
„LYGASÖGUR“ AF VELLINUM  
Duus Safnahús, Duusgötu 2-8
  - Kl. 20:00 – 21:00  
BUBBI MORTHENS Í KVÖLDMESSU Í  
KEFLAVÍKURKIRKJU  
Keflavíkirkirkja

# HUG VERKTAKAR

Nýsmíði • Húsaviðgerðir  
863 4346 • 847 1458



# ÚPS, hún gerði það aftur

Söngkonan Britney Spears státar af ansi glæsilegum ferli í skemmtanabransanum, en hins vegar hefur einkalíf hennar verið ansi stormasamt. Nú stendur Britney enn á ný í auga stormsins og hefur þetta ár leikið hana grátt. Leikur þar forræðisdeila við fyrrverandi eiginmann og veikindi föður stórt hlutverk.



Tvönnu Feðginin saman. Mynd: Instagram



Mæðgur í stúdi Sjaldséð mynd af mæðgunum saman í búðarferð. Mynd: Getty Images

## 16.–17. apríl

Móðir Britney, Lynne, gaf þessum orðróm byr undir báða vængi með því að setja „like“ við athugasemdir á Instagram; athugasemdir á borð við „Ég vona að þú sért að styðja við Britney í að fá lögræðið aftur,“ eða „Ég vona að þinn veiki fyrrverandi sé ekki að halda dóttur ykkar nauðugri einhvers staðar.“ Lynne skrifaði svo undarlega færslu á Instagram þar sem hún sagði: „Þegar stríðsmenn guðs falla á kné, þá er baráttan ekki búin. Hún er bara rétt að byrja.“ Þessa færslu túlkuðu margir sem staðfestingu á því að Britney væri í vanda og að móðir hennar væri að reyna að hjálpa henni.

## 22. apríl

#FreeBritney-hreyfingunni óx ásmegin og aðdáendur söfnuðust saman í Vestur-Hollywood til að krefjast aðgerða frá yfirvöldum.



Frábær ferill Britney hefur átt marga slagarana í gegnum tíðina. Mynd: Getty Images

## 23. apríl

Britney blés á kjaftasögurnar í myndbandi á Instagram og ítrekaði að hún væri í fínu standi.

„Fjölskylda mín hefur verið undir miklu stressi og þjáðst af miklum kvíða undanfarið, þannig að ég þurfti tíma til að takast á við það. En ekki hafa áhyggjur, ég sný aftur fljótt,“ sagði hún. „Mig langaði að segja hæ því allt er orðið stjórnlaust!!! Vá!!!“ og bætti við: „Fjölskyldu minni og teymi hefur verið hótad lífláti.“ Í færslunni minntist hún á fyrrverandi umboðsmann sinn og sagði hann dreifa lygum um hana í tölvupósti. „Ekki trú á öllu sem þið lesið og heyrið. Þessir lygapóstar úti um allt voru skrifaðir af Sam Lutfi fyrir mörgum árum. Ég skrifaði þá ekki. Hann var að þykjast vera ég og hafði samskipti við teymið mitt.“ Sam Lutfi hefur staðfestlega neitað þessu.

## 25. apríl

Britney losnaði út af geðheilbrigðisstofnuninni og sneri aftur heim. Föður hennar líður betur og Britney er sögð vinna ötullega að því að koma lífinu í samt horf.

## 6. maí

E! News vitnar í dóm skjöl þar sem kemur fram að móðir Britney krefjst þess að fá upplýsingar um fjárhagsstöðu hennar. Lynne hefur hins vegar ekki sóst formlega eftir því að verða fjárhaldsmaður dóttur sinnar.

„Mig langaði að segja hæ því allt er orðið stjórnlaust!!! Vá!!!“

## 7. maí

Heimildarmaður E! News segir að Lynne hafi flogið til Los Angeles ásamt hinni dóttur sinni, Jamie Lynne, til að heimsækja Britney því þær hafi áhyggjur af henni. Heimildarmaðurinn sagði að Lynne „væri í miklu uppnámi yfir ástandinu sem Britney væri í og að henni liði sem hún gæti enga hjálp henni veitt.“

## 8. maí


Britney fékk bráðabirgða nálgunarbann á fyrrnefndan Sam Lutfi sem kveðjur á um að hann megi ekki koma nálægt henni, foreldrum hennar eða sonum hennar, Sean, 13 ára, og Jayden, 12 ára. Var nálgunarbannið gefið út vegna staðhæfinga söngkonunnar um fyrrnefnda tölvupósta. Lögræðingur Sams sagðist vonsvikinn yfir þessari niðurstöðu, en að málið yrði rekið fyrir dómstólum þegar að nálgunarbannið rynnur úr gildi.

## 10. maí

Britney mætti í réttarsal í Los Angeles ásamt foreldrum sínum og lögræðingi til að ræða um hver ætti að verða fjárhaldsmaður hennar. Dómarinn ákvað að matsmaður þyrfti að gera ítarlega úttekt á aðstæðum söngkonunnar.

## 15. maí

Larry Rudolph, umboðsmaður söngkonunnar til margra ára, talar við TMZ um þá stöðu sem upp er komin og hléið sem Britney gerði á tónleikaröð sinni í Las Vegas. Hann sagði að hún hefði tekið sér pásu „því lyfin hennar hættu að virka og hún var miður sín vegna veikinda föður síns.“ Bætti hann jafnframt við að hann vildi ekki að hún ynni aftur fyrr en hún væri tilbúin, bæði andlega og líkamlega.



Þegar allt lék í lyndi Britney og Kevin voru gift á árunum 2004 til 2007. Mynd: Getty Images

## 22. maí

E! News birti dóm skjöl sem sýndu að Jamie, faðir Britney, færi fram á að útvíkka heimild sína sem fjárhaldsmaður. Vildi hann hafa stjórn á fjármálum dóttur sinnar ekki aðeins í Kaliforníu, heldur einnig í Flórída, Louisiana og Havái.

## 3. september

Britney og fyrrverandi eiginmaður hennar, Kevin Federline, náðu samkomulagi varðandi forræði yfir drengjunum þeirra tveimur. Kevin fékk sjötíu prósent forræði en Britney þrjátíu prósent. Nokkrum klukkutímum eftir að það fréttist birtust fregnir af því að Kevin væri búinn að kæra föður Britney til lögreglu fyrir að ráðast á eldri son þeirra, Sean. Jafnframt er nálgunarbann virkt sem bannar föður Britney að hitta afadregningu sína, Sean og Jayden.

## 4. JANÚAR

Aðdáendur söngkonunnar urðu vægast sagt fúlir þegar hún tilkynnti að hún væri að taka sér hlé frá bransanum um óákveðinn tíma og setti jafnframt tónleikaröð sína í Las Vegas á ís. Gerði hún þetta vegna veikinda föður síns, Jamie Spears, en ristill hans sprakk og hann þurfti að leggjast inn á sjúkrahús. Britney baðst afsökunar á að hafa valdið aðdáendum sínum vonbrigðum í færslu á Instagram.

„Ég ætla að setja fókus og orku í að hugsa um fjölskyldu mína. Við eigum í sérstöku sambandi og mig langar að vera með fjölskyldunni á þessum tíma eins og hún hefur alltaf verið til staðar fyrir mig,“ sagði hún þá.

## 4. mars

Andrew Wallet, sem var fjárhaldsmaður Britney, ásamt föður hennar, sagði upp stöðu sinni sem varð til þess að Jamie Spears stóð einn uppi sem fjárhaldsmaður dóttur sinnar.

## 3. apríl

Britney opnar sig á Instagram um mikilvægi þess að hugsa um sjálfan sig og strax í kjölfarið fylgja fregnir um að hún hafi verið lögð inn á geðheilbrigðisstofnun. Skrifaðist það á andlegt álag vegna veikinda föður hennar.

## 11. apríl

Britney tók sér frí frá geðheilbrigðis meðferðinni til að fara í hárlitun og slaka á með kærasta sínum, Sam Asghari.

## 16. apríl

Hreyfingin #FreeBritney fer af stað með látum eftir að nafnlaus einstaklingur, sem sagðist vera aðstoðarmaður lögmanns, steig fram í hlaðvarpi og sagði að Britney hefði verið lögð nauðug inn á geðdeild og ekki í byrjun apríl heldur um miðjan janúar. Hún á því að hafa dvalið þar í fjóra mánuði, þvert gegn hennar vilja. Sá nafnlaus sagðist hafa unnið fyrir fjölskyldu Britney og orðið vitni að því að faðir Britney hefði hótad að banna henni að koma fram á reglulegum sýningum í Las Vegas, nema hún tæki lyfin sín. Þegar hún fór ekki að þessum fyrirmælum gerði hann alvöru úr hótunum sínum. Hann hafi látið Britney segja að hún væri að hætta í Las Vegas vegna veikinda hans.

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu


Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# Teiknimyndatvífara

Öll erum við einstök á okkar hátt, en það breytir því ekki að andlitsfall eða prófíll einstaklinga getur þótt keimlíkur fáeinum öðrum. Það er vissulega ekki annað í boði þegar fjöldi jarðarbúa slær í sex milljarða og er oft sagt að hver einstaklingur eigi sér að lágmarki tvo eða þrjá tvífara. Íslendingar eru ekki undantekning á þeirri reglu, en enn merkilegra þykir það þegar þekktir einstaklingar deila ýmsum einkennum með fígúrum sem hafa verið skapaðar á pappír eða í gegnum tölvu.

Þetta eru ýmsir þekktir Íslendingar sem eiga sér tvífara úr teiknimyndum.



Halldór Laxness  
– Mr. Magoo



Bjarni Ben – Stan Smith (American Dad)



Siggí Hlö – Al McWiggin (Toy Story 2)



Ásdís Rán – Holli Would (Cool World)



Sigga Kling – Hjärtadrottningin (Alice in Wonderland)



Andrea rokkamma – Eilonwy White (The Black Cauldron)



Jói Fel – Gaston (Beauty and the Beast)



Sema Erla Serdar – Linda Belcher (Bob's Burgers)




Guðni Th. – Mr. Bean

# r þekkktra Íslendinga

Sigmundur Davíð  
– Humpty  
Dumpty (Puss in  
Boots)



Teitur Guðmundsson –  
Dr. Nick (The Simpsons)



Eliza Reid – Colette Tatou (Ratataouille)



Gísli Marteinn – Milo (Atlantis:  
The Lost Empire)

Texas-Maggi – Mr. Proper



Hafþór Júlíus  
– Chien-Po  
(Mulan)



Hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika,  
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn  
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga  
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra



www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

# Eitthvað fyrir sinn snúð

■ Nú nálgast haustið óðfluga og þá er gott að baka  
■ Hér eru snúðar á þrjá vegu sem gætu komið á óvart

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



## Dásamlegir snúðar með hvítu súkkulaði og rjómaosti

### Deig – Hráefni:

- 3/4 bolli mjólk
- 1 bréf þurrger
- 1/4 bolli sykur
- 1 tsk. salt
- 6 msk. smjör
- 2 stór egg
- 3 bollar hveiti
- 80 g hvítt súkkulaði (saxað)

### Fylling – Hráefni:

- 100 g hvítt súkkulaði
- 150 g mjúkur rjómaostur
- 1/2 bolli sykur
- 2 msk. vanillusykur
- 2 tsk. kanill

### Aðferð:

Byrjum á deiginu. Setjið mjólk og smjör í skál og bræðið í örbylgjuofni. Leyfið blöndunni að kólna að stofuhita og blandið síðan þurrgeri, sykri og salti saman við. Leyfið þessu að standa í 5–10 mínútur. Blandið síðan eggjum og hveiti saman við og hnoðið vel. Bætið síðan söxuðu súkkulaðinu út í með sleif eða sleikju. Setjið viskastykki yfir skálina og leyfið deiginu að hefast í eina klukkustund. Fletjið það síðan út og fyllið.

Nú er það fyllingin. Brytjið hvíta súkkulaðið í skál og hitið í örbylgjuofni í 30 sekúndur í senn þar til allt er bráðnað. Munið að hræra vel í súkkulaðinu eftir hvert höll. Blandið rjómaostinum saman við súkkulaðið. Blandið síðan sykri, vanillusykrinum og kanil vel saman í annarri skál. Smyrjið rjómaostablöndunni yfir útflatt deigið og sáldrið síðan sykrinum yfir. Rúllið deiginu upp og skerið í snúða. Ég fékk um það bil ellefu ágætlega stóra snúða úr þessari uppskrift. Smyrjið ágætlega stórt eldfast mót og raðið snúðunum í það. Setjið viskastykki yfir þá og leyfið þeim að hefast aftur á meðan þið hitið ofninn. Hitid ofninn í 170°C. Skellið snúðunum inn í ofn og bakið í 25 til 30 mínútur.



## Yndislegir snúðar fylltir með karamellubúðingi

### Snúðar – Hráefni:

- 1 bréf þurrger
- 1 bolli volg mjólk
- 4 msk. sykur
- 3 3/4 bolli hveiti
- 1 tsk. salt
- 2 egg (við stofuhita)
- 1 tsk. vanilludropar
- 90 g mjúkt smjör

### Fylling – Hráefni:

- 1 pakki Royal-karamellubúðingur (Blandaður og kældur samkvæmt leiðbeiningum á pakka)
- 3/4 bolli púðursykur
- 1 egg
- 2 msk. vatn

### Aðferð:

Byrjum á deiginu. Blandið saman þurrgeri, mjólk og sykri saman í skál og leyfið þessu að hvíla í 5–10 mínútur, eða þar til blandan freyðir. Blandið hveiti og salti vel saman í skál og bætið því næst gerblöndunni, eggjum og vanilludropum saman við. Blandið saman í um 10 mínútur.

Blandið síðan smjörinu saman við og blandið saman í um 5 mínútur. Hnoðið deigið lítið eitt á borðfleti sem er dustaður með hveiti. Smyrjið smá olíu í skál, setjið deigið í skálina og hyljið með viskastykki. Leyfið deiginu að hefast á volgum stað í um klukkutíma.

Þá er það fyllingin. Hitid ofninn í 180°C og smyrjið ágætlega stórt eldfast mót eða klæðið ofnplötu með smjörpappír. Fletjið deigið út og smyrjið búðingnum á það. Ég notaði ekki allan búðinginn, bara um 3/4 af blöndunni. Sáldrið síðan púðursykrinum yfir búðinginn. Rúllið deiginu út og skerið í snúða, um það bil 10 til 12 stykki. Raðið snúðunum í mótið eða á plötuna, setjið viskastykki yfir þá og leyfið að hefast í 5–10 mínútur í viðbót. Blandið saman eggjum og vatni og penslið snúðana með eggjablöndunni. Bakið snúðana í 35 til 45 mínútur og fylgist vel með þeim. Leyfið þeim síðan að kólna aðeins áður en þið rífið þá í ykkur.



## Snúðar með krækiberjum og sultu

### Deig – Hráefni:

- 1 pakki þurrger
- 1 1/2 bolli volgt vatn
- 2 msk. sykur
- 1 tsk. salt
- 6 msk. smjör (brætt)
- 1 egg
- 2 tsk. vanillusykur
- 4 bollar hveiti

### Fylling – Hráefni:

- 1 bolli krækiber
- 1/2 bolli sulta
- 1 msk. rifinn sítrónubörkur
- 2 msk. smjör (brætt)
- handfylli möndlur

### Aðferð:

Byrjum á deiginu. Blandið geri, vatni, sykri og salti saman í skál og látið bíða í 10 mínútur, eða þar til blandan er byrjuð að freyða og tútna út. Blandið smjöri, eggjum og vanillusykrinum síðan vel saman við. Blandið hveitinu smátt og smátt saman við, þar til deigið er hætt að vera klístrað. Kannski þurfið þið minna en fjóra bolla og kannski örlítið meira, eins og um það bil hálfan bolla í viðbót. Setjið deigið til hliðar á hlýjan stað, setjið hreint viskastykki yfir það og leyfið því að hvíla í um 10 mínútur.

Svo er það fyllingin. Blandið öllum hráefnum nema smjörinu og möndlunum vel saman í skál. Dustið smá hveiti á vinnuflötinn ykkar og fletjið deigið út í ferhyrning. Smyrjið smjörinu jafnt yfir deigið og dreifið síðan fyllingunni yfir. Rúllið deiginu upp og skerið í litla snúða. Takið til ofnskúffu og smyrjið botninn með smjöri. Raðið snúðunum á plötuna. Setjið viskastykki yfir snúðana og leyfið þeim að hefast á hlýjum stað í um 40 mínútur. Stillið ofninn á 175°C og stráið möndlubitum yfir snúðana. Bakið í 25–30 mínútur, eða þar til snúðarnir hafa tekið fallegan, gylltan lit.

*JS Watch co.*  
REYKJAVIK

## KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



### Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 50 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) eða [www.jswatch.com](http://www.jswatch.com).

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

# Helgarkrossgátan

				krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	klukkan	skrápur			skálm	týndri
	→						↘	strákapör kona		
Teikning: Bjarni eftirprentun bönnað	↓	forað	2 eins	sleikja	elgurinn svar				vefnaður	
skælt						aula litla				
búsáhaldið						röð		til		
2 eins			röð dráttur		fiðrildi 2 eins			6		
		hvað? spældur			þukl			kelda	storm	9
tvístíga				aur	svala 2 eins					hrjáir
stritar				7		vikur	tæmda			
2 eins			manga iðnaðar- mennina					5	vitund	
anga						ógna sæmdin				
	haf	veisla	2	björt bakki				kvendýr fugl		
aumt					ögnin					tötrar
borðandi					2 eins	peningar				
	skryðast	gungunni hæna							padda	
ítrekun						spendýr			áttund maður	
lævis				ílát	angar	kraum dokaði				
áhald								↙		
sólguð			sundið fuglinn						auðar	8
	4	tré karldýr				3	áflog			draug
geta				þoka keyra			borg			
	kúgar 2 eins				tvíhljóði	2 eins	eldsneyti snös			
boltaleikur	1				þjóð					
ávöxtur						meidda				

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

6		9	1	3		2		5
					5		4	
				7				
	9	3				5	1	
			7	8			3	
1	4		9				8	
	7	5			8			
3	6	1		4		9		
			6	1				

## Erfið

		9					6	1
5		3			4	2		9
7			9				5	4
		4			5			
			4	9		6		
	3			7		1		
	8							3
2	4		8	5				
							2	

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**  
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...  
**Sigurður Scholte**  
**Vattarási 9**  
**210 Garðabæ**  
Lausnarorðið var **KAUPAKONA**  
**Sigurður hlýtur að launum**  
**bókina Draugsól: Þriggja**  
**heima saga #4**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-  
blaðsins er bókin **Konan sem hvarf**

Louise býr með rithöfundinum Joachim í litlu þorpi á eyjunni Christiansø. Dag nokkurn kemur ókunnur maður inn á kaffihúsið sem hún rekur og segist vera eiginmaður hennar. Hún heiti Helene, sé tveggja barna móðir og hafi horfið fyrir þremur árum.  
Þetta setur allt úr skorðum hjá Louise og Joachim og fljótlega kemur í ljós að í fortíð hennar eru ýmsar undarlegar ráðgátur. Þau sökkva sér hvort fyrir sig í leyndarmál fortíðarinnar þar sem er að finna svik, taumlausa græðgi – og morð.  
Konan sem hvarf er spennubrúgin saga um svívirðilega glæpi og djúpa ást þar sem fátt er eins og það lítur út fyrir að vera.  
Höfundur: Anna Ekberg



# Algjör Sveppi og svart-hvíta grámyglan



## Hvítur, hvítur dagur ■ Meira en bara fagur?

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Sorgin getur gert sálinni allan fjandann, ekki síst þegar nátengdur einstaklingur fellur frá. Tilfinningasúpan getur slest í hinar furðulegustu áttir og hreinlega breytt manni í allt aðra manneskju. Því er engin ein rétt leið til að takast á við óvæntar aðstæður, en eins og áhorfendur fá að kynnast í Hvítum, hvítum degi stendur ekkillinn Ingimundur frammi fyrir tveimur ólíkum vegum. Þegar nýjar upplýsingar berast um líf og mögulega ástæðu fráfalls eiginkonunnar sigur vogarskálin hægt og bitandi í þyngri áttina, okkur til skemmtunar.

Það má segja að þessi mynd tikki í ákveðin box hjá staðalmynd íslenskrar kvikmyndagerðar. En ef svo er, þá tikka aðstandendur í boxin bæði með stolti með ýmislegt óvænt uppi í erminni. Annars höfum við hér brotinn einstakling í sveit, fortíðardrauga, fiskveiðar, einangrun, óútreikanlegt veður, dýrðarinnar nekt til skrauts, náttúrufókus og landslag er nýtt til hins ítrasta. Myndin er einum alkóhólista frá því að ná fullu húsi, liggur við.

Heppilega tekur sagan nægilega ferskan vinkel á kaldan alvarleikann, með því að sjóða saman kómískt depurðardrama við lágstemmdan spennutrylli. Útkoman er kuldaleg, meingölluð en tilkomumikil og mikið óskaplega er stílblæti leikstjórans snoturt. Síðan þarf varla að hafa augun opin til að finna fyrir rembinglausum og minnisstæðum leik Ingvars E. Sigurðssonar.

### Kaldhæðin ríkjandi

Kvikmyndagerðarmaðurinn Hlynur Pálmason ber öll merki hæfileikamanns sem gæti komist í þungavigtina á ókomnum árum. Eins og sást einnig á fantagóðri leikstjórafrumraun hans, Vinterbrødre frá 2017, er ljóst að gegnumgangandi þráður liggur í dökkum húmor og sterkri beitingu á hvítum tónum og skuggum. Á móti vantar alls ekki hversu hart



Kuldaleg, meingölluð en tilkomumikil

hann sækist í það að gera annan hvern ramma að listaverki. Það virðist líka vera sameiginlegur þráður í báðum myndum hans hvernig illviðri getur skorid á fjölskyldubönd á augabragði.

Í Hvítum, hvítum degi er nákvæmlega ekkert út á töku, hljóð, strengjatónlist eða almennan stíl að setja. Myndin er skotin á 70 millimetra filmu, sem gefur henni flotta áferð og eru mörg hver skot alveg stórfengleg. Auk þess er stórum senum oft leyft að spilast út í óslitnum tókum sem gefa andartökunum góðan svip.

Það hvernig Hlynur finnur kaldhæðnina í hversdagsleikanum og mjólkar undarlega kómík úr grafalvarlegum ágreiningi er undirstaða húmorsins. Á móti heldur leikstjórinn persónunum í ákveðinni fjarlægð frá áhorfendum en sækir samt sem áður í tilfinningalega geðhreinun og tilheyrandi dramaþunga. Hvítur, hvítur dagur gengur samt ekki nægilega vel upp sem

dökk dramedía og grámygluleg karakterstúdering.

Hvort í sínu lagi virkar á sinn hátt en þegar myndin hallast meira að kaldhæðni en tilfinningatengslum fara tónarnir að stangast á við hver annan, sem mótar úr því afspyrnu misjafna heild – og heldur innantóma – sem samsett er úr frábærum senum á milli. Hlynur er of fastur í abstraktismanum og því líklegri til að missa tók á mannlega þættinum – og trúverðuleiki framvindunnar vikur gjörsamlega fyrir ljóðrænni kyrrð.

Titill myndarinnar vísar í draumkennit mistur, þoku eða snjókomu þar sem himinn og jörð sameinast í eitt. Með náttúruna að vopni nýtir Hlynur jafnframt tækifærið til að daðra við yfirnáttúrulegar hugmyndir, sem þó virðast ekki eiga mikinn sess í sögunni nema í skilningi uppfyllingarefnis. Myndmálsbeiting og ljóðræn skot bjóða upp á ógrynni af sýmbólisma sem snýr að náttúrunni og þróun Ingimundar, en yfirnátt-

úrulegi þátturinn heldur ekki alveg flugi og kemur þá í staðinn tilgerðartónn sem myndin hefði annaðhvort átt að sleppa, eða keyra í botn.

### Traustur samleikur og barnaefni Satans

Að frátöldu sorgarþemanu hefur Hvítur, hvítur dagur ýmislegt að segja um mannlegt eðli og hvatir, þrátt fyrir að gjörðir og ákvarðanir sumra persóna séu róbótum líkar. Við sjáum Ingimund ganga í gegnum sterka breytingu, trúverðuga í eðli sínu, en það er happa og glappa hvort áhorfandinn finni almennilega fyrir henni. Slík er fjarlægðin og kuldi frásagnarinnar nær lítið að styrkja tilfinningatengsl með þessu móti.

Í hlutverki Ingimundar verður að segjast að Ingvar selji harða skel manns sem er mögulega á barmi tímabærs taugaáfalls. Bestar eru þó senurnar með honum og afa barninu hans, Sölku, sem bera merki um ósvikinn mannúðleika, hlýju og sakleysi. Hin átta ára gamla Íða Mekkín, dóttir leikstjórans, rúllar í gegnum myndina með flottum tilþrifum og lætur fara vel um sig á móti gamla reynsluboltanum. Verst er þó að stúlkan hefur ekki úr miklu að móða sem eina kvenpersóna myndarinnar sem fær fleiri en þrjár setningar. Ef út í það er farið er illa farið með góðan lager af aukapersónum úr nánasta hring Ingimundar sem hefðu getað bætt miklu við heildina.

Oft er mikið hægt að segja með þögnum, endurtekningum og augnaráði – en afraksturinn kemur litlu til skila sem hefði ekki dugað álíka vel þótt korter hefði verið saxað af lengdinni. En með fullri virðingu fyrir meirihluta leikhópsins verður að segjast hreint út að skemmtikrafturinn Sveppi stelur algjörlega senunni með barnaefni sínu. Þarna bregður honum fyrir í litlu en bitandi gestahlutverki þar sem hann bókstaflega leikur sjálfan sig, með viðbættum og kærkomnum níhilisma sem gæfi lykilmarkhópi hans þrumandi raunveruleikaspark.



### Í stuttu máli:

Þrælvel leikin og glæsilega útlítandi mynd þar sem sorg og abstrakt kaldhæðni er allsráðandi. En þótt tunnan sé fögur glymur furðu hátt í henni tómri.

### Sjáðu þessa mynd ef þú kannt að meta ...



Vinterbrødre (2017)



Undir trénu (2017)



Mýrin (2006)



Héraðið (2019)



Málmhaus (2013)

# „Ég horfðist dauðann frá“

*Sölvi Fannar óttast ekki dauðann – Vinnur að kvikmynd um Íslendinga í íshokki – Forgangsröðun erfiðust*

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Tónlistarmaður, rithöfundur, líkamsræktarþjálfari, leikari og framleiðandi. Þetta eru aðeins fáeinir titlar sem einkenna fjöllistamanninn sem hefur einnig gegnt störfum sem umboðsmaður „Fjallsins“, Hafþórs Júlíusar Björnssonar, og er þekktur af mörgum sem maðurinn sem flutti ljóð í Iceland Got Talent og tileinkaði það konum. Hann er Sölvi Fannar, enginn annar.

Líkt og fyrri daginn hefur Sölvi mörg járn í eldinum um þessar mundir. Undanfarin ár hefur hann verið búsettur í útjaðri Lundúna, nálægt Kent-sýslu. Þar hefur hann kunnað frábærlega

við sig og reynir að finna stundir á milli krefjandi verkefna til þess að semja ljóð og önnur ritverk. Þá vinnur Sölvi einnig að ýmsum tónlistarverkefnum með föður sínum, Viðari Jónssyni.

*Hvað er list og hvað er ekki list?*

„Það er nánast ómögulegt að segja hvað er ekki list. List er einfaldlega eitthvað sem skapar ákveðin hughrif hjá hverjum einstaklingi,“ segir Sölvi. „Ég var einmitt búinn að sakna skrifanna og tónlistarinnar mjög mikið, sem ég hafði ekki haft tíma fyrir í eitt og hálf ár. Ég var til dæmis að framleiða tónlistarmyndband við lag sem pabbi minn samdi. Að hlusta á hann syngja kippti alveg í mig, þannig að ég gat ekki annað gert en að henda mér í tónlistina aftur.“

#### Barist við mótlæti og fordóma

Sölvi hefur einnig verið að spreyta sig í framleiðslu víða erlendis og senn mun afraksturinn líta dagsins ljós, eitthvað sem fjöllistamaðurinn er afar spenntur fyrir. Þessa dagana er hann að undirbúa sannsögulega kvikmynd sem fjallar um atburði sem hann segir marga Íslendinga hafa gleymt. Umrædd mynd gerist árið 1920 og segir frá því þegar íshokkilið Fálkanna vann gull á Ólympíuleikunum fyrir hönd Kanada, en lið Fálkanna samanstóð af annarri kynslóð Vestur-Íslendinga.

„Sögupersónurnar eru ungr og mjög efnilegir strákar sem hafa mikinn áhuga á að spila íshokki. En þeir mæta miklum fordómum í kanadíska þjóðfélagi vegna þess að þeir eru ekki kanadískir,“ segir Sölvi. „Það gekk meira að segja



Sölvi og bandaríski leikarinn Chris Tucker í góðum gir.

svo langt að þeim var bannað að taka þátt í kanadísku deildunum. Þeirra sigur var gífurlegur af hálfu drengjanna því þeir voru að berjast við svo mikið mótlæti sem útlandingar. Þetta er mögnuð saga.“

Sölvi segir framleiðendur myndarinnar hafa upphaflega haft samband við hann til að leika í myndinni. Eftir að hafa lesið handritið og fallið fyrir sögunni sá hann sig knúinn til að taka virkari þátt í framleiðslunni. Verkefnið

er enn á forvinnslustigi og á hug og hjarta Sölva um þessar mundir. „Þetta er komið talsvert vel af stað og lítur vel út. Það er kominn frábær upptökustaður í Manitoba og við erum að kortleggja leiðina þessa dagana. Ég er afar spenntur fyrir þessu.“

Sölvi segir að þrátt fyrir sterka einstaklingshyggju sem einkenni litla Ísland, sé landið í algerum sérflokki í kvikmyndagerð. „Við erum flest þannig uppalin að foreldrarir eða afi og amma voru

ad vinna hátt í þrjú störf. Það þótti bara eðlilegt, þannig að það er eðlilegt að við leggjum okkur meira fram,“ segir hann.

„Kvikmyndabransinn er svo sérkennilegur og það er virkilega gaman að sjá hvað margir íslenskir leikarar og kvikmynda-gerðarfólk eru að ná flottum árangri í flottum verkefnum. Þetta er greinilega vaxandi atvinnugrein og gaman að sjá hvað fólk er að átta sig á því hvað Íslendingar eru duglegir í svona umhverfi. Við

höfum náð að sanna okkur með því að leggja svona hart að okkur.“

#### Stöðug endorfínþörf

Sölvi segir það vissulega krefjandi að sinna mörgum störfum í einu en veitir innsýn í sína daglegu rútinu. „Þessi „múltitaskari“ í mér hefur alltaf verið til staðar frá æskuárum. Ef ég er að vinna á evrópskum tíma, þá er ég sofnadur upp úr miðnætti. Ég vakna kannski í kringum sjö og byrja að skipuleggja daginn með verkefna-

# Í augu við unga aldri



Sölvi fann ástina erlendis.

*„Eftir hundrað ár mun ekkert sem við gerum skipta máli“*

lista. Svo vinn ég vanalega í sex tíma, fer svo á æfingu. Það kemur þó æ oftar fyrir að ég sé að störfum mjög seint," segir hann.

„Ég er búinn að skipta vikunni þannig að einn daginn verð ég að gera bara eitt, til að stramma sjálfan mig af. Það fer aðeins of mikill kraftur í ákveðin verkefni, sem étur upp allan tímann. Sem 48 ára maður nenni ég ekki að lenda í einhverri miðaldurskrísu bara vegna þess að ég gat ekki forgangsraðað betur. Mér finnst það erfðast af öllu, að forgangsraða.“

Þá rifjar Sölvi upp æskuárin og segir það hafa verið óhjákvæmi-legt að smitast af listabólunni frá foreldrum sínum. Tónlistargenið fær hann frá föður sínum en leiklistina frá móður sinni. Sölvi fór þó ekki að tengja sköpunargleðina

við einhverjar aðgerðir fyrr en hann gekk í kór í grunnskóla. „Ég fann mig svo vel í því að syngja og vinna með heilum hóp af krökkum sem voru jafn mismunandi og þau voru mörg. Á sama tíma var ég á bóllakafi í sjálfsvarnar-íþróttum, þar sem ég æfði bæði júdo og karate. Þetta allt hjálpaði mér að halda einhverjum kjarna, þessu fylgdi ákveðin hugleiðsla, þetta sem margir kalla vinnu.“

Sölvi telur sig vera heppinn að hafa komið í góðu lagi út úr sínum uppvaxtarárum. „Þessi endorfínþörf var stöðug, hjá bæði mér og eldri bróður mínum. Við vorum alltaf að bralla einhvern fjanda; klifra upp byggingar og gera eitthvað sem við áttum ekki að gera," segir hann og tekur fram að hópíþróttir í æsku hafi verið

eitthvað sem hentaði ekki alveg persónuleika hans á þeim tíma. Þar var fótboltinn verstur.

„Ef einhver tæklaði mig þá langaði mig bara að berja hann, með fullri virðingu. Þess vegna leitaði ég í sjálfsvarnirnar til að geta stjórnað sjálfum mér betur. Það hefði verið hægt að fara milliliðalaust með þetta mál ef við hefðum tekið að okkur enskt rúbbí, sem er eitt mest „hardcore“ dæmi sem til er," segir Sölvi.

**Meiri líkur á tilvistarkreppu**

Þegar fjöllistamaðurinn er spurður að þeim fórnunum sem fylgja störfum hans segist hann hafa tekið þá ákvörðun snemma að eiga gott samband við fjölskylduna, hvernig sem færi. Einnig bætir hann við að ýmislegt hafi breytt

hugarfarinu þegar afi hans lést á sínum tíma.

„Ef við lítum á heildarmyndina, þá er sama hvað við gerum í okkar lífi – eftir þúsund ár mun það ekki skipta nokkru máli. Meira að segja eftir hundrað ár mun ekkert skipta máli, sama hversu ör framþróunin er. Þetta er sannleikurinn í lífi okkar. Þegar fólk deyr þá kemur svo oft þessi pæling hjá fólki þar sem sagt er: „Ég átti svo margt ósagt við viðkomandi.“

Með afa var ég í þrjá klukkutíma með honum einum, og hann datt inn og út úr meðvitund, og ég sagði honum allt. Ég sagði honum allt sem ég var svo þakklátur fyrir. Þá fattaði ég sjálfur að við þurfum að passa okkur á því að koma þessu frá okkur," segir Sölvi.

„Þetta er stór hluti af því að for-

gangsraða. Við gleymum því svo oft hve mikilvægt það er sem við gerum öðrum, hvað aðrir hafa gert fyrir okkur, að læra að fyrirgefa og ýmislegt. Við gleymum þessu því við erum of upptekin að hinu dagsdaglega. Því meira sem maður gleymir sér í hinu dagsdaglega, þeim mun meiri líkur eru á því að maður lendi í tilvistarkreppu seinna meir.“

Í tengslum við tilvistarkreppu tekur Sölvi fram að hann sé alveg óhræddur við gráa fiðringinn svokallaða, enn sem komið er. Spurður að því hvort hann óttist eitthvað segir hann blunda í sér óttann um að enda einsamall á eldri árunum. „Ég vil ekki vera einn, en ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Ég á rosalega góða fjölskyldu og góða að og frábæra kærustu sem hugsar vel um mig og ég um hana. Þetta hrjáir mig ekki að svo stöddu," segir Sölvi.



**Stærsti ótti margra**

Að sögn Sölva Fannars eru karlar og konur nær hvort öðru á sex-tugsaldrinum en nokkru sinni fyrr á ævi sinni, frá þeim tíma þegar kynþroskaskeiðið hefst. „Það er þessi testósterónframleiðsla hjá karlinum sem hefur meiri áhrif á karlinn en estrógen hefur á konuna. En eftir miðaldurinn fer testósterón að minnka hjá karlinum en þegar kvenhormónið minnkar þá hækkar hlutfallið af testósteróni hjá konunni sem fyrir er. Karlar standa meira jafnfætis konum í kringum sextugt en áður fyrr" segir hann.

„Ég held að við upplifum öll miklar breytingar með aldrinum og þegar við göngum í gegnum breytingaskeið er mjög erfitt að sætta sig við að við séum ekki það sem við töldum okkur trú um að við værum. Það er svo auðvelt að gleyma sér og lendingin verður bara harkalegri ef við gleymum okkur of mikið. Fólk spyrnir þá frekar við fótunum þegar kemur að gráa fiðringnum. En ég finn ekki fyrir gráa fiðringnum, en það hefur áhrif að ég hef fínstillt mataræði og æfi sex sinnum í viku. Ég passa vel upp á svefninn og það hjálpar heilmikið til við að halda sér lengur í lagi. Við göngum öll í gegnum hrörnun þangað til við hrökkvum upp af.“

Sölvi tekur fram að hann óttist ekki dauðann. Þetta segir hann ekki vera neitt gamanmál í ljósi þess að dauðinn er stærsti ótti margra. „Ég horfðist í augu við dauðann frá unga aldri. Hann kemur bara þegar hann kemur," segir hann og bætir við að honum þyki þægilegt að lifa eftir frægum orðum Gandhi: „Lærðu eins og þú lifir að eilífu en lifðu eins og þú deyrir á morgun.“ ■





## YFIRHEYRSLAN - UNA SCHRAM

Söngkonan **Una Schram** gaf nýverið út sína fyrstu EP-plötu og er þegar farin að huga að nýju efni. Una hefur lengi haft áhuga á tónlist og byrjaði að syngja og skrifa texta sem barn. Una er í yfirheyrslu helgarinnar.

### Hvar líður þér best?

Mér líður best á flugvöllum. Ég elska að ferðast og það er eitthvað svo fallegt við blönduna af spennunni og þirringnum þegar maður þarf bíða tímum saman eftir að komast inn í vélina.

### Hvað óttastu mest?

Núna er ég mest hrædd við loftslagsbreytingar.

### Hvert er þitt stærsta afrek?

Ætli mitt stærsta afrek hafi ekki verið að gefa út þessa plötu. Það tók á tilfinningalega að kyngja öllum efasemdum og áhyggjum og henda henni út. Ég er stolt af því að hafa getað það.

### Furðulegasta starf sem þú hefur unnið?

Ég vann síðast á leikskóla og áður hafði ég eiginlega alltaf unnið í þjónustustörfum, svo það var mjög sérstök breyting. En það var eitt yndislegasta starf sem ég hef verið í og svo ótrúlega lærdómsríkt.

### Hvernig væri bjórinna Una?

Einhver „fruity“ og léttur lager.

### Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Ung og úti um allt.

### Hvert er besta ráð sem þú hefur fengið?

Afi minn gaf mér eitt besta ráð sem ég hef fengið á tíma sem ég virkilega þarfnadist þess: Gerðu gott úr slæmu og ekki flýja erfðar aðstæður, hvert sem þú ferð bíða þín vandamál sem þarf að leysa.

### Hvert er leiðinlegasta húsverkið

Það er langleiðinlegast að vaska upp, en bara þegar diskarnir eru búnir að bíða lengi.

### Besta bíómynd allra tíma?

Þessi spurning er eiginlega ómöguleg, en *When They See Us* er besta mynd sem ég hef séð nýlega, stór plús að henni er leikstýrt af konu. Svo er *American Gangster* „all time fave“.

### Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég er, held ég, frekar sátt við þann hæfileika sem mér var gefinn, að syngja, en ég vil leggja inn mikla vinnu og verða betri.

### Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Mesta áhætta sem ég hef tekið var örugglega að hætta í menntaskóla. Það var samt eiginlega óvart af því að ég ætlaði mér bara að taka pásu, flutti til Kaupmannahafnar með foreldrum mínum og byrjaði svo ekki aftur. En þetta varð á endanum mjög góð ákvörðun og ég er núna á leiðinni í háskólanám án stúdentsprófs!

### Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Það fer rosalega í mig þegar orð sem geta og hafa verið notuð á niðrandi hátt eru notuð í daglegu tali. Eins og n-ordíð, orð yfir samkynhneigða og niðrandi orð yfir konur. Svo er stranglega bannað að sussa á mig, það fer alveg með mig.

### Hvað getur þú sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta fyrir þér?

Ég réttlæti of mikið fyrir mér hvað ég fer oft seint að sofa á kvöldin. Ég læt eins og það hafi ekki áhrif á mig en ég á inni marga klukkutíma af svefni.

### Hvað er á döfinni hjá þér?

Það er tónlistarnámið í Englandi og meiri lagaútgáfa!

„Mesta áhætta sem ég hef tekið var örugglega að hætta í menntaskóla“

Una Schram





# Hreinsandi

bætir andrúmsloftið

DJÚPHREINSUN - LYKTAREYÐING - SÓTTBREINSUN - TÓBAKSLYKT - BRUNALYKT



**Fundarherbergið, afgreiðslan, biðstofan.** Reglubundin hreinsun og góð umhirða eykur endingartíma húsmuna. Húsgögn halda upprunalegri áferð, verða áfram fersk og ánægjuleg í notkun. Hreint er sem nýtt. Þannig nýtist fjárfestingin best. Einfaldara getur það ekki verið.



**Hreinsandi**  
fyrir alla muni

**Hreinlega sem nýtt.** Hreinsandi ehf. sérhæfir sig í þrifum á húsgögnum. Við tökum húsgögnin til okkar, notum fullkomin tæki og efni, djúphreinsum, vinnum á slæmum blettum og á eftir fara þau í þurrklefa. Jafnframt eyðum lykt úr húsgögnun, bilum og hreinsum búslóðir eftir brunatjón.

**Húsgagnahreinsunin ehf • Eldshöfða 8 • 110 Reykjavík**

Sími: 577 5000 • [hreinsandi@hreinsandi.net](mailto:hreinsandi@hreinsandi.net) • [www.hreinsandi.net](http://www.hreinsandi.net) • [facebook.com/Hreinsandi/](https://facebook.com/Hreinsandi/)

## Lítt þekkt ættartengsl

### Fegurðar drottning og Framsóknarmaður

**B**irta Abiba var kjörin Miss Universe Iceland um síðustu helgi, en Birta varð tvítug daginn eftir að hún var krýnd við hátíðlega athöfn í Hljómahöllinni í Keflavík. Nú býður Birtu mikið verkefni þar sem hún verður fulltrúi Íslands í fegurðarsamkeppnum á erlendri grundu. Birta er atorkumikil, ung kona og á ekki langt að sækja það, því föðurafi hennar er Jóhann Karl Sigurðsson. Jóhann Karl statar af glæsilegum ferli í atvinnulífi og samtökum, en hann er fyrrverandi framkvæmdastjóri Dags á Akureyri, fyrrverandi sviðsstjóri hjá Efnamóttökunni, sat í stjórn Félags ungra Framsóknarmanna og Framsóknarfélags Akureyrar og var í stjórn handknattleiksdeildar Knattspymufélags Akureyrar.



### Penn og Valdís

**V**aldís Óskarsdóttir hefur verið ráðin til að klippa nýjustu kvikmyndina í leikstjórn Seans Penn. Um er að ræða sannsögulegt drama sem segir frá konu sem reynir að henda reiður á skuggalegu glæpalífi föður síns. Myndin ber heitið Flag Day og er byggð á bókinni Flim-Flam Man eftir Jennifer Vogel.



Tökur á myndinni hófust í júlí og má búast við frumsýningu á næsta ári. Flag Day skartar leikurunum Josh Brolin, Miles Teller, Eddie Marsan, Dale Dickey, Penn sjálfum og Katherine Winnick, sem margir þekkja úr þáttunum Bones og Vikings. Einnig fara börn leikstjórans, Dylan og Hopper Penn, með hlutverk í myndinni.

Valdís hefur komið víða við á glæstum ferli, en hún er þekktust fyrir að hafa klippt kvikmyndirnar Festen, Sveitabrúðkaup (sem hún leikstýrði einnig) og Eternal Sunshine of the Spotless Mind, en fyrir þá mynd hlaut hún BAFTA-verðlaunin árið 2005.

# Camilla sparaði 70 þúsund krónur á Krít

**S**amfélagsmiðlastjarnan og söngkonan Camilla Rut Arnardóttir fagnaði 25 ára afmæli sínu á dögunum og fór í frí með eiginmanni sínum, Rafni Hlíðkvist, og syni þeirra, Gabríel. Ferðinni var heitið til Krítar, eins og þeir sem fylgja Camillu á samfélagsmiðlum vita.


Camilla er með tæplega 27 þúsund fylgjendur á Instagram og eins og sannri samfélagsmiðlastjörnu sæmir reynir hún að gera gagn og miðla fróðleik til fylgjenda sinna. Áhrifavaldar sofna ekki á verðinum í frí og bauð Camilla fylgjendum sínum upp á frábært sparnaðarráð á Krít.

„Ef þið eruð að bóka ykkar hótél fyrir

utanlandsferðir þá mæli ég með að senda tölvupóst á hótelið og biðja um besta verð sem viðkomandi getur boðið,“ skrifar Camilla í sögu sinni á Instagram. „Hótel henda oft á mann um tíu til fimmtán prósent afslætti fyrir vikið, sérstaklega ef maður er að bóka „off season““ bætir hún við. Hljómar sem afar einfalt ráð en rúsinan í pylsuendanum er sú að Camilla og Rafn spöruðu morðfjár með þessari aðferð.

„Þetta sparar okkur til dæmis sjötíu þúsund kall í þetta skiptið.“

Camilla hefur nokkra þekkingu á ferðamannabransanum og hefur unnið á bílaleigum í gegnum tíðina. ■



## ÚTSÖLULOK!

Allt að sjötíu prósent afsláttur af sýningarvörum.

**SÍÐUSTU DAGAR, ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN LAUGARDAG KL. 16!**

HANS J. WEGNER,  
ARNE JACOBSEN,  
BORGE MOGENSSEN,  
PHILIPPE STARCK,  
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

